24



28–29



30–31



**Bændablaðið**

18. tölublað 2019 ● Fimmtudagur 26. september ● Blað nr. 547 ● 25. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



Pálmi Einarsson, bóndi í Gautavík í Berufirði, reyndi fyrir sér með ræktun á iðnaðarhampi í sumar og var vöxtur plantna góður þrátt fyrir slæma tíð. Tilgangur ræktunarinnar er að athuga hvort hægt sé að framleiða trefjaplöntur úr heimaræktuðum hampi og nota plönturnar sem hráefni í gjafavörur og leikföng sem ábúendurnir í Gautavík framleiða.

# Búnaðarstofa MAST lögð niður um áramót

## – Starfsemin ekki lengur eyrnamerkt landbúnaði sérstaklega og mun heyra beint undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

**Í lagafrumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um stjórnsýslu búvörumála, er Matvælastofnun felld út úr lagatextanum um breytingu á búnaðarlögum. Það hlutverk MAST er sett beint undir ráðherra. Sömuleiðis eru gerðar breytingar á lögum um Matvælastofnun sem fela í sér að Búnaðarstofa verður lögð niður. Breytingarnar öðlast gildi 1. janúar 2020.**

Búnaðarstofa var stofnuð árið 2015 þegar stjórnsýsluverkefni sem voru á hendi Bændasamtaka Íslands, meðal annars útdeiling beingreiðslu og styrkja frá ríki til greina landbúnaðarins, færðist til Matvælastofnunar. Þá fór undir Búnaðarstofu margvísleg starfsemi sem byggð höfðu verið upp hjá Bændasamtökum Íslands. Það varðar t.d. gagnasöfnun um búfjárhald og framleiðslu sem og talnaupplýsingar um slátrun og sölu afurða.

Í inngangi greinargerðar segir að með frumvarpinu er lögð til breyting á stjórnsýslu landbúnaðarmála þannig að stjórnsýsluverkefni við framkvæmd búvörusamninga og framleiðslustjórn verði færð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Starfsmenn Búnaðarstofu Matvælastofnunar sem eru í starfi við gildistöku laganna verða starfsmenn hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu með sömu ráðningarkjörum og áður giltu.

*Búnaðarstofa lögð niður*

Ekki er annað að sjá á frumvarpinu en til standi að leggja niður Búnaðarstofu og er það þvert á nefndarálit atvinnuveganefndar Alþingis frá því í sumar.

Nefndin bendir á að verkefni Búnaðarstofu eru skýrt afmörkuð innan Matvælastofnunar og því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að slíkt hið sama verði gert innan ráðuneytisins. Nefndin telur mikilvægt að skilvirkni sé tryggð innan stjórnsýslunnar og hún styrkt eins og kostur er og telur nefndin umræddar breytingar verða til þess. Nefndin beinir því þó til ráðuneytisins, í ljósi mikilvægi og umfangs þeirra verkefna sem Búnaðarstofa sinnir í dag við framkvæmd búvörusamninga, hagtölusöfnun og þróun tölvukerfa, að ráðuneytið afmarki með skýrum hætti verkefni Búnaðarstofu innan ráðuneytisins.




*Fyrirspurn til ráðuneytisins*

Bændablaðið sendi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu eftirfarandi fyrirspurnir vegna þessa.

*– Er rétt að starfsmenn Búnaðarstofu muni flytjast inn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 1. janúar 2020 og enginn þeirra verði settur undir skrifstofu matvæla og landbúnaðar?*

*– Er rétt að þess í stað fari starfsmenn Búnaðarstofu undir skrifstofu fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu sem vinnur fyrir öll fjögur grunnsvið ráðuneytisins, þ.e. er varðar landbúnað, sjávarútveg, ferðamál og nýsköpun og orku, iðnaðar og viðskiptamál?*

*– Er ekki í raun verið að þurrka landbúnaðinn út úr ráðuneytinu sem afgerandi einingu og leggja landbúnaðarráðuneytið endanlega niður?*

***Stefnt að flutningi starfsfólks Búnaðarstofu í desember***

Í svari ráðuneytisins er spurningum Bændablaðsins ekki svarað beint heldur segir þar:

„Samruni Búnaðarstofu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið er liður í því að styrkja stjórnsýslu landbúnaðarmála. Stefnt er að því að starfsmenn Búnaðarstofu flytji í ráðuneytið í desember til að tryggja að allar greiðslur og þjónusta við bændur gangi sem best fyrir sig eins og hingað til. Mikilvægt er að tryggja hnökralausa framkvæmd gagnvart bændum sem njóta greiðslna samkvæmt samningum.

Í samræmi við fyrrgreinda áherslu um að efla landbúnaðarhluta ráðuneytisins verður við flutning Búnaðarstofu í ráðuneytið megináhersla á að styrkja skrifstofu matvæla og landbúnaðar. Fjárhagsleg verkefni, líkt og greiðslur til bænda, munu þó falla undir skrifstofu fjárlaga og innri þjónustu. Það er því ekki rétt, líkt og fram kemur í fyrirspurn, að enginn starfsmanna Búnaðarstofu verði settir undir skrifstofu matvæla og landbúnaðar. Til að tryggja sem minnst rask á störfum Búnaðarstofu var það talið mikilvægt að starfsemin komi inn í ráðuneytið sem ein eining til að byrja með og það verði síðan sameiginlegt verkefni starfsmanna ráðuneytisins og starfsmanna Búnaðarstofu að greina verkefnin og ákveða hvar þeim verði best komið fyrir til frambúðar.“ /VH/HKr.

FRÉTTIR

### Aðalfundur Matís ohf.

# Taprekstur og hagræðing

## – Níu vilja starf forstjóra

**Hákon Stefánsson er nýr stjórnarformaður Matís ohf. Aðalfundur félagsins var haldinn þriðjudaginn 24. september, eftir að hafa tvívegis verið frestað þrátt fyrir að í samþykktum félagsins sé kveðið á um að hann sé haldinn fyrir lok júní ár hvert. Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur skipað nýja stjórn fyrir félagið sem er opinbert hlutafélag og alfarið í eigu íslenska ríkisins.**

Ný stjórn verður áfram skipuð þeim Arnari Árnasyni, Drífu Kristínu Sigurðardóttur, Helgu Sigurrós Valgeirsdóttur, Sigmundi Einari Ófeigssyni, Sigrúnu Traustadóttur og Sindra Sigurðssyni. Hákon kemur nýr inn í stjórn í stað Sjafnar Sigurgísladóttur, fráfarandi stjórnarformanns. Hákon er lögmaður og stjórnarformaður Creditinfo.

Á aðalfundinum kom fram að tæplega 37 milljóna króna tap var á rekstri félagsins á síðasta ári. Til að mæta rekstrarvandanum hefur stöðugildum verið fækkað um tíu á þessu ári, þremur hefur verið sagt upp störfum en sjö aðrir farið frá félaginu.

*Níu umsóknir um stöðu forstjóra*

Staða forstjóra félagsins var auglýst laus til umsóknar á dögunum og rann umsóknarfresturinn út síðastliðinn mánudag.

Umsækjendur eru eftirfarandi: Anna Kristín Daníelsdóttir, Berglind Ólafsdóttir, Bjarni Ó. Halldórsson, Guðmundur Stefánsson, Hrönn Ólína Jörundsdóttir, Oddur Már Gunnarsson, Richard Kristinsson, Sigrún Elsa Smáradóttir og Steinar Sigurðsson.

Starfandi forstjóri er Oddur Már Gunnarsson sem tók við stöðunni þegar Sveini Margeirssyni var sagt upp störfum í byrjun desember á síðasta ári.

Hjá Matís er unnið að fjölbreyttum verkefnum á sviði matvæla og líftækni í þágu atvinnulífsins, matvælaöryggis og lýðheilsu, þar sem áhersla er lögð á nýsköpun og verðmætaaukningu. /smh

### Örsláturverkefni Matís í Birkihlíð:

# Yfirheyrslum lokið yfir Sveini og Þresti og beðið ákvörðunar um hvort ákært verði

**Eins og fram hefur komið hér í Bændablaðinu á undanförnum vikum voru bæði Sveinn Margeirsson, fyrrverandi forstjóri Matís, og Þröstur Heiðar Erlingsson, bóndi í Birkihlíð, kærðir af Matvælastofnun í nóvember á síðasta ári vegna örslátrunarverkefnis Matís. Yfirheyrslum er lokið og er nú beðið ákvörðunar lögreglustjóra á Norðurlandi vestra hvort ákæra verði gefin út.**

Í lok september á síðasta ári stóð Matís fyrir tilraun á nýrri aðferð við heimaslátrun á lömbum (örslátrun) á bænum Birkihlíð í Skagafirði og afurðirnar voru síðan seldar á bændamarkaði á Hofsósi. Matvælastofnun kærði Svein og Þröst vegna gruns um meint brot á lögum um slátrun og sláturafurðir, að sauðfé hafi verið tekið til slátrunar á starfsstöð sem ekki hafi leyfi til slátrunar og afurðirnar settar á markað án þess að þær hafi verið heilbrigðisskoðaðar í samræmi við lög.

*Viðurlög sektir eða fangelsi*

Samkvæmt upplýsingum sem fengust hjá umdæmi lögreglunnar á Norðurlandi vestra er yfirheyrslum lokið og málið sé nú til skoðunar og yfirferðar hjá lögreglunni. Mun ákvörðun um framhald þess verða tekin eins fljótt og hægt er, en það er lögreglustjóri umdæmisins sem fer með ákæruvald í málinu. Brot gegn fyrrgreindum lögum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar.



**Lambalæri úr örslátrunarverkefni Matís í Birkihlíð.** Mynd / Matvælastofnun

Þröstur var kallaður til skýrslutöku strax og kæra Matvælastofnunar kom fram í nóvember á síðasta ári. Sveinn var hins vegar kallaður til lögreglunnar á Blönduósi til yfirheyrslu nú síðsumars. Sveinn gekkst við ábyrgð í málinu í viðtali við Bændablaðið í ágúst, en tók jafnframt fram að hann hafi farið af stað með verkefnið í þeim tilgangi að sinna hlutverki Matís; að auka verðmæti landbúnaðarafurða og bæta matvælaöryggi.

Þröstur sagði, í viðtali við blaðið í lok ágúst, að hann teldi sig ranglega liggja undir grun um að eiga einhverja sök í málinu. „Matvælastofnun lagði málið þannig upp fyrir lögregluna að ég hefði komið að því að selja kjötið á Bændamarkaðnum í Hofsósi, sem er alveg út í hött […] Þeim var fullkunnugt um að þetta var verkefni á vegum Matís, þeir kjósa að vilja ekki skilja það að Matís hafi verið með þetta verkefni,“ var haft eftir Þresti. /smh

# Skýrsla um örslátrunarverkefni Matís tilbúin til útgáfu

## – starfandi forstjóri kannast hins vegar ekki við að skýrslan sé tilbúin og segir verkefnið vera ófjármagnað

**Skýrsla sem unnin var um örslátrunarverkefni Matís í Skagafirði er nánast tilbúin til útgáfu.**

Sveinn Margeirsson lagði grunninn að skýrslugerðinni áður en honum var sagt upp störfum sem forstjóra Matís í byrjun desember á síðasta ári og var vinnu við hana að mestu lokið síðastliðið sumar. Starfandi forstjóri kannast hins vegar ekki við að skýrslan sé tilbúin.

Skýrslan fjallar um tilraunaverkefni Matís sem útfært var í Skagafirði í lok september á síðasta ári; á bænum Birkihlíð – þar sem lömbum var slátrað samkvæmt tilteknum verklagsstöðlum Matís – og á bændamarkaði á Hofsósi þar sem afurðirnar voru seldar. Tilgangurinn var að leggja fram tillögur sem gerðu ráð fyrir að bændur gætu komið sér upp aðstöðu til að slátra sjálfir og stunda bein viðskipti með sínar afurðir.

Oddur Már Gunnarsson, starfandi forstjóri Matís, segir í svari við fyrirspurn að skýrslan sé ekki tilbúin til útgáfu, verkefnið sé ófjármagnað og því liggi vinna við það niðri.

*Mikilvægi nýsköpunar sauðfjárbænda*

Í inngangi skýrslunnar er fjallað um mikilvægi nýsköpunar í landbúnaði og í sjálfri skýrslunni farið yfir kjötmat, slátrun og örslátrunarverkefnið. Þar kemur fram að með tilraunaverkefninu hafi verið unnið að því að sýna fram á mikilvægi nýsköpunar í ljósi aðstæðna sauðfjárbænda, með því að stuðla að eflingu samkeppnishæfni innlendrar matvælaframleiðslu með könnun á nýjum úrræðum fyrir frumframleiðendur.

Áður en kom að örslátruninni í Skagafirði hafði Matís haldið opinn fræðslufund um áhættumat og heimaslátrun, auk þess sem tillögur Matís um örslátrunarfyrirkomulag höfðu verið sendar ráðherra í byrjun september 2018. Í verkefni Matís var unnin svokölluð blockchain-lausn í samvinnu við Advania, sem gerði ráð fyrir fullkomnu rekjanleikakerfi afurðanna beint til bóndans.

Þá eru í skýrslunni tilgreindar niðurstöður úr örverumælingum sem gerðar voru á sláturstaðnum og niðurstöður meyrnimælinga. Skýrslan leiðir í ljós að örverumagn afurðanna var langt undir viðmiðunarmörkum auk þess sem meyrni kjötsins var metin góð, en skrokkarnir höfðu fengið að hanga í tæpa viku. Þá var mikil eftirspurn eftir afurðunum á bændamarkaðinum og verðið sem fékkst fyrir þær þar gefur tilefni til að ætla að bændur geti aukið verðmæti sinna afurða talsvert með heimaslátrun og -vinnslu og sölu beint frá býli eða á bændamarkaði. /smh

### Landbúnaðarháskóli Íslands:

# Starfsmenntanám í garðyrkju í uppnámi

**Mikil óánægja er innan garðyrkjunnar vegna fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi starfsmenntanáms í greininni. Til stendur að flytja námið af framhaldsskólastigi og færa undir háskóladeildir innan Landbúnaðarháskólans. Skapar það óvissu um m.a. meistararéttindi starfsgreinanema að námi loknu.**

Heiðar Smári Harðarson, formaður Félags skrúðgarðyrkjumeistara, segir að hann og fleiri hafi talsverðar áhyggjur af nýrri stefnu rektors Landbúnaðarháskóla Íslands þegar kemur að starfsmenntanámi í garðyrkju.

„Garðyrkjuskólinn er hluti af Landbúnaðarháskóla Íslands og það er verið að gera skipurit Landbúnaðarskólans meira pýramídalagað og taka starfsnámið og færa það undan framhaldsskólalögum undir 19. grein háskólalaga um aðfaranám fyrir háskóla. Vandamálið við þetta er að ef námið er fært undir lög um háskóla er það ekki lengur undir framhaldsskólalögum eins og allar aðrar iðngreinar og það hefur óljósar afleiðingar í för með sér fyrir skrúðgarðyrkjuna sem löggilda iðngrein og nemendur sem leggja stund á það nám,“ segir Heiðar.

*Ekkert samstarf við hagaðila*

„Eins og stefnan hefur verið kynnt fyrir mér er Landbúnaðarháskólinn að setja starfsmenntanám í skrúðgarðyrkju og öðrum garðyrkjugreinum í uppnám. Þegar ákveðið var að fara í þessar breytingar á skipuriti skólans var ekki haft samráð við fagaðila garðyrkjunnar og þeir fengu ekki að leggja neitt til málanna eða koma með ábendingar. Í raun var stefnan kynnt fyrir okkur eftir að búið var að ákveða hana eins og málið væri okkur nánast óviðkomandi og við fengum lítið sem ekkert að tjá okkur á fundinum sem ætlaður var til þessa. Opinberlega var stefnan á vinnslustigi þegar kynningin fór fram og hefur hún lítið sem ekkert breyst síðan, þrátt fyrir að við höfum sent bréf til rektors og háskólaráðs Landbúnaðarháskólans og þeirra ráðuneyta sem málið varðar og óskað sérstaklega eftir því að þessi vinna yrði lögð til hliðar þar til mögulegar afleiðingar svona stefnubreytingar hefðu verið skoðaðar ofan í kjölinn. Lítið hefur verið um greinargóð svör,“ segir Heiðar. „Nám í skrúðgarðyrkju, sem er löggild iðngrein, er eins uppbyggt og aðrar iðngreinar þar sem nemendur halda dagbók utan um sitt 60 vikna verknám úti í atvinnulífinu og ljúka námi með sveinsprófi. Í reglugerð um sveinspróf er gert ráð fyrir að nemendur hafi lokið burtfararprófi frá iðnmenntaskóla á framhaldsskólastigi. Hvaða áhrif koma svona breytingar til með að hafa fyrir þá nemendur sem óska eftir að þreyta sveinspróf í skrúðgarðyrkju? Hvaða áhrif hafa þessar breytingar á fagið, stéttina eða mögulega aðrar iðngreinar í kjölfarið?“

*Engin greining á afleiðingunum fór fram*

„Flestir sem ég hef talað við um þetta mál eru sammála um að þetta sé óheillaþróun þar sem ekki virðist hafa farið fram nein greining á mögulegum afleiðingum stefnubreytingarinnar og ekkert samráð haft við starfsgreinaráð námsbrauta eða atvinnulífið. Hagaðilar hafa komið saman á nokkrum fundum í sumar og rætt þessi mál og er þungt hljóð í mönnum. Þetta mál snertir ekki aðeins skrúðgarðyrkjunámið, það eru sjö brautir á framhaldsskólastigi innan Landbúnaðarháskólans. Margir þessara hagaðila fengu ekki fundarboð á kynningarfundinn og maður setur stórt spurningarmerki við svona vinnubrögð. Það er eins og það eigi bara að keyra þetta mál í gegn,“ segir Heiðar. „Við erum að skoða þetta mál betur í samstarfi við Samtök iðnaðarins og munum tjá okkur frekar á næstunni.“ /VH



# TILBOÐSDAGAR

26.september - 11.október

20% afsláttur




All min blanda

10% afsláttur




Sauðfjárblanda 35 kg




20% afsláttur

Hunda og kattafóður

*Misha - Pro Omega - Kappi - Sámur*

NÝ VARA




PUPPY 8.KG

Fóðurhringir fyrir sauðfé og nautgripi




6.990 kr.
2 hringir

Frítt fat fylgir ef keyptir eru 2 hringir*





20% afsláttur

Sag 18 kg



Kuldagallar




20% afsláttur

## Bláa línan

**- Bætiefnalína fyrir nautgripi -**

15% afsláttur




- Júgursmyrsl
- Fresh Calver, bætiefni
- Súrdoðavörn
- Colostrum Gold, 100% broddur
- Roto Corona bætiefni
- Nutri Scour f.kálfa



15% afsláttur

Fóðurlýsi

Staldren



20% afsláttur

10 og 25 kg




Steinar & stampar
20%
afsláttur

SCANGRIP ljós í miklu úrvali



20% afsláttur

**Aðrar vörur á tilboði:**

- Sagkögglar 16 kg - 20% afsláttur
- Saltsteinahaldarar 2 og 10 kg - 20% afsl.
- Kálfamúslí 25 kg - 20% afsláttur

**Öll tilboð gilda einnig í netverslun**

Fóðurblandan - 5709800 - www.fodur.is

**Verslanir Fóðurblöndunnar**
Selfoss - Austurvegur 64a - S: 5709840
Hella - Suðurlandsvegur 4 - S: 5709870
Hvolsvöllur - Ormsvöllur - S: 5709850

**Gæði í hverri gjöf**

## Breski auðmaðurinn Sir Jim Ratcliffe og Veiðifélagið Strengur ehf.:

# Kynna rannsóknir á lífríki og auðgun Selár

**Veiðifélagið Strengur ehf. stefnir að því að auðga lífmassa Selár í Vopnafirði með gróðursetningu trjágróðurs meðfram ánni og hrognagreftri. Auk þess fjármagnar félagið samstarfsverkefni milli Hafrannsóknastofnunar og Imperial Colleges í London þar sem lagt verður fé í að rannsaka lífríki áa á Norðausturlandi.**

Á kynningarfundi sem Veiðifélagið Strengur stóð fyrir í veiðihúsi félagsins við Selá í Vopnafirði kom fram að til stendur að auka rannsóknir á lífríki árinnar á næstu árum. Á fundinum voru meðal annarra Gísli Ásgeirsson, framkvæmdastjóri veiðifélagsins Strengs, dr. Peter S. Williams, tæknistjóri INEOS Group, Else Möller, skógfræðingur Vopnafjarðarhrepps, Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri deildar ferskvatnsfiska hjá Hafrannsóknastofnun, og Þór Steinarsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps.

Breski auðmaðurinn Sir Jim Ratcliffe hefur á undanförnum árum keypt fjölda jarða á Norðausturlandi og í Vopnafirði í gegnum Veiðifélagið Streng ehf. Tilgangur kaupanna, að sögn Ratcliffe, er að eignast laxveiðiréttindi áa sem fylgja jörðunum og verndun villtra laxastofna í þeim.

Á fundinum kom fram að Ratcliffe er mikill áhugamaður um verndun Norður-Atlantshafslaxins og að hann vilji leggja sitt fram til verndunar hans. Verndaráætlun áa á Norðausturlandi byggir á áratugalangri sögu verndarstarfs og þeim áherslum sem Strengur hefur unnið eftir. Samkvæmt því sem kom fram er stofni Norður-Atlantshafslaxins ógnað og hefur tegundinni hnignað hvarvetna á norðurhveli undanfarna áratugi. Í verndaráætluninni er áhersla lögð á varðveislu lands og vistkerfis áa á Norðausturlandi og að viðhalda uppeldisstöðvum Norður-Atlantshafslaxins á svæðinu.



Richard Longden, samskiptastjóri INEOS Group, Bill Reid, viðskiptastjóri INEOS Group, Michael Murphy, varaforseti Imperial College London, Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri deildar ferskvatnsfiska hjá Hafrannsóknastofnun, dr. Rasmus Lauridsen, yfirmaður fiskveiðirannsókna hjá náttúruverndarsamtökunum Game & Wildlife Conservation Trust, Else Möller, skógfræðingur og verkefnastjóri á skógræktarsviði Vopnafjarðarhrepps, Gísli Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Veiðiklúbbsins Strengs, dr. Peter Williams tæknistjóri INEOS Group, og Olivia Morris, doktorsnemi við Imperial College London. Mynd / VH



Else Möller skógfræðingur að setja niður plöntur. Mynd / Úr einkasafni



Laxastiginn í efri hluta Selár fellur vel að landslaginu og opnar laxinum leið að nýjum hrygningarslóðum ofar í ánni. Mynd / VH

### *Samstarf Hafró og Imperial College*

Peter S. Williams, tæknistjóri INEOS Group, fór yfir hvernig samstarfi Imperial College London og Hafrannsóknastofnunar er háttað og greindi frá markmiðum rannsóknanna og hvernig þeim verður háttað. Að rannsóknunum koma tveir doktorsnemar, annar með aðsetur á Íslandi og hinn hjá Imperial College London. Heildarfjárfesting rannsóknaráætlunarinnar er um 85 milljónir króna á næstu þrem til fjórum árum.

### *Segulmögnunarhlið*

Samstarfsverkefni milli Hafrannsóknastofnunar og Imperial Colleges felst meðal annars í að merkja seiði í ánni og í útgöngu og setja upp segulmögnunarhlið sem fylgist með gangi laxins í ánni, við útgöngu hans og þegar hann snýr aftur í ánar. Fyrstu hliðin verða sett niður 1. október næstkomandi og þegar er búið að merkja einhverjar þúsundir seiða.

Annað verkefni sem Strengur ehf. hefur staðið fyrir í nokkur ár í samstarfi við Hafrannsóknastofnun er hrognagröftur í ám á Norðausturlandi og mun það verkefni halda áfram.

### *Hrognagröftur*

Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun, lýsti því á fundinum hvernig efla megi ár með hrognagrefti og hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar áður en kemur að hrognagrefti.

### *Tilgangurinn að auðga lífríkið*

Á fundinum kom fram að Else Möller, skógfræðingur hjá Vopnafjarðarhreppi, hefur verið ráðin í verkefni hjá Streng ehf. til að kanna kosti þess að græða land og planta trjám meðfram Selá og hliðarám sem að henni renna.

„Tilgangur verkefnisins er að athuga hvort hægt sé að auðga lífríkið í ánni með því að auka gróðurfarið við bakka hennar og nokkurra hliðaráa. Verkefnið felst ekki í að græða upp samfelldan skóg því hugmyndin er að rækta upp þyrpingar af gróðri í mismunandi stærðum og eitthvað af runnum á bökkum ánna. Með þessu er ætlunin að styrkja og athuga hvort aukinn gróður og skordýralíf efli fæðuframboð og lífríki Selár.“



Gísli Ásgeirsson, framkvæmdastjóri veiðifélagsins Strengs ehf. Mynd / VH

Else segir að um langtímaverkefni sé að ræða. „Verkefnið er enn í mótun. Í sumar var plantað út 800 plöntum, birki, lerki, gul- og loðvíði á tíu mismunandi stöðum hvað varðar hæð frá sjávarmáli meðfram efri hluta Selár og hliðarám hennar. Tilgangur útplöntunarinnar í sumar er meðal annars að sjá hversu hátt yfir sjávarmáli lerki getur vaxið og hversu vel birki dafnar á svæðinu.“

### *Ekki verið gert áður*

Gísli Ásgeirsson hjá Veiðiklúbbnum Streng ehf. segir að útplöntunin sé ekki skógræktarverkefni í hefðbundnum skilningi heldur felist það í að planta út trjáplöntum meðfram Selá og hliðarám hennar og efla lífmassa og frjóvga ána með laufi og skordýrum.

Veiðiklúbburinn Strengur ehf. fjármagnar verkefnið sem er enn á byrjunarstigi og segir Gísli að um sé að ræða einhverjar milljónir króna sem lagðar verði í það á hverju ári næstu árin.

„Verkefni af þessu tagi hefur ekki verið prófað hér á landi áður þannig að við rennum blint í sjóinn með það og því fer fjármögnunin eftir framvindu þess.“ /VH

## Þingsályktunartillaga um ráðstöfun og nýtingu auðlinda á landi:

# Eignarhald landsmanna á jörðum verði tryggt

## – jarðakaup verði leyfisskyld til að tryggja landnýtingu jarða

**Í þingsályktunartillögu þingmanna Framsóknarflokksins, sem hefur verið lögð fyrir yfirstandandi löggjafarþing, er gert ráð fyrir að lögfestar verði reglur um að skilgreind tengsl við Ísland séu forsenda fyrir eignarhaldi á jörðum hér á landi og að takmarkanir verði á fjölda jarðeigna í eigu sama aðila.**

Í tillögunni kemur fram að ríkisstjórninni verði falið að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun til styrkingar á lagaumgjörð og reglum um ráðstöfun og nýtingu auðlinda á landi, ásamt aðgerðum til að styrkja grundvöll til eftirfylgni slíkra reglna. Aðgerðaáætlunin hafi það að markmiði að tryggja eignarhald landsmanna á jörðum á Íslandi, ásamt því að skapa frekari tækifæri til heilsársbúsetu í dreifbýli og fjölbreyttrar sjálfbærrar landnýtingar og matvælaframleiðslu í landinu.



Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga frá þingmönnum Framsóknarflokksins um eignarhald á jörðum.

### *Leyfisskyld jarðarkaup*

Í aðgerðaráætluninni verði einnig gert ráð fyrir að jarðarkaup verði leyfisskyld með það að markmiði að tryggja byggð í dreifbýli og halda jörðum í landnýtingu. Varðandi útfærslur á slíkum reglum yrði litið meðal annars til norskrar og danskrar fyrirmyndar, þannig að hægt verði að vinna hlutlæg viðmið sem fylgt verði við ákvarðanatöku um leyfisveitingu.

Þá er meðal annars gert ráð fyrir að í aðgerðaráætluninni sé hraðað gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands og mótaðar verði leiðir til að skilgreina búsetuskilyrði í dreifbýli í skipulagi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um framgang áætlunarinnar fyrir 1. febrúar 2021, en flutningsmenn tillögunnar eru þau Líneik Anna Sævarsdóttir, Halla Signý Kristjánsdóttir, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Willum Þór Þórsson og Þórarinn Ingi Pétursson.

/smh






FRUMSÝNDUR LAUGARDAGINN 05.10.
REYKJAVÍK OG AKUREYRI

## NÝR FORD RANGER

Nýr Ford Ranger, mest seldi pallbíll í Evrópu, er sérstaklega vel byggður í alls konar verkefni hvort sem er í vinnu eða áhugamálin, og er með enn meiri tækni en nokkru sinni fyrr. Þú upplifir öryggi í hvaða akstursaðstæðum og umhverfi sem er.

### Ranger Wildtrak Double Cab 4x4 sjálfskiptur

Verð frá 7.690.000 kr.

Nýr Ford Ranger fæst í þremur búnaðarútfærslum sem eru Raptor og Wildtrak með 213 hestafla sparneytinni dísilvél sem togar 500 Nm og nýrri háþróaðri 10 gíra sjálfskiptingu og XL útfærslu með 170 hestafla sparneytinni dísilvél sem togar 420 Nm og 6 gíra beinskiptingu.
Ranger Raptor Double Cab 4x4 sjálfskiptur, verð frá 9.990.000 (sérpöntun)
Ranger XL Double Cab 4x4 beinskiptur, verð frá 6.490.000 (sérpöntun)

***Ford tekur þig lengra***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Ranger***

### Ríkulegur staðalbúnaður Ranger Wildtrak Double Cab 4x4 sjálfskiptur

- Dráttargeta 3.500 kg
- Veghæð 23,2 cm
- Árekstrarvari að framan, nemur einnig gangandi og hjólandi vegfarendur
- Veglínuskynjari
- Umferðaskiltalesari
- Nálægðarskynjarar að framan og aftan
- Bakkmyndavél
- FordPass samskiptakerfi með netttengingu
- Upphitanleg fram- og afturrúða
- SYNC3 raddstýrt samskiptakerfi með neyðarhringingu í 112
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Driflæsing á afturdrifi
- Lyklalaust aðgengi og starthnappur
- Hlífðarplötur fyrir vél og eldsneytistank
- Xenon aðalljós með LED lýsingu
- ESC stöðugleikastýrikerfi
- Regnskynjari í framrúðu
- Eyðsla frá 9,3 l/100

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

**Bændablaðið**

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 − **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** − **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

# Tær snilld

**Fyrirhuguð hlutdeildarlán ríkisins til íbúðarkaupa er trúlega það gáfulegasta sem gerst hefur á íslenskum lánamarkaði vegna húsnæðiskaupa frá stofnun íslenska lýðveldisins.**

Ef rétt er skilið þá eiga þessi lán að gagnast þeim sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð og eins þeim sem lentu í erfiðleikum í hruninu. Fólk sem missti sínar íbúðir og hefur síðan ekki haft bolmagn vegna okurkjara á leigumarkaði að safna sér fyrir útborgun í íbúð. Snilldin felst í því að ríkið kaupir ákveðinn hlut í íbúð með væntanlegum kaupanda og á þennan hlut um ákveðinn tíma eða þar til íbúðin verður seld aftur. Ekki er þörf á að greiða inn á þann hlut nema íbúðarkaupandi hafi bolmagn til þess. Sé hluturinn t.d. 20% af upphaflegu kaupverði þá á ríkið það hlutfall þar til íbúðin er seld eða kaupandi kaupir hlutinn af ríkinu. Ríkið tapar engu, en nýtur væntanlega hagnaðar af hækkun íbúðaverðs til jafns við íbúðarkaupandann.

Eflaust verður sett skynsamlegt þak á upphæð þessara hlutdeildarlána. Eigi að síður er mikilvægt við innleiðingu þessa kerfis að settar séu geirnegldar skorður við því að þetta verði ekki að féþúfu fyrir braskara á fasteignamarkaði.

Það er tími til kominn að stjórnvöld líti til þess sem vel er gert á þessu sviði í öðrum löndum. Það þarf nefnilega ekki alltaf að finna upp nýtt hjól í hvert sinn sem leysa þarf brýn verkefni og því sjálfsagt að nýta sér reynslu annarra.

Nú horfa stjórnvöld í samstarfi við verkalýðshreyfinguna m.a. til reynslu Breta af hlutdeildarlánum. Það er vel að menn horfi þá líka til þess sem miður hefur farið við framkvæmd innleiðingar hlutdeildarlána.

Í Bretlandi hafa stjórnvöld litið á þetta kerfi sem hreyfiafl til að hvetja til nýbygginga vegna skorts á íbúðamarkaði. Það svínvirkaði þar um slóðir, en hér á landi er afar mikilvægt að kerfið komist sem fyrst til framkvæmda. Vandi fólks á leigumarkaði er gríðarlegur og margir hafa neyðst til að flýja land vegna okurs á þeim markaði. Margir fleiri eru að þrotum komnir. Því dugar ekki að einblína í upphafi á nýbyggingar. Þá eru menn ekki að horfa á neina lausn fyrir það fólk sem nú er í vanda fyrr en eftir tvö ár eða svo. Fyrir marga verður það of seint. Kerfið verður því í upphafi að gefa möguleika til kaupa á eldra húsnæði, en auðvitað er nauðsynlegt að setja þar ákveðnar skorður til að koma í veg fyrir misnotkun kerfisins.

Það er líka afar mikilvægt að samið sé við sveitarfélög að lóðir undir nýbyggingar sem fara inn í þetta kerfi séu afhentar á raunhæfu lágmarks kostnaðarverði. Reykjavíkurborg reið á vaðið á sínum tíma og innleiddi uppboðsleið við lóðaúthlutun sem sprengdi upp markaðinn. Það leiddi síðan til stórhækkaðs íbúðaverðs sem er stór hluti af þeim vanda sem nú er verið að berjast við. Sveitarstjórnarmenn verða líka að sjá ljósið í því að lóðir á raunhæfu kostnaðarverði eru að búa til skjól fyrir útsvarsgreiðendur til framtíðar. Ætli ekki sé til einhvers vinnandi að fá slíka tekjustofna til sín frekar en að fá þá ekki vegna okurs á lóðaverði?

Einn hlutur er líka afar mikilvægur við innleiðingu hlutdeildarlána til íbúðarkaupa. Það er að tryggja að slík lán verði ekki forréttindi íbúa höfuðborgarsvæðisins. Víða á landsbyggðinni hefur verið að myndast skortur á íbúðarhúsnæði vegna þess að lánastofnanir hafa verið tregar til að lána þangað fé. Að þessu verða þeir að huga sem nú vinna að samsetningu á því lánakerfi sem ætti að geta orðið til mikillar blessunar ef rétt er á málum haldið. */HKr.*

# Við erum öll í sama liðinu hvort sem okkur líkar betur eða verr

**Guðrún S. Tryggvadóttir**
formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is



**Þrátt fyrir vitundarvakningu um umhverfis- og loftslagsmál og vandamálin sem mannkyn stendur frammi fyrir vegna vaxandi losunar gróðurhúsalofttegunda heldur útblástur þeirra áfram að aukast. Þetta kemur fram í nýútkominni skýrslu Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO).**

Aukningin hefur verið meiri síðastliðin fimm ár en sama árafjölda þar á undan. Þrátt fyrir að við vitum betur virðist erfitt að ná utan um viðfangsefnið. Hérlendis er þetta sambærilegt, loftslagsmálin eru mikið í umræðunni þar sem rætt er um mikilvægi þess að grípa til aðgerða á meðan að útblástur eykst.

### *Vandinn stækkar*

Í losunarbókhaldi gróðurhúsalofttegunda frá hagkerfi Íslands, sem mæld eru í hitunargildum (CO2 -ígilda) eftir atvinnugreinum á árabilinu 1996 til 2018, eru birtar losunartölur meðal annars frá matvælaiðnaði, heimilum og flutningum í lofti og láði. Athyglisvert er að sjá samanburðinn og hvar losun eykst og hvar hún dregst saman.

Það er alveg ljóst að ef mannkynið tekst ekki á við þessar breytingar þá verður vandinn stærri og stærri. Það verður ekki á færi eins lands, einnar ríkisstjórnar, einstakrar atvinnugreinar, eins heimilis eða einstaklings að breyta um stefnu. Kannski er það mikilvægasta að viðurkenna að við þurfum öll að takast á við þessa áskorun hvert í okkar atvinnugrein, á okkar heimili í okkar lífi. Lönd og ríkisstjórnir verða að vinna saman að sameiginlegu markmiði. Við megum ekki við því að reyna að finna aðra sökudólga til að geta firrt sjálf okkur ábyrgð. Fjöldamargar ráðstefnur hafa verið haldnar, yfirlýsingar hafa verið birtar og áætlanir um minnkun losunar gefnar út. En við þurfum aðgerðir. Aðgerðir í öllum krókum og kimum samfélagsins þar sem hver og einn maður, hver og ein atvinnugrein og hvert og eitt heimili leggur sitt af mörkum. Við getum ekki beðið lengur.

### *Bændur geta minnkað losun*

Í íslenskum landbúnaði eru tækifæri til að minnka losun og bæta nýtingu líkt og í öðrum greinum. Þar þarf sameiginlegt átak bænda, ríkisstjórnar, fyrirtækja og stofnana sem og fræðasamfélagsins til að ná alvöru árangri. Nú þegar eru verkefni í vinnslu sem stuðla að því að minnka metanmyndun í meltingarvegi dýra en það er einn þáttur sem veldur losun. Bætt nýting búfjáráburðar og hagkvæmari áburðarnýting er ein leið sem minnkar loftslagsáhrif landbúnaðar líkt og bætt nýting lífmassa. Margt er hægt að telja til og víða liggja tækifæri til að gera betur. Tækifæri verða þó ekki að neinu nema þau séu nýtt.

### *Eftir hverju erum við að bíða?*

Mikið af þekkingunni er til, verkþekking er að talsverðu leyti til en hvað er það þá sem hamlar? Við vitum öll að breytingar eru á næsta leiti. Hvort sem við tökum frumkvæði og tökumst sameiginlega á við vandann eða neitum að horfast í augu hann þá líður tíminn og við losum meira sem heild. Loftslagsváin er svolítið eins og tíminn, staldrar ekki við og bíður meðan við erum að hugsa. Hún nálgast meir og meir hvort sem við erum tilbúin eða ekki.

Spurningin er: „Hvað erum við að gera og hvað ætlum við að gera?“ Þegar við höfum ákveðið það getum við sett upp plan um það hvernig við ætlum okkur að takast á við framtíðina. Við þurfum þekkingu, rannsóknir og þverfaglega sýn til framtíðar. Við vitum að það verður erfitt að forgangsraða en við verðum að taka sameiginlega ábyrgð með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Skilgreinum saman hvað við viljum gera og finnum leiðina þangað. Við sköpum samfélögin sem við viljum búa í með nútíðina og framtíðina í huga en lærum af fortíðinni. Togstreita milli atvinnugreina, samfélags og stjórnmála skilar okkur engu til frambúðar. Það er sama hvernig á það er litið – við erum öll í sama liðinu hvort sem okkur líkar betur eða verr.

### *Matvælastefna er nauðsyn*

Í þessu samhengi er veruleg þörf á því að við Íslendingar náum samkomulagi um það hvernig landbúnað við viljum sjá á Íslandi og hvernig við ætlum að haga honum. Viljum við vera sjálfum okkur nóg um framleiðslu matvæla og hvaða skilyrði eigum við að búa matvælaframleiðslu svo hún verði íbúum þessa lands til heilla? Landbúnaðurinn er mikilvægur hluti innlendrar matvælaframleiðslu og verður það áfram. Hins vegar eru margir áhrifaþættir sem geta skorið úr um hvernig atvinnugreinin þróast á komandi árum. Meðal þeirra er sá stuðningur sem bændur fá til þess að framleiða matvæli og tollaumhverfi sem atvinnugreinin býr við. Við sem búum á Íslandi njótum í raun forréttinda þegar við horfum á okkar matvælaauðlindir. Við verðum hins vegar að marka okkur stefnu hvert við viljum fara og hvernig við ætlum að nýta þær. Það skiptir ekki svo miklu máli hvaða leið við veljum ef við vitum ekki hvert förinni er heitið.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Flateyri við Önundarfjörð er heimabær Lýðháskólans sem vakið hefur mikla athygli. Með skólanum hefur Flateyri öðlast nýjan sess meðal sjávarþorpanna á Vestfjörðum og hefur hann jafnframt skapað líf í plássinu og aukið eftirspurn eftir húsnæði á staðnum. Snjóflóðavarnagarðarnir ofan við þorpið, sem gerðir voru í kjölfar snjóflóðanna í október 1995, var mjög umdeild framkvæmd. Þeir urðu hins vegar að veruleika og veita íbúum nú mikið öryggi. Þá eru varnargarðarnir orðnir gróðri vaxnir og þar er nú vinsælt útivistar- og útsýnissvæði.** Mynd / HKr.

LÍF & STARF




Heimildarmyndin Kanarí eftir þær Magneu B. Valdimarsdóttur og Mörtu Sigríði Pétursdóttur var myndin sem áhorfendum þótti fyndnust og skemmtilegust. Myndin fjallar um þá einstöku íslensku menningu sem hefur tekið sér bólfestu á Kanarí. Þar sem aðstandendur sigurmyndar hátíðarinnar Kanarí voru ekki viðstaddir, tóku allir gestir hátíðarinnar, sem hafa farið til Kanarí, við verðlaununum. Myndir / Arjan Wilmsen og Tom Reinders

# Heimildamyndin Kanarí sló í gegn á gamanmyndahátíð á Flateyri

**Iceland Comedy Film Festival fór fram á Flateyri um helgina að viðstöddu miklu fjölmenni, en hátíðin hefur tæplega tífaldað gestafjölda sinn á sínum fyrstu fjórum árum. Er þetta í í fjórða sinn sem hátíðin var haldin og hefur dagskrá aldrei verið eins vegleg.**

Meðal helstu viðburða hátíðarinnar í ár má nefna Tónleika-bíósýningu Tónlistarskóla Ísafjarðar, þar sem nemendur léku undir Buster Keaton-myndinni The Boat undir troðfullu húsi. Þá var Edda Björgvinsdóttir heiðruð fyrir framlag sitt til gamanmyndagerðar á Íslandi á undan sérstakri hátíðarsýningu á Stellu í orlofi ásamt því sem Arctic Fish bauð upp á Laxaveislu í anda Stellu Löve.

Þann 25. september verða 10 ár frá því að Algjör Sveppi og leitin að Villa var frumsýnd og var því fagnað með barnasýningu að viðstöddum Sveppa.




Edda Björgvins með heiðursverðlaunin ásamt Ársæli Níelssyni og Eyþóri Jóvinssyni, skipuleggjendum hátíðarinnar.

### *Vinnusmiðjur leiklistarskóla Borgarleikhússins*

Haldnar voru tvær vinnusmiðjur í tengslum við hátíð ársins, leiklistarskóli Borgarleikhússins var með námskeið í persónusköpun fyrir börn og þá var í fyrsta sinn haldin 48 stunda gamanmyndakeppni, þar sem þrjú lið voru skráð til leiks og unnu gamanmynd á 48 klukkustundum undir handleiðslu Arnórs Pálma, þar sem þema ársins var Fiskur. Myndin Ballarhaf eftir þá Margeir Haraldsson, Andra Fannar Sóleyjarson og Rúnar Inga Guðmundsson var kosin fyndnasta mynd 48 stunda keppninnar af áhorfendum.



Nemendur Tónlistarskóla leika undir Buster Keaton-myndina The boat.



Sigurður Hafberg (t.v.) sem lék eitt aðalhlutverkið í sigurmynd 48 stunda keppninnar ásamt aðstandanda myndarinnar.



Gamall bræðslutankur þjónar hlutverki kvikmyndahúss á gamanmyndahátíðinni.



Nokkrir nemendur leiklistarskóla Borgarleikhússins á Flateyri.

### *Heimildamyndin Kanarí var fyndnasta mynd hátíðarinnar*

Einnig var kosið um fyndnustu mynd hátíðarinnar og var það heimildamyndin Kanarí eftir þær Magneu B. Valdimarsdóttur og Mörtu Sigríði Pétursdóttur sem áhorfendum þótti fyndnust og skemmtilegust. Myndin fjallar um þá einstöku íslensku menningu sem hefur tekið sér bólfestu á Kanarí.

Fyndnasta erlenda stuttmyndin, að mati áhorfenda, var Robbish Robbers eftir Anders Teig, myndin fjallar um nokkra bankaræningja og eina flugu.

Fyndnasta erlenda gamanmyndin í fullri lengd var Sawah eftir leikstjórann Adolf El Assal, þar sem íslenska leikkonan Elísabet Jóhannesdóttir fer með eitt aðalhlutverkið. Myndin fjallar um Skaarab, plötusnúð frá Egyptalandi, sem er boðið að spila í Brussel. Á leiðinni glatar hann vegabréfinu sínu sem verður til þess að hann er álitinn flóttamaður og þarf að beita öllum ráðum til að komast á leiðarenda.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 234

Nokkuð „fjárbragð" var yfir síðasta vísnaþætti, og verður svo einnig með þennan þátt. Af berri heimsku og þekkingarleysi þar á ofan, tókst mér að klúðra upplýsingum um höfund lokavísu síðasta þáttar. Þar var að sönnu höfundurinn **Páll Guðmundsson frá Holti**. En bærinn Holt er einnig til á Ásum, og þar var einmitt Páll Guðmundsson, höfundur vísunnar, búandi. Þökk sé þér, **Guðmundur Arason**, fyrir að leiðrétta mig. Guðmundur Arason er nefnilega bróðursonur Páls Guðmundssonar. En aftur að kveðskap tengdum sauðfjárhaldi og heiðaferðum. Enn er sögusviðið í Austur-Húnavatnssýslu. **Jónas Tryggvason** frá Finnstungu orti til heiðarinnar. Jónas var búinn ríkum hæfileikum þrátt fyrir að sjón hans tæki að daprast um tvítugt, og endaði fullorðinn maður nánast alblindur:

*Þú hefur bak við bölva gnótt*
*búið í draumum mínum,*
*þó hef ég aðeins eina nótt*
*átt í faðmi þínum.*

*Oft þó dável út við strönd*
*yndi ég gráum leiðum,*
*átti þráin öll sín lönd*
*inni á bláum heiðum.*

**Höskuldur Einarsson** frá Vatnshorni eyddi sínum efstu árum á Mosfelli í Svínadal hjá syni sínum **Einari** og konu hans **Bryndísi Júlíusdóttur**. Höskuldur orti margar snotrar heiðarvísur:

*Landið mitt er lítið breytt*
*líti ég upp til fjalla.*
*Ég kannast við það kalt og heitt,*
*kosti þess og galla.*

**Höskuldur** og **Sigurður Jónsson** frá Brún í Svartárdal voru góðvinir og áttu góðan félagsskap við öræfaleiðir. Til Sigurðar orti Höskuldur:

*Ef að frysi uppi á heiðum*
*allt þitt ljóðaspaug*
*án yfirsöngs og moksturs vígðra presta,*
*menn kynnu að sjá í kvöldrökkrinu*
*kjálkalangan draug*
*sem kvæði vísur bæði um menn og hesta.*

Þessi vísa **Ásgríms Kristinssonar** er hér á þessum blöðum flokkuð með gangnavísum úr Austur-Húnavatnssýslu:

*Sá ég eina kind í kveld*
*sem kviðar metur þingin.*
*Hún 'hefur opið, að ég held*
*allan sólarhringinn.*

En víkjum nú ögn tali. **Þórarinn Þorleifsson** bjó ásamt konu sinni **Helgu Kristjánsdóttur** á smábýlinu Vegamótum við Blönduós. Þórarinn starfaði lengst af sinni ævi sem verkamaður Kaupfélags Austur-Húnvetninga á Blönduósi. Þórarinn var ágætur hagyrðingur og hafa varðveist margar af vísum hans. Þau hjón bjuggu með fáeinar kýr og kindur. Þórarinn, eða **„Þóri"** eins og hann var kallaður, þurfti því að sinna gangnaskilum. Um gæðing sinn orti Þóri:

*Undra grátt mér gaman bjó*
*gripur fátt sem kunni,*
*urðum sáttir aftur þó*
*úti í náttúrunni.*

**Þóri** var í réttum ásamt **Jóni í Gröf**. Kalsaveður var á og til að sækja sér yl fengu þeir sér heitt kaffi bragðbætt:

*Ekki má af hólmi hopa,*
*hér skal kaffi drukkið frekt.*
*Setjum í það söngvatnsdropa*
*svo það verði mátulegt.*

En fleira getur þó fært yl en blessað brennivínið. **Þórarinn** (Þóri) yrkir:

*Ég er orðinn fær í flest,*
*fékk á sárum bætur.*
*Ævinlega orna best*
*ungar heimasætur.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

FRÉTTIR

## Mjólkurvinnslan Arna í Bolungarvík í fimmta sæti á topplista MMR yfir þau fyrirtæki sem Íslendingar mæla helst með:

# Um 40% Íslendinga segjast nota vörur Örnu að staðaldri

### – Erum afar þakklát, segir framkvæmdastjórinn en fyrirtækið hefur vaxið um 30–40% á ári

**Mjólkurvinnslan Arna í Bolungarvík fær afbragðsgóða dóma meðal Íslendinga í sinni fyrstu mælingu á topplista fyrirtækja hjá MMR. Lendir Arna þar í fimmta sæti og segjast 40% Íslendinga nú nota vörur frá Örnu að staðaldri.**




Annað árið í röð trónir Fjarðarkaup á toppi lista MMR yfir þau fyrirtæki sem Íslendingar mæla helst með. Í meðmælavísitölu MMR eru 135 þjónustu- og framleiðslufyrirtæki. Staða mjólkurvinnslunnar Örnu vekur þó athygli en þetta er í fyrsta sinn sem fyrirtækið er mælt í könnun MMR. Skýst fyrirsætið beint í fimmta sæti listans. Það sem meira er þá segjast 40% Íslendinga nú nota vörur frá Örnu að staðaldri.

Hálfdán Óskarsson, samlagsstjóri og einn af eigendum mjólkurvinnslunnar Örnu, segist afar þakklátur fyrir þessa upphefð.

„Neytendur hafa líka staðið mjög vel með okkur.“

### *Hefur vaxið um 30–40% á ári*

Arna hefur sérhæft sig í framleiðslu á laktósafríum mjólkurvörum, en fyrirtækið hóf framleiðslu í Bolungarvík í september 2013.

„Það hefur verið mjög hraður vöxtur í framleiðslunni hjá okkur, eða um 30–40% á ári. Það getur tekið í að halda í við slíkan vaxtarhraða. Við höfum samt náð að leysa öll vandamál sem eru því samfara og fyrirtækið hefur skilað hagnaði síðustu þrjú árin,“ segir Hálfdán.

### *Með 28 starfsmenn og nægt húsnæði til stækkunar*

*– Hvað eruð þið með margt starfsfólk í dag?*

„Núna erum við 28 sem störfum hjá fyrirtækinu og flest í Bolungarvík. Markaðsstjórinn, Arna, dóttir mín, er með aðsetur fyrir sunnan og svo erum við þar líka með sölumann.“

Framleiðsla Örnu er í húsnæði sem áður hýsti rækjuverksmiðju og þar áður frystihús Einars Guðfinnssonar. Hálfdán segir frábært að hafa getað byrjað í húsnæði sem var tómt og gaf mikla möguleika á að útvíkka starfsemina. Nú er búið að leggja undir starfsemina í Bolungarvík um 3.500 fermetra af um 5.000 sem mögulegt er að nýta undir sama þaki. Auk þess var gamla mjólkurstöðin á Ísafirði keypt og þar eru nú framleiddir laktósafríir ostar.



„Við byrjuðum á ostaframleiðslunni í vor og hún hefur gengið fínt. Nú erum við að framleiða sex tegundir, mozarella, kryddosta, rifosta og slíkt. Þá hefur gengið afskaplega vel sala á haustjógúrtinni okkar. Við fengum sjö tonn af aðalbláberjum sem voru komin í hús um miðjan ágúst. Við notuð þau í haustjógúrtina og framleiðum hana fram í miðjan nóvember. Þessi jógúrt hefur fengið gríðarlega góðar viðtökur. Við hugsum þetta bara sem árstíðabundna vöru og aðalbláberin okkar eru afskaplega bragðgóð og mun bragðmeiri en innflutt ber,“ segir Hálfdán.

### *Nýta nú mun meiri mjólk en bændur framleiða á Vestfjörðum*

Stefnan var strax tekin á að reyna að framleiða úr allri mjólk sem framleidd væri á svæðinu. Á norðanverðum Vestfjörðum eru nú framleidd um 1,5 milljónir lítra af mjólk á ári og um 1 milljón lítra á sunnanverðum Vestfjörðum.

„Arna mun líklega framleiða úr um fimm milljónum lítra á yfirstandandi ári. Við erum því að taka til okkar alla mjólk sem til fellur hjá bændum á Vestfjörðum og fáum það sem upp á vantar í Búðardal. Framleiðsla Örnu er því komin langt fram úr því sem framleitt er í fjórðungnum,“ segir Hálfdán.



Hálfdán Óskarsson, mjólkurfræðingur og samlagsstjóri Örnu, segir neytendur hafa staðið mjög vel með fyrirtækinu. Myndir / HKr.

### *Kaupir alla mjólk í gegnum Auðhumlu*

Arna kaupir alla mjólk til framleiðslunnar af Auðhumlu sem kaupir hana beint af bændum. MS sér hins vegar um að sækja mjólkina til bænda. Þeim hluta mjólkurinnar sem kemur frá bændum á norðanverðum Vestfjörðum, þ.e. í Hattardal, Dýrafirði, Önundarfirði og Súgandafirði, er ekið beint til vinnslu í Bolungarvík. Við það sparast mikill akstur sem annars hefði verið til Búðardals.

Mjólk sem bændur framleiða á sunnanverðum Vestfjörðum, um einni milljón lítrum, er enn sem komið er ekið til Búðardals og þaðan til Bolungarvíkur. Með tilkomu Dýrafjarðarganga, sem taka á í gagnið á næsta ári, skapast hins vegar möguleiki á að flytja mjólkina beint til Bolungarvíkur.

„Ég myndi halda að það verði mun hagkvæmara að flytja mjólkina beint af Barðaströndinni til okkar við tilkoma jarðganganna,“ segir Hálfdán.

„Annars hefur Auðhumla staðið sig ágætlega í því að skaffa þá mjólk sem við höfum þurft. Fyrir mjólkina borgum við 11% hærra verð en grundvallarverðið er til bænda. Inni í því er flutningurinn á mjólkinni, sýnataka og annað.“

Í dag er mjólk á norðanverðum Vestfjörðum framleidd á bæjunum Gemlufalli í Dýrafirði, Hóli og Vöðlum í Önundarfirði, Botni í Súgandafirði og í Hattardal við Álftafjörð. Þessir bæir framleiða um 1,5 milljónir lítra í ár. Bærinn Ós í Bolungarvík hætti framleiðslu á mjólk á síðastliðnu vori.

Meðmælakönnun MMR 2019: Efstu íslensku fyrirtækin

| NPS röð | Fyrirtæki | Atvinnugrein |
|---|---|---|
| 1 | Fjarðarkaup | Matvöruverslanir |
| 2 | Hreyfing | Líkamsræktarstöðvar |
| 3 | Costco (bensínstöð) | Olíufélög |
| 4 | Storytel | Áskriftarþjónusta |
| 5 | Arna | Framleiðslufyrirtæki |
| 6 | Toyota | Bílaumboð |
| 7 | Hamborgarabúlla Tómasar | Veitingastaðir |
| 8 | Reebok Fitness | Líkamsræktarstöðvar |
| 9 | SAMbíóin Egilshöll | Afþreying |
| 10 | IKEA | Önnur verslun |

### *Fjarðarkaup og Arna toppa matvælageirann*

Í fréttatilkynningu frá MMR segir, líkt og áður sagði, að Fjarðarkaup sé efst á lista íslenskra fyrirtækja í Meðmælakönnun MMR annað árið í röð.

„Það er því greinilegt að verslunin í hafnfirska kann að höfða til viðskiptavina sinna en fyrirtækið hefur hvað eftir annað skákað stærri verslunarkeðjum og hefur verið á meðal 10 efstu fyrirtækja í meðmælavísitölunni frá því að mælingar hófust árið 2014.

Þá vekur sérstaka athygli að Arna rýkur upp lista ársins og hafnar í fimmta sæti en 40% svarenda könnunarinnar kváðust reglulega versla vörur fyrirtækisins, hærra hlutfall viðskiptavina en hjá nokkru öðru fyrirtæki á lista þeirra fimm efstu. Það er því nokkuð ljóst að landsmenn hafa heldur betur tekið vel við tilraunum þessarar ungu og efnilegu mjólkurvinnslu til að hrista upp í mjólkurvörumarkaðnum.“

Meðmælavísitalan byggir á Net Promoter Score aðferðafræðinni en meðmælavísitalan byggir, líkt og nafnið bendir til, á mælingum á því hversu líklegir einstaklingar eru til að mæla með (eða hallmæla) fyrirtækjum sem þau hafa átt viðskipti við. Niðurstöður mælinganna gefa því góða tilfinningu fyrir stöðu fyrirtækja á íslenskum markaði, enda hafa rannsóknir sýnt að meðmæli eru stór áhrifaþáttur í ákvörðunartöku neytenda um hvort stofna eigi til viðskiptasambands við fyrirtæki.

### *Smærri fyrirtæki skáka risunum*

Þá segir að fleiri smærri fyrirtæki skáki risunum í atvinnugreinum sínum og má þar nefna nýliða Hreyfingar og Reebok Fitness sem koma með látum inn á lista efstu fyrirtækja meðmælavísitölunnar.

„Það er greinilegt að líkamsrækt á stóran sess í hjörtum landsmanna en Hreyfing fylgir fast á hæla Fjarðarkaups í öðru sætinu og Reebok Fitness vermir það níunda.

### *Eldsneytissala Costco skorar hærra en verslun fyrirtækisins*

Einnig er áhugavert að sjá breytileika í vinsældum eldsneytis- og smásöluþjónustu Costco en alþjóðlegi verslunarrisinn var þetta árið bæði mældur í atvinnugreinum matvöruverslana og olíufélaga eftir að hafa einungis verið fyrir í flokki matvöruverslana síðustu tvö ár. Nokkurn mun er að finna á velgengni fyrirtækisins í þessum tveimur flokkum en eldsneytisþjónusta Costco kemur sér fyrir í þriðja sæti meðmælavísitölunnar í ár, allnokkru ofar en smávöruverslun Costco sem fellur af lista tíu efstu fyrirtækja,“ segir í fréttatilkynningu MMR. /HKr.




# Sjávarútvegssýning í Laugardalshöll

**Sjávarútvegssýningin Iceland Fishing Expo 2019 er haldin í Laugardalshöllinni í Reykjavík þessa dagana. Sýningin er ennþá stærri en sú síðasta, sem haldin var árið 2016.**

Sýnendur eru í þremur sölum hallarinnar og einnig á útisvæði. Alls taka 120 fyrirtæki þátt, bæði innlend og erlend.



Þau sýna m.a. tækjabúnað og kynna ýmsa þjónustu sem tengist sjávarútveginum.

Að sögn sýningarhaldara eru íslensk tæknifyrirtæki í fremstu röð á sýningunni, sem hefur vakið athygli víða um heim.

Von er á fjölda erlendra gesta. Sýningin verður opin á fimmtudag og föstudag frá kl. 10.00 til 18.00 báða dagana.

www.n1.is facebook.com/enneinn



# Búðu þig undir haustströrfin




## Meindýravörur.
Músa límspjöld og fellur í úrvali




## Kuldafatnaður
Sýnileika Kuldagallar og jakkar í stærðum XS-5XL




## Vinnufatnaður
Flannel skyrtur í stærðum XS-4XL og öryggisskór með il og távörn í stærðum 38-48

Mobil




## Vökvakerfisolíur
Mobil hágæða vökvakerfisolíur

COMMA




## Smurolíur
Hágæða smurolíur frá Mobil og Comma

Mobil




## Aðrar vörur
Adblue 10 ltr – frostlögur 1 ltr-5ltr-20ltr-200ltr og smurfeiti í 400gr – 50 kg.

**Verslanir N1 um land allt**
**Akureyri** s. 440 1420 • **Blönduós** s. 440 1339 • **Húsavík** s. 440 1448
**Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Klettagarðar** s. 440 1330
**Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
**Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

Alltaf til staðar N1

**FRÉTTIR**




## Costco semur við Norðlenska

**Costco á Íslandi hefur ákveðið að ganga til samninga við Norðlenska um viðskipti með lambakjöt.**

Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, staðfesti í samtali við Bændablaðið að fyrirtækin hefðu náð samningi um sölu Norðlenska á lambakjöti til Costco en kaus að tjá sig ekki frekar um málið.

Costco mun hafa óskað eftir verðtilboðum í lambakjötsviðskipti sín og ákvað í framhaldinu að semja við Norðlenska. /VH

## Viðbótartryggingar varðandi salmonellu

**Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur undirritað reglugerð sem kveður á um viðbótartryggingar varðandi salmonellu vegna innflutnings á kjúklingakjöti, hænueggjum og kalkúnakjöti.**

Viðbótartryggingin þýðir að þessum matvælum skal alltaf fylgja vottorð sem byggja á salmonellurannsóknum og sýna að hún hafi ekki greinst. Í því felst að framleiðandi eða sendandi vörunnar taki sýni úr öllum sendingum á kjúklinga- og kalkúnakjöti, sem og úr eggjum. Ef varan er laus við salmonellu er gefið út vottorð þess efnis. Án slíks vottorðs verður innflutningur ekki heimilaður. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2020.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) heimilaði íslenskum stjórnvöldum hinn 16. janúar síðastliðinn að setja umræddar viðbótartryggingar að undangenginni umsókn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins hinn 4. júlí 2018.

Drög að reglugerðinni voru birt á Samráðsgátt stjórnvalda á tímabilinu 4.–18. september en engar athugasemdir bárust.

Viðbótartryggingarnar eru unnar í samræmi við aðgerðaáætlun í 17 liðum um að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Áætlunin var lögð fram af Kristjáni Þór Júlíussyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og var hún samþykkt sem þingsályktun hinn 19. júní síðastliðinn. /VH

# Síðasti hreppstjórinn á landinu í hlutverki réttarstjóra í Þverárrétt

## – Halldór Kristján Jónsson segist vera síðasti „móhíkaninn" í þessari stétt

**Í Eyja- og Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi er síðasti hreppstjóri landsins starfandi með þann titil. Maðurinn heitir Halldór Kristján Jónsson og býr á Þverá og stóð vaktina sem réttarstjóri í Þverárrétt.**

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur hreppum fækkað jafnt og þétt með sameiningu sveitarfélaga og eru þeir nú 24 á landinu öllu af 70 sveitarfélögum. Samfara þeim breytingum og fækkun sýslumannsembætta hefur embættum hreppstjóra fækkað, þannig að nú er einungis einn maður á landinu sem ber titil hreppstjóra.

***Síðasti „móhíkaninn"***

„Ég er síðasti móhíkaninn með þennan titil, sagði Halldór í samtali við Bændablaðið. Hann sagði fækkun hreppstjóra vera eðlilegan gang lífsins og afleiðingu betri samgangna, aukinna samskipta og breytinga á stjórnkerfinu. Þá segir hann stefnuna vera þá að fækka sveitarfélögum enn frekar sem ýti undir breytingar á embættum.

Hreppstjórar hafa alltaf verið æðri sveitarstjórnarstiginu ef svo má segja, því þeir hafa heyrt undir sýslumenn og voru eins konar framkvæmdaraðilar þeirra í minni sveitarfélögum. Þannig héldu hreppstjórar uppboð á sínu svæði og störfuðu sem ígildi lögreglustjóra.

***Sáu um kosningar og „aksjón"***

„Við sjáum um kosningar og allt slíkt sem sveitarstjórnarmenn gera ekki. Nú er það allt orðið breytt enda hefur kjörstöðum fækkað mikið. Þegar menn fluttu t.d. af jörðum var svo haldið „aksjón" (orð sem notað var áður fyrr yfir uppboð). Meira að segja þegar skólinn okkar var byggður eftir 1965 voru eftir leifar af ýmiss konar dóti og þá var haldin „aksjón" á þeim hlutum. Þetta þóttu miklir menningarviðburðir," segir Halldór.

Í lögum segir að hreppstjóri skuli vera í hverju sveitarfélagi utan aðseturs sýslumanns, nema sýslumaður telji þess ekki þörf. Þá er starf hreppstjóra losnar skal sýslumaður auglýsa það laust til umsóknar. Sýslumaður veitir stöðu hreppstjóra að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Hafi sýslumaður skrifstofu í sveitarfélagi utan aðseturs síns er honum heimilt



Halldór Kristján Jónsson, síðasti hreppstjóri landsins, var reffilegur við að draga í dilka í Þverárrétt um síðustu helgi, en þar gegndi hann líka hlutverki réttarstjóra. Mynd / Anna Rún Halldórsdóttir.

án auglýsingar að skipa forstöðumann þeirrar skrifstofu jafnframt hreppstjóra í því sveitarfélagi. Er hreppstjórastarfið þá hluti af starfi forstöðumanns. Engan má skipa hreppstjóra, nema hann uppfylli eftirtalin skilyrði:

1. Sé svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt stöðunni.
2. Sé 21 árs að aldri.
3. Sé lögráða og hafi forræði á fé sínu.
4. Sé íslenskur ríkisborgari.

Á Vesturlandi eru aðeins eftir tveir hreppar þótt sveitarfélögin séu 8 talsins. Það eru Eyja- og Miklaholtshreppur sem er með eins starfandi hreppstjóra landsins. Síðan er Skorradalshreppur í samnefndum dal sem gengur austsuðaustur úr Borgarfirði.




Á Vestfjörðum eru 9 sveitarfélög en af þeim eru fimm hreppar. Það eru Árneshreppur sem nær frá Reykjarfirði að Kaldbaksvík á Ströndum, Kaldrananeshreppur sem nær úr Kaldbaksvík og í botn Steingrímsfjarðar á Ströndum, Reykhólahreppur sem nær yfir Austur-Barðastrandasýslu, Súðavíkurhreppur sem nær yfir allt innanvert Ísafjarðardjúp að vestanverðu og Tálknafjarðarhreppur.

Á Norðurlandi vestra eru tveir hreppar eftir af 7 sveitarfélögum, en það eru Akrahreppur í Skagafirði og Húnavatnshreppur inn af Húnafirði.

Á Norðurlandi eystra eru fimm hreppar af 13 sveitarfélögum. Það eru Grýtubakkahreppur í Eyjafirði, Svalbarðsstrandarhreppur í Eyjafirði, Tjörneshreppur á samnefndu nesi, Skútustaðahreppur í Mývatnssveit og Svalbarðshreppur við Þistilfjörð,

Á Austurlandi eru enn þrjú sveitarfélög skilgreind sem hreppar af 7 sveitarfélögum. Það eru Vopnafjarðarhreppur, Borgarfjarðarhreppur sem nær yfir svæðið frá Héraðsflóa að Seyðisfirði, Fljótsdalshreppur í Fljótsdal inn af Lagarfljóti og Djúpavogshreppur.

Á Suðurlandi eru 14 sveitarfélög en sjö hreppar með afar flókinni skiptingu. Það er Ásahreppur sem er tvískiptur á milli Rangárþings ytra, Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Grímsnes- og Grafningshreppur er svo þrískiptur, austan við landamerki Suðurnesja og höfuðborgarsvæðis. Hann er líka með landamerki í suður að Flóahreppi og Sveitarfélaginu Ölfusi, en þar á milli er Sveitarfélagið Árborg. Þá eru landamæri að Bláskógabyggð í norðri og Skeiða- og Gnúpverjahreppi í austri. Hrunamannahreppur er svo á milli Bláskógabyggðar í vestri og Skeiða- og Gnúpverjahrepps í austri. Mýrdalshreppur er með vesturlandamæri að Rangárþingi eystra og Skaftárhreppi í austri. Austan Skaftárhrepps er svo sveitarfélagið Hornafjörður.

Á Suðurnesjum eru 5 sveitarfélög en enginn hreppur.

Á höfuðborgarsvæðinu eru 7 sveitarfélög og þar af er einn hreppur, Kjósarhreppur. Hafnar-fjörður er svo tvískiptur, en hluti sveitarfélagsins er á Krísuvíkursvæðinu á Suðurnesjum. /HKr.




*Frá 1940*

TERHI

MERCURY

Utanborðsmótorar




Bátar

Kerrur

Mercury utanborðsmótorar.

Stjórntæki

Rafstart

Frí heimsending hvert á land sem er

# ÚTSALA

## Örfáir sýningarbátar á verulegum afslætti.











Verslunin er opin 8-17 virka daga

Sími 520 0000

# VÉLASALAN

www.velasalan.is

Sími 520 0000, Dugguvogi 4 , 104 Reykjavík

**FRÉTTIR**

Hrossa- og æðarbændur á Vatnsnesi kvarta yfir mengun frá sláturhúsinu á Hvammstanga sem dregur að mikið fuglager:

# Hægt að leysa með meiri hreinsun og lengri útrás

## – segir Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

**„Við sjáum fyrir okkur að mögulegar lausnir felist annars vegar í því að auka virkni og rekstraröryggi hreinsibúnaðar enn frekar en nú er og einnig og ekki síður að lengja útrás og koma henni fyrir á meira dýpi," segir Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, vegna mengunar frá frárennsli sláturhúss KVH á Hvammstanga.**

Áberandi fitubrák sést gjarnan umhverfis affallið og í það leitar mikill fjöldi fugla. Ábúendur á Sæbóli og Ytri-Bakka hafa sent bréf til sveitarstjórnar Húnaþings vestra og krafist úrbóta.



Mikill fjöldi fugla sækir í úrganginn frá sláturhúsinu.



Þykk fitubrák í fjörunni á Sæbóli, fyrir neðan æðarvarpið, stutt frá sláturhússaffallinu. Svona sést oft og víða í fjörunni á sláturtíðinni. Sporin í fitubrákinni eru eftir mjög stóran hund af labradorkyni.

### *Óska upplýsinga um magn lífræns úrgangs sem fer frá sláturhúsinu*

Sigurjón segir að hreinsun við Sláturhús KVH á Hvammstanga sé nú þegar meiri en víða annars staðar hjá sambærilegri starfsemi, en staðsetning útrása sé hins vegar viðkvæmari. Það geri m.a. nábýli við hratt vaxandi ferðamennsku á Vatnsnesi og æðarrækt á svæðinu. Sigurjón hefur tvívegis farið og skoðað aðstæður við sláturhúsið nú í haust. Hann segir að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hafi óskað eftir upplýsingum frá sláturhúsinu um það magn lífræns úrgangs í fráveituvatni sem fer frá fyrirtækinu og að það verði mælt með beinum hætti. Hann segir mögulega hægt að áætla það út frá því sem eftir verður þegar búið er að draga magn afurða og úrgangs frá innvegnu hráefni í sláturhúsið.

Þá óskaði heilbrigðiseftirlit eftir upplýsingum um gerð, aldur og rekstur búnaðarins og afstöðu KVH til málsins.

„Hér er fyrst og fremst um að ræða sjónmengun vegna lífræns efnis sem sleppur fram hjá hreinsibúnaði sláturhússins. Mengunin veldur aðallega ama, auk þess sem það er ekki viðunandi að fóðra vargfugl í nágrenni við æðarvarp og matvælaframleiðslu," segir Sigurjón. Hann á von á að niðurstöður mælinga berist á næstu dögum.

### *Verulegum fjármunum varið í endurbætur á hreinsibúnaði*

Hallfríður Ósk Ólafsdóttir, gæðastjóri hjá Sláturhúsi KVH á Hvammstanga, segir að þegar athugasemdir berist fyrirtækinu vegna mengunar frá frárennsli sé heilbrigðiseftirliti gerð grein fyrir orsökum frávika og brugðist sé við með endurbótum og auknu eftirliti með hreinisbúnaði og það sé gert í samráði við eftirlitið. Hún segir að á undanförnum árum hafi verulegum tíma og fjármunum verið varið í endurbætur á hreinsunarbúnaði við fyrirtækið.

### *Fitubrákin hænir að fjölda máva og hrafna*

Ingvar H. Jakobsson hjá ferðaþjónustunni á Ytri-Árbakka og Ástmundur og Hanný Norland, æðarbændur á Sæbóli á Vatnsnesi, sem einnig reka hrossaræktarbúið Hindisvík, sendu sveitarstjórn Húnaþings vestra bréf í fyrrahaust þar sem krafist er úrbóta á frárennslismálum sláturhússins á Hvammstanga. Þar kemur fram að mjög mikil og greinileg mengun hafi runnið frá sláturhúsinu mörg undanfarin ár og að þau hafi reglulega kvartað undan henni bæði við heilbrigðisfulltrúa og MAST.

„Mengunin lýsir sér þannig að fitubrák og annar úrgangur rekur á fjörur sem hænir að hundruð máva og einnig hrafna. Einnig finnst greinileg lyktarmengun þegar fitulögin þrána í fjörunum, sem gerir þær óhæfar til útivistar," segir í bréfi þeirra til sveitarstjórnar.

Benda þau jafnframt á að enn hættulegri mengun komi frá mávunum sjálfum, sem séu miklir sýklaberar þegar kemur að kamfílóbakter og salmonellu líkt og fjöldi rannsókna hafi sannað, „og í raun ótrúlegt að hæna þá í þessum mikla fjölda að þéttbýlinu. Frárennslið er í raun eldisstöð fyrir vargfugl, sem er einnig skaðvaldur í friðslýstu æðarvarpi og varpi annarra fugla," segja þau.

Fjaran sé þeim í raun ónothæf og jafnvel hættuleg til útivistar og að þau meini sínum gestum og fjölskyldu að fara í fjörurnar á þessum árstíma.

### *Hafa kvartað árlega frá 2013*

Ástmundur og Hanný á Sæbóli segja málið einkum og sér í lagi snúast um fuglagerið sem sveimi umhverfis affallið allan sólarhringinn og sitji í fjörunni að tína upp kjötbita. Þau segjast hafa kvartað yfir þessu til heilbrigðiseftirlits árlega frá árinu 2013, en ástandið sé ævinlega óbreytt. Fleiri aðilar, eins og sveitarfélagið og MAST, hafi fengið afrit af bréfunum en síðarnefnda stofnunin segir málið ekki koma sér við og vísar á heilbrigðiseftirlit.

Ástmar og Hanný segja að fuglagerið við affallið skapi óþolandi stöðu fyrir æðarfuglinn, því fylgi að auki mikill óþrifnaður fyrir þorpið.

### *Sveitarfélagið fylgist með*

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri í Húnaþingi vestra, segir að málið hafi verið rætt við ábúendur á Ytri-Árbakka fyrir nokkru og í framhaldinu hafi sveitarfélagið sent ábendingu til heilbrigðiseftirlits en hlutverk eftirlitsins væri að fara með heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Vissi hún til þess að kallað hefði verið eftir upplýsingum frá sláturhúsinu. „Ég mun fylgja þessu eftir og fá nánari upplýsingar frá Heilbrigðiseftirlitinu þegar þau hafa lokið sinni úttekt," segir hún. /MÞÞ


ORKUSTOFNUN

**Tækifæri og áskoranir við uppbyggingu smávirkjana á Íslandi**
Ráðstefna á Grand Hótel 17. október 2019

Orkustofnun efnir til ráðstefnu um tækifæri og áskoranir við uppbyggingu smávirkjana á Íslandi. Fjallað verður um umhverfismat, tengingar smávirkjana við dreifikerfið, fjármögnun og fleiri atriði er varðar smávirkjanir. Einnig verða sagðar reynslusögur af uppbyggingu smávirkjana bæði á Íslandi og í Noregi.
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra mun ávarpa ráðstefnuna.

**08:00 Skráning og morgunverður**
**08:30 Setning ráðstefnu**
- Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri
**08:40 Ávarp ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar**
- Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
**08:50 Öryggisstjórnkerfi virkjana**
- Óskar Frank Guðmundsson, sérfræðingur hjá Mannvirkjastofnun
**09:10 Umhverfismat fyrir smærri virkjanir** - Jakob Gunnarsson, sviðsstjóri hjá Skipulagsstofnun
**09:30 Smávirkjanir og dreifikerfið**
- Kjartan Rolf Árnason, deildarstjóri tæknisviðs hjá RARIK
**09:50 Kaffihlé**
**10:10 Smávirkjanir og flutningskerfið**
- Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs
**10:30 Fjármögnun smávirkjana** - Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar
**10:50 Smávirkjanir í Noregi** - Knut Olav Tveit, Daglig leder, Småkraftforeningen
**11:10 Hafa orkufyrirtækin áhuga á að kaupa orku frá smávirkjunum**
- Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu hjá HS Orku
**11:30 Virkjanasaga Húsafells** - Arnar Bergþórsson, stjórnarformaður Arnarlækjar
**11:50 Samantekt og fundi slitið**

Fundarstjóri Erla Björk Þorgeirsdóttir verkefnisstjóri hjá Orkustofnun
Skráning á fundinn og útsending frá fundinum er á os.is

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - www.os.is




Hrollaug er greinilega mjög frjósöm enda bar hún þremur kálfum, sem er mjög, mjög fátítt á Íslandi. Mynd / Guðbjörg Albertsdóttir.

# Hrollaug bar þremur kálfum á Skíðbakka

**Kýrin Hrollaug á bænum Skíðbakka í Austur-Landeyjum gerði sér lítið fyrir nýlega og bar þremur kálfum, sem voru reyndar allir dauðir. Um var að ræða tvær kvígur og eitt naut, allt fullskapaðir kálfar.**



Kálfarnir þrír sem komu allir í heiminn dauðir, tvær kvígur og eitt naut.

„Við höfum aldrei upplifað nokkuð þessu líkt í þau 33 ár sem við höfum verið í búskap. Ég hef heldur aldrei heyrt af þremur kálfum í burði þótt það hafi örugglega gerst einhvern tímann," segir Guðbjörg Albertsdóttir á Skíðbakka en hún og Rútur Pálsson eru þar með myndarlegt kúabú.

„Það gekk mjög vel að ná kvígunum, þær voru númer eitt og tvö en þegar Rútur athugaði með þriðja kálfinn kom í ljós að hann var með pung og líka dauður. Við höfum ekki hugmynd um af hverju þeir drápust allir en það hefði óneitanlega verið gaman að eiga þrjá sprelllifandi kálfa undan Hrolllaugu. Hún er þrátt fyrir þetta allt brött og ber sig vel. Við „lánuðum" henni sólarhrings gamlan kvígukálf til að hafa hjá sér nóttina eftir burðinn og hún var bara ánægð með það," segir Guðbjörg. /MHH


ergo
Malarharpa?
Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í námuvinnslu,
en við fjármögnum hins vegar malarhörpur.
Enda fjármögnum við flest milli himins og jarðar.
Kynntu þér möguleikana á ergo.is


STEINSMIÐJA AKUREYRAR
HAUSTTILBOÐ
INNIFALIÐ :
FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND
GRAFSKRIFT
minnismerki.is
113
41x60 cm frá sökkli
66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund
111
41x60 cm frá sökkli
66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund
103
76x55 cm frá sökkli
120 cm sökkull
GRÁR - 215 þúsund
Með lugt og vasa 285 þúsund
Með lugt, vasa og blómaramma 385 þúsund
110
100x57 frá sökkli
130 cm sökkull
GRÁR - 290 þúsund
með lugt og vasa 360 þúsund
Með lugt og vasa og blómaramma 460 þúsund
s: 466 2800 | 899 9370 sala@minnismerki.is
minnismerki.is
Uppsetningar á N-landi og höfuðborgarsvæði


Guðlaugur P. Frímannsson með laxinn úr Steinholtskvörn fyrr í sumar.

# Laxá í Leirársveit lokað snemma

**„Ég var undir það síðasta í Laxá í Leirársveit og veiddi skemmtilegan fisk í Steinholtskvörn og var fiskurinn 85 sentímetrar,“ sagði Guðlaugur P. Frímannsson, veiðimaðurinn snjalli, og bætti við: „Laxinn tók „sunray“ og þetta var gaman.“**

Það vakti athygli að Laxá í Leirársveit var lokuð fyrr en heimilt var að hafa opið þetta sumarið og það vegna þess að minna var af fiski en oft áður í ánni. Þetta var líka skynsamleg ákvörðun með tilliti til aðstæðna í ánni en áin þarf að vera með eitthvað af fiski til að hrygna þegar tilhugalífið byrjar fyrir alvöru í henni.

Þetta hefði kannski átt að gera í fleiri laxveiðiám og það fyrr í sumar, lítið af fiski í sumum ánum og það á eftir að hafa sitt að segja þegar fram líða stundir.

# Alltaf gaman að veiða

**„Jú, maður er aðeins búinn að veiða í sumar og fá nokkra fiska, ég fer oft með soninn með mér að veiða,“ sagði Anthony Evans Berry er við hittum hann við veiðar í Minnivallarlæk. Kastaði hann flugunni fyrir fiska í Stöðvarhylnum þar sem fiskurinn vakti, en var tregur að taka flugur veiðimanna.**

„Fiskurinn er tregur en þetta er bara gaman, mér finnst skemmtilegt að veiða hérna. Aldrei veitt hérna áður,“ sagði Anthony og hélt áfram að kasta flugunni fimlega fyrir fiskana í læknum. Við kvöddum hann og í ljósaskiptunum fengu hann og veiðifélaginn fiskinn til að taka hjá sér.

Silungsveiðin hefur gengið vel í sumar og margir fengið góða veiði, Arnarvatnsheiði, Skagaheiðin og Veiðivötn sem dæmi.


Anthony Evans Berry með flottan fisk úr Minnivallarlæk.

„Við vorum á Skagaheiði fyrr í sumar, oft komið þangað áður og veitt vel, alltaf einhver veiði þar efra,“ sagði Pétur Pétursson um Skagaheiðina.

ALHLIÐA VÉLAVERKSTÆÐI

- Allar almennar vélaviðgerðir
- Almenn renni- og fræsivinna
- Rennum og slípum sveifarása
- Málmsprautum slitfleti, t.d. á tjakkstöngum
- Gerum við loftkælingu bíla
- Almenn suðuvinna
- Plönum hedd
- Tjakkaviðgerðir

Hafðu samband í síma 587 1300
og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is


Hann er á í Norðurá í Borgarfirði á fyrsta degi hjá Guðrúnu Sigurjónsdóttur, formanni félagsins, með fyrsta flugulaxinn sinn. Mynd / María Gunnarsdóttir.

# Tíu til fimmtán þúsund færri laxar en í fyrra


Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

**Veiðisumarið er að verða búið í laxinum, en mun minna hefur veiðst af honum en í fyrra. Það er samt hellingur eftir í sjóbirtingum og hann hefur gengið vel fyrir austan, Tungufljótið og Tungulækur að gefa vel.**

„Við vorum í Geirlandsá um daginn og fengum 4 laxa og einn sjóbirting, birtingurinn var bara alls ekki mættur en hann kemur,“ sagði veiðimaður sem var á veiðislóðum fyrir austan og veiddi mest lax, það sem hefur vantað í laxveiðiárnar í sumar víða um land.

Við erum að tala um líka 10 til 15 þúsund færri laxa í laxveiðiánum þetta sumarið og það munar um minna í veiðinni. Kíkjum aðeins á veiðilistann, í efsta sæti er Eystri-Rangá, síðan kemur Ytri-Rangá og Sela í Vopnafirði, svo Miðfjarðará.

„Það var gaman í Miðfjarðará um daginn og áin er skemmtileg,“ sagði Hafþór Óskarsson, sem var á árbókkunum undir það síðasta í ánni. Svo kemur Þverá í Borgarfirði, Urriðafoss í Þjórsá, svo Laxá á Ásum og síðan Hofsá, svona mætti lengi telja.

Góðar laxveiðiár eru ekki oftarlega eins og Norðurá í Borgarfirði og Laxá í Kjós en það kemur sumar eftir þetta sumar. Bara verst að enginn veit hvernig næsta sumar verður, það er heila málið. Við skulum sjá stöðuna þegar nær dregur. Allt getur gerst á árbókkunum en þetta þarf að batna verulega.

# Fengum sex laxa morguninn eftir

**„Stóra-Laxá er hrikalega skemmtileg á sem við fengum að kynnast 8.–10. september þegar við veiddum ána í fallandi vatni,“ sagði Dagur Árni Guðmundsson sem var að koma úr Stóru-Laxá í Hreppum sem hefur heillað margan veiðimanninn.**

Fegurðin við ána er stórkostleg og hver hylurinn á fætur öðrum sem hefur eitthvað að geyma á góðum degi.

„Fyrstu vaktina komum við að ánni eftir miklar rigningar, en daginn áður hafði áin hækkað frá 5 rúmmetrum í yfir 18. Lítið gerðist fyrri partinn af vaktinni, þar sem það var smá litur á ánni eftir rigningar. En um sex leytið byrjaði allt að gerast og við settum í nokkra laxa, og enduðum með 5 stykki. Sá stærsti var 87 sentímetrar. Næsta morgun var sól og áin búin að lækka töluvert. Þar með fengum við laxa á alls konar aðferðir, frá „hitch“ yfir í litlar silungapúpur. Lax var á flestum stöðum, og fiskur að ganga á fullu úr Hvítá.


Dagur Árni Guðmundsson með flottan lax úr Stóru-Laxá.

Fyrir utan laxinn var töluvert af fallegri bleikju úti um allt, mest frá Bergsnös og langt fyrir neðan brú, og eitthvað var af vænum sjóbirting á svæðinu. Síðasta kvöldið rigndi mikið og því hækkaði áin mikið um nóttina, sem skilaði enn meiri göngum úr Hvítá inn í ána, og við fengum sex laxa síðasta morguninn í grenjandi rigningu og roki. Stóra-Laxá er klárlega með skemmtilegri og fallegri laxveiðiám sem ég hef veitt, sérstaklega þegar maður er heppinn með vatnsmagnið,“ sagði Dagur Árni enn fremur.

Það er minni veiði í Stóru-Laxá en í fyrra og vantar svolítið upp á það, en áin gaf vel þegar fór að rigna vel.

# Gekk vel í Leiránni

**Sjóbirtingsveiðin er að byrja á fullu þessa dagana og stendur fram í október. Veiðin lofar góðu og vel hefur veiðst á nokkrum stöðum, eins og fyrir austan Kirkjubæjarklaustur á sjóbirtingsslóðum - þessa dagana. Og Í Leirá í Leirársveit tók veiðin kipp þegar fór að rigna.**

„Já, við fengum fína veiði, flotta fiska,“ sagði Stefán Sigurðsson, sem var á veiðislóðum með fjölskyldunni og áin var í fínu vatni og það rigndi meira.

„Þetta voru flott skilyrði og fiskur víða um ána, sjóbirtingur og lax,“ sagði Stefán.


Stefán Sigurðsson við Leirá í Leirársveit. Mynd / Harpa.

Hann kastaði flugunni og fiskurinn stökk, skömmu seinna negldi hann sig á fluguna og það var tignarleg sjón. Honum var landað eftir snarpa baráttu og fékk frelsið aftur, feginn því, og og lét sig hverfa út í straum árinnar. – Við létum okkur hverfa líka.

# 2020 LÍNAN ER AÐ LENDA

can-am BRP



OUTLANDER
MAX 650 XT
VERÐ ÁN VSK
1.930.000.KR
VERÐ MEÐ VSK 2.390.000.KR



OUTLANDER
MAX 570 XT
VERÐ ÁN VSK
1.685.000.KR
VERÐ MEÐ VSK 2.090.000.KR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ELLINGSEN.IS

ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS
BRP@ELLINGSEN.IS



ECOLAB

# LÁGÞRÝSTITÆKI MINNKA LÍKUR Á ÚÐASMITI

**Ecolab** er eitt stærsta fyrirtæki í heimi á sviði lausna í þrifum og sótthreinsun fyrir gripahús og matvælafyrirtæki. Hægt er að fá búnað með tilheyrandi sápum og sótthreinsiefnum fyrir lágþrýstiþvott. Sölumenn Olís veita allar nánari upplýsingar.

Matvælastofnun sendi nýlega tilkynningu til bænda varðandi hættu á úðasmiti við háþrýstiþvott og jafnframt að lágþrýstiþvottur geti hentað betur við í mörgum tilfellum.







Pantanir í síma 515 1100 og pontun@olis.is

Ecolab fæst í Rekstrarlandi, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.

olís | REKSTRARLAND

# STEKKUR

## Veturinn í garðinum

**Plöntur beita mörgum og margvíslegum leiðum til að lifa veturinn af. Einærar plöntur lifa af sem fræ sem geymist í jarðvegi. Séu aðstæður óhagstæðar geta fræ sumra tegunda legið í dvala í jarðveginum í nokkur ár en að jafnaði spíra fræin að vori, vaxa upp og blómstra og mynda fræ sem fellur að hausti.**

Tvíærar plöntur safna forða í rótina á fyrra ári og rótin lifir veturinn af. Á öðru ári blómstrar plantan og myndar fræ. Margar tegundir fjölærra plantna og laukjurta beita svipaðri aðferð. Þær vaxa upp að vori, vaxa og dafna yfir sumarið, safna forðanæringu í rótina eða laukinn, sölna að hausti og lifa í dvala neðanjarðar yfir veturinn. Þar sem snjór liggur eins og teppi yfir jarðveginum eru plönturnar vel varðar fyrir umhleypingum og grasbítum sem byggja lífsafkomu sína á þeim yfir veturinn.

Tré og runnar sölna ekki á haustin og þurfa því að beita öðrum ráðum til að lifa veturinn af. Sum tré eru sumargræn en önnur græn allt árið. Lauf sígrænna trjáa nefnist barr, er yfirleitt langt og mjótt og með vaxhúð sem dregur úr útgufun.

Fyrir lauffall á haustin draga lauftré blaðgrænuna úr blöðunum og senda hana niður í rótina til geymslu, rétt eins og hagsýnir heimilishaldarar safna vetrarbirgðum í búrið sitt. Blaðgrænan er byggð upp af efnum sem trén eiga ekki greiðan aðgang að og þurfa að eyða mikilli orku í að framleiða. Eftir í blöðunum verða efni sem trén hafa minna fyrir að búa til. Efnin sem eftir verða eru gul eða rauð og eru ástæðan fyrir því haustlitur trjánna er yfirleitt í þeim litum.

Á haustin er að finna í brumi trjáplantna fullþroskaðan vísi að vexti næsta árs. Vaxtarvísirinn er vel geymdur í bruminu og það ver hann fyrir vetrarkuldanum. Frost að vori, eftir að brumið hefur opnað sig, getur skemmt vaxtarvísinn varanlega.

Til þess að tré laufgist að vori þarf lofthiti að vera kominn upp fyrir ákveðið lágmark en í öðrum tilfellum þarf daglengd að hafa náð ákveðnum klukkustundafjölda. Langir hlýindakaflar á veturna geta því vakið ýmsar trjátegundir, einkum frá suðlægari slóðum þar sem vorar fyrr en á Íslandi, af dvala sínum og blekkt tré til að halda að það sé komið vor. Þegar slíkt gerist eru miklar líkur á frostskemmdum ef það kólnar hratt aftur líkt og gerðist í páskahretinu vorið 1963. Lítil hætta er á þessu hjá plöntum sem koma frá svæðum sem eru á næstu eða sömu breiddargráðum og Ísland.

Kólni hratt er hætt við að vökvinn í plöntufrumunni frjósi. Við það eykst rúmmál hans og hætta á að frumuveggurinn rifni en það leiðir til kalskemmda. Miklu máli skiptir að plöntur kólni það hægt á haustin að vatn nái að út úr frumunum í þeim takti sem eðlilegastur er fyrir hverja tegund. Dæmi er um að snögg kólnun niður í 10°C hafi drepið tré sem annars þola kuldann allt að níutíu frostgráðum. Stutt haust valda því að plönturnar ná ekki að mynda eðlilegt frostþol og eru því viðkvæmari en ella. */VH*

---

**LOFTSLAGSMÁL**

### Sjávarstöðuhækkun er nú meiri en gert var ráð fyrir í eldri spám:

# Allar ísbreiður og jöklar á jörðinni eru að minnka vegna loftslagsbreytinga

## – Áhrifa veðurfarsbreytinga á vistkerfi norðurslóða gætir í fiskafla

**Hlýnun á norðurskautssvæðinu hefur verið meira en tvöfalt hraðari en að meðaltali á jörðinni á síðustu tveimur áratugum. Þetta kom fram í fréttatilkynningu sem Hafrannsóknastofnun og Veðurstofa Íslands sendu frá sér í gærmorgun. Þar er vísað til nýrrar skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) um áhrif loftslagsbreytinga á hafið og freðhvolfið.**

Þessa mögnun hlýnunar má að hluta rekja til samdráttar hafíss og snjóþekju á sama tíma. Á komandi árum og áratugum munu jöklar enn hörfa víðast hvar og snjóhula að vetri endast skemur. Matvælaöryggi og skilyrði til búsetu á norðurskautssvæðinu munu breytast. Breytinga er að vænta á náttúruvá, m.a. á flóðum í ám, snjóflóðum, skriðuföllum og vandamálum vegna óstöðugra jarðlaga, sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á innviði, ferðamennsku og aðstæður til útivistar.

### *Grænlandsjökull rýrnar hratt*

Leysingarvatn frá jöklum mun stuðla að áframhaldandi hækkun sjávarstöðu. Þar munar mest um bráðnun Grænlandsjökuls, en á tímabilinu 2006–2015 rýrnaði Grænlandsjökull að meðaltali um 280 gígatonn á ári, sem samsvarar um 0,8 mm hækkun sjávarborðs heimshafanna árlega. Sjávarborð heimshafanna hækkaði að jafnaði um 3,6 mm á ári á tímabilinu 2005–2015 og er sú hækkun 2,5 sinnum meiri en á árabilinu 1901–1990.

### Aftakaflóð verða algengari

Innan þrjátíu ára verða aftakaflóð sem nú henda sjaldan algengari og komi ekki til verulegrar aðlögunar umfram það sem nú er gert mun hækkun sjávar og tíðari aftakaflóð auka verulega áhættu vegna sjávarflóða á lágsvæðum.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu IPCC, milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar, sem kom út í gær. Þar er einnig ályktað að metnaðarfullar og samhæfðar aðgerðir eru nauðsynlegar til þess að samfélög geti aðlagast afleiðingum loftslagsbreytinga.

### *Rýrnun íss og snævar mun aukast á 21. öldinni*

Á komandi árum og áratugum munu jöklar enn hörfa víðast hvar og snjóhula að vetri endast skemur og sífreri þiðnar enn frekar og hjaðnar. Áhrifa þessara breytinga mun gæta í rennsli vatnsfalla og á háfjallasvæðum munu fjallahlíðar verða óstöðugri vegna hörfunar jökla og þiðnunar sífrera. Einnig munu jaðarlón framan við jökla stækka og slíkum lónum mun fjölga. Búast má við að skriðuföll og flóð muni eiga sér stað þar sem slíkra atburða hefur ekki áður orðið vart. Snjóflóðum mun sennilega fækka og þau munu ekki ná jafn langt frá fjallshlíð og áður, en krapaflóðum og votum snjóflóðum mun fara fjölgandi, jafnvel að vetri til. Flóð í ám sem orsakast af asarigningu á snjó verða fyrr á vorin og síðar um haust en áður. Þau verða líka tíðari hærra til fjalla en fátíðari neðar í fjöllunum. Breytingar á snjó, ís og jöklum munu hafa áhrif á vistkerfi á landi og í fersku vatni á heimskauta- og háfjallasvæðum. Búsvæði tegunda munu hnikast til norðurs og yfir á hærri svæði til fjalla sem hefur áhrif á uppbyggingu vistkerfa og framleiðni lífríkisins. Gert er ráð fyrir að breytingarnar dragi úr líffræðilegum fjölbreytileika þegar fram í sækir og að tegundir deyja út á líffræðilega einstökum svæðum.

Niðurstöður spálíkana benda til þess að rýrnun íss og snævar muni enn aukast á seinni hluta 21. aldar ef losun gróðurhúslofttegunda verður áfram veruleg. Verði stórlega dregið úr losuninni á komandi áratugum er líklegt að hægja taki á rýrnun sífrera og snjóhulu, en leysing og hörfun jökla mun halda áfram.




**Breytingar í hafi og freðhvolfi sem þegar eru merkjanlegar auk þeirra breytinga sem má vænta ef losun gróðurhúsalofttegunda er mikil (RCP8.5) eða hóflegri (RCP2.6). Efst eru myndir sem sýna hið hnattræna samhengi (a) styrk $CO_2$ í lofthjúpi, (b) þróun fólksfjölda og spönn vænts fólksfjölda (innskotsmyndin sýnir fólksfjölda á hálendissvæðum og strandsvæðum) og c) þróun hnattræns meðalhita. Fyrir neðan eru tveir dálkar sem sýna útbreidd ummerki loftslagsbreytinga sem eru að eflast. Grænt og grænskyggð svæði sýna athuganir, en brún svæði sýna niðurstöður líkanreikninga fyrir síðustu öld. Blátt sýnir sviðsmynd RCP2.6 og rautt RCP8.5.**

**Mynd d) sýnir hnattrænar sjávarstöðubreytingar til loka þessarar aldar en myndir e, f og g sýna framlag jökulhvela og jökla til sjávarstöðubreytinga. Mynd h) sýnir hlýnun sjávar, þ.e. upptöku varma. Myndir i, j og k sýna breytingar við hafsyfirborð: (i) hlýnun sjávar, (j) líkur á sjávarhitabylgjum (þ.e. tímabil þar sem sjávarhiti er óvenjuhár í nokkra daga), og (k) sýrustig yfirborðssjávar. Myndir l, m og n sýna breytingar tengdar freðhvolfi: (l) útbreiðslu hafíss á Norðurhveli að hausti, (m) snjóhulu á norðurskautssvæðinu í upphafi sumars og (n) útbreiðslu sífrera.**

### *Hækkun sjávarborðs við Ísland getur numið einum metra*

Samkvæmt athugunum fer sjávarborð heimshafanna hækkandi og verður hækkunin örari með árunum. Samanlagt leysingarvatn frá jöklum og jökulbreiðum leggur nú til stærstan hlut þessarar hækkunar og er umfram varmaþenslu hafsins vegna hlýnunar. Samanlögð árleg rýrnun hinna stóru jökulbreiða Grænlands og Suðurskautslandsins fer vaxandi. Massatap þeirra árin 2012–2016 var líklega meira en á árunum 2002–2011 og margfalt á við massatap áranna 1992–2001.

Að jafnaði hækkaði sjávarmál um 3,6 mm á ári á tímabilinu 2005–2015 (3,1–4,1 mm á ári) og er sú hækkun 2,5 sinnum meiri en á árabilinu 1901–1990, er hækkunin mældist að jafnaði 1,4 mm á ári (0,8–2,0 mm á ári).

Í skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar sem kom út árið 2018 kemur fram að haldi forsendur um álíka mikla bráðnun jökulbreiða Grænlands og Suðurskautslandsins verður hækkun sjávar við Íslandsstrendur innan við helmingur hnattrænni meðalhækkun. Landsig og landris munu einnig hafa áhrif. Að teknu tilliti til óvissu getur hækkun hér við land út öldina nálgast einn metra þar sem hún verður mest.

### *Hnattræn hlýnun hefur breytt útbreiðslu fiskistofna*

Áhrifa veðurfarsbreytinga á vistkerfi norðurslóða gætir nú þegar í fiskafla samkvæmt niðurstöðum skýrslu milliríkjanefndarinnar.

Frá árinu 1970 hafa orðið breytingar í tegundasamsetningu í vistkerfum víða á landgrunnssvæðum meginlanda samfara minnkandi heildarafla. Vistkerfi á grunnslóð eru undir álagi vegna hlýnunar sjávar, aukinna sjávarhitabylgna, súrnunar sjávar, minnkandi súrefnisstyrks og hækkandi sjávarstöðu, sem og óhagstæðra áhrifa frá margvíslegri starfsemi mannsins á sjó og á landi. Jafnframt verður tilfærsla í útbreiðslu tegunda í átt til pólsvæða sem leiða mun til breytinga í samfélagsgerðum sem og minnkandi í fisksveiða með aukinni hlýnun hafsvæða á 21. öldinni.

Hraði þessara breytinga verður mestur við miðbaug en afleiðingarnar eru margbreytilegri á pólsvæðunum. Breytingar á útbreiðslu og stofnstærðum fiskistofna af völdum hlýnunar hafa þegar haft áhrif á stjórnun veiða úr mikilvægum stofnum og á efnahagslegan ávinning veiðanna. Þetta hefur torveldað viðleitni haf- og fiskveiðistjórnunarstofnana til þess að tryggja gott ástand vistkerfa, mynda efnahagslegan ávinning og styrkja lífsafkomu. */HKr.*


ChitoClear
Íslenskt
hugvit, hráefni
& framleiðsla
Íslenskt sárasprey
fyrir öll dýr, stór og smá
Mjög græðandi og bakteríudrepandi
Hefur reynst vel við hnjóskum á hrossum
Myndar filmu og verndar sár
Dregur úr blæðingu
Fæst hjá dýralæknum og í hesta- og búvöruverslunum um allt land
primex
www.primex.is
s. 460 6900
NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS


Vantar þig heyrnartæki?
Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjaþjónusta
Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klið.
Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum rafhlöðum. Heyrnartækni hefur um árabil veitt þjónustu víðs vegar á landsbyggðinni. Í október bjóðum við upp á heyrnarmælingar, ráðgjöf og þjónustu á eftirfarandi stöðum:
Akranes | Akureyri | Egilsstaðir | Reykjanesbær | Sauðárkrókur | Selfoss | Vopnafjörður
Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is
Heyrnartækni
Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880


Hitablásarar og blásarar
Hafðu samband og kynntu þér úrvalið
hitataekni.is
S: 5886070
Smiðjuvegur 10, 200 Kópavogur
Hitatækni


MADE IN USA
Sandblásturskútar
Verð frá 43.135 kr
Sandblásturskassar
Verð frá 54.470 kr
SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND MEÐ FLYTJANDA
JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.
Mikið úrval af sandblásturssandi
Auðbrekku 23, Kópavogi
s. 564 1819
www.jako.is


Ifor Willams Kerrur
í öllum stærðum og útfærslum
Ifor Williams Trailers
Mikið úrval varahluta í Ifor Williams kerrur
og allar aðrar gerðir af kerrum,
ásamt úrvals viðgerðarþjónustu
Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is
VÍKURVAGNAR EHF.

FRÉTTIR

### Félög kjúklinga- og eggjabænda:

# Lýsa þungum áhyggjum vegna Gumboro-veiru

**Sameiginlegur fundur stjórna Félags kjúklingabænda og Félags eggjabænda, sem haldinn var á Hótel Sögu í Reykjavík fimmtudaginn 12. september 2019, lýsir yfir þungum áhyggjum vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem komin er upp í alifuglabúskap á Íslandi. Ástæðan er Gumboro-veira sem greindist nylega á einu kjúklingabúi.**

Brigitte Brugger, dýralæknir alifuglasjúkdóma, mætti á fundinn og upplýsti bændur um stöðuna og hvaða möguleikar eru til að útrýma þessum sjúkdómi ef mögulegt er.

Bændur hafa miklar áhyggjur af stöðu mála og vona að öllum tiltækum ráðum verði beitt til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu.

Fundurinn lýsir ánægju með að stjórnvöld hafi gripið til aðgerða á grundvelli laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma, til að freista þess að ráða niðurlögum sjúkdómsins á búinu. Einnig til að fyrirbyggja frekari útbreiðslu og koma þannig í veg fyrir að sjúkdómurinn verði landlægur. Í yfirlýsingunni segir að það sé gríðarlega mikilvægt fyrir búgreinina og íslenskan landbúnað í heild að svo megi verða.

Stjórnir búgreinafélaganna hvetja stjómvöld til að láta hvergi staðar numið fyrr en sjúkdómnum hefur verið útrýmt að fullu. Einnig að framkvæmd og greiðsla kostnaðar vegna nauðsynlegra aðgerða fari fram samkvæmt lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.



**Litið er mjög alvarlegum augum á að Gumboro-veira hafi fundist í íslensku kjúklingabúi. Ekki er vitað um hvernig veiran barst í búið en öll áhersla er nú lögð á að koma í veg fyrir að veiran breiðist út.**

Samkvæmt upplýsingum frá Félagi eggja- og kjúklingabænda hefur engin skýring fundist á hvernig smit barst inn á umrætt bú. Ljóst sé þó að smitið hafi ekki borist þangað með frjóvguðum eggjum.

Greint var frá smitinu í tilkynningu frá MAST 23. ágúst. Þar sagði m.a.:

Veirusjúkdómarnir Gumboro veiki og innlyksa lifrarbólga hafa greinst í kjúklingum á Rangárbúinu á Hólavöllum í Landsveit. Matvælastofnun hefur sett búið í einangrun með það að markmiði að útrýma sjúkdómunum áður en þeir ná fótfestu hérlendis.

Grunur um smitsjúkdóm vaknaði eftir veikindi og aukin dauðsföll á búinu í lok júlí og þá tilkynnti Reykjagarður hf. málið til Matvælastofnunar.

Stofnunin setti flutningsbann á búið og upplýsti aðila sem tengdust búinu og alifuglabændur um málið. Allir flutningar til og frá búinu eru bannaðir nema með sérstöku leyfi stofnunarinnar.

Veikir fuglar greindust með bæði innlyksa lifrarbólgu og Gumboro-veiki. Veirusjúkdómarnir voru staðfestir með blóðrannsókn og krufningu. Þeir eru tilkynningaskyldir til Matvælastofnunar. */HKr.*

---

### Tillögur um endurskoðun á starfsskilyrðum garðyrkjubænda:

# Lagt til að beingreiðslur nái til allra tegunda grænmetis

## – Nýta þarf sóknarfæri með markvissum aðgerðum

**Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga hefur skilað tillögum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði garðyrkjubænda. Þar er meðal annars lagt til að beingreiðslur nái til allra tegunda sem eru í ræktun á Íslandi.**

Í skýrslunni kemur fram að í kjölfar búvörusamninga árið 2002 – þar sem í fyrsta skipti hafi verið gerður samningur við garðyrkjuna – hafi verið teknar upp beingreiðslur fyrir tómata, gúrkur og paprikur; tegundir sem ræktaðar eru með raflýsingu í gróðurhúsum. Um leið var tollvernd þessara tegunda felld niður. Garðyrkja á Íslandi er stunduð bæði í innirækt í gróðurhúsum en einnig í útirækt en samningurinn hefur frá upphafi takmarkast við beingreiðslur vegna innirræktar á áðurnefndum tegundum, auk niðurgreiðslu á kostnaði við flutning og dreifingu raforku. Útiræktun hefur því ekki fengið beinan stuðning, en óbeinn stuðningur er við tilteknar tegundir með tollvernd á meðan viðkomandi tegundir eru á innlendum markaði. Frá 2017 hafa garðyrkjubændum boðist jarðræktarstyrkir fyrir útirækt sína en þar er um takmarkaða fjármuni að ræða ár hvert.

Telur samráðshópurinn að endurskoða þurfi hvernig beingreiðslum er beitt og leggur til að þær nái til allra tegunda grænmetis sem ræktaðar eru á Íslandi – óeðlilegt sé að gera greinarmun þar á.



**Samráðshópurinn telur nauðsynlegt að ráðist verði í að styrkja verulega rekstrarumhverfi fyrir útiræktun grænmetis. Frá Garðyrkjustöð Sigrúnar á Flúðum.** Mynd / smh

*Hlutfall innlendrar framleiðslu lækkar*

Í tillögum samráðshópsins kemur fram að helstu áskoranirnar í að efla og bæta starfsskilyrði greinarinnar felist í að auka á ný hlutdeild innlendrar framleiðslu á markaði. Í skýrslunni kemur fram að hún hefur almennt farið halloka á undanförnum árum í samkeppninni við innflutt grænmeti. Þannig hefur hlutfall þeirrar innlendu framleiðslu sem fer á innanlandsmarkað fallið um 23 prósent á tímabilinu frá 2010 til 2018, úr 75 prósentum niður í 52 prósent. Af þeim tegundum sem njóta beingreiðslna er það aðeins í gúrkuframleiðslunni sem tekist hefur að halda í markaðshlutdeildina á tímabilinu frá 2007 til 2018, en þar er innlenda framleiðslan markaðsráðandi. Markaður þessara þriggja tegunda hefur stækkað um 21 til 29 prósent á þessu tímabili, en hlutfall innlendrar tómataframleiðslu hefur fallið úr 74 prósentum niður í 44 prósent og paprikuframleiðslan úr 14 prósentum í 11 prósent.

Í annarri innlendri grænmetisframleiðslu hefur orðið svipuð þróun, fyrir utan salatframleiðsluna þar sem hlutfallið hefur aukist.

*Nýting sóknarfæra og markvissar aðgerðir*

Mikil sóknarfæri eru talin felast í aukinni grænmetisframleiðslu á Íslandi og leggur samráðshópurinn til að efla þurfi íslenska grænmetisframleiðslu og segir sterk rök fyrir því; bæði út frá umhverfislegum ávinningi og markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum en ekki síður út frá lýðheilsusjónarmiðum.

Er lagt til að farið verði í markvissar aðgerðir til að efla ræktun á fleiri tegundum grænmetis þar sem mikil sóknarfæri séu til staðar í greininni. Er í því sambandi nefndir möguleikar í svokallaðri hilluræktun (e. vertical farming), þörungarækt, baunarækt, berjarækt og framleiðslu jurta sem nýta megi til iðnaðarframleiðslu. Þá þurfi að laga reglukerfi beingreiðslna, þar sem litlar gúrkur og litlar paprikur flokkast ekki sem tegundir sem eigi kost á beingreiðslum.

Varðandi útiræktað grænmeti er talið nauðsynlegt að ráðist verði í að styrkja verulega rekstrarumhverfi fyrir slíka ræktun. Er lagt til að greiðslur vegna útiræktunar til manneldis verði hækkaðar verulega og að gerð verði gangskör í skráningu og söfnum upplýsinga í sameiginlegan gagnagrunn. Undir útirækt fellur ræktun til manneldis sem fer fram utandyra meirihluta ræktunartímans, svo sem kartöflur, gulrófur, gulrætur, hvítkál, blómkál, sellerí og hluti berjaræktunar.

*Endurskoðun raforkumála og tollverndar*

Varðandi raforkumál leggur samráðshópurinn til að grunnur og fyrirkomulag gjaldskrár raforkudreifingar verði endurskoðaður með tilliti til kostnaðar við tengingu og það magn sem viðkomandi garðyrkjustöð kaupir. Markvisst verði unnið að því að sameina tekjumörk dreifbýlis og þéttbýlis og að dreifingarkostnaður taki að hluta mið af magni orkunnar sem keypt er. Endurskoðunin verði til að lágmarks tilfærslur þurfi til niðurgreiðslu.

Varðandi tollvernd tekur hópurinn ekki afstöðu til þess hvort horfið verði frá þeirri vernd sem þegar er til staðar, að minnsta kosti ekki á meðan útfærsla hennar getur ekki tryggt að innlend framleiðsla geti staðið sterk gagnvart hlutdeild á markaði. Tollverndin hafi rýrnað verulega að raungildi og fjárhæðir ekki tekið verðlagsbreytingum og því telur hópurinn mikilvægt að skoða fyrirkomulag hennar og raunverulegt verðmæti.

Þá sé eðlilegt að farið verði yfir tollflokkun garðyrkjuafurða og hún endurskoðuð eftir atvikum. */smh*


## Vík í Mýrdal er vaxandi bær í fallegu umhverfi

Mýrdalshreppur er vaxandi 700 manna sveitarfélag. Síðastliðin tvö á hefur íbúafjölgun á landinu verið mest í Mýrdalshreppi á landsvísu. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem leik-, grunn - og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili og góð aðstaða til íþróttaiðkunar.

Náttúrufegurð er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið. Sutt í góðar göngu- og hjólaleiðir, paradís fyrir útivistarfólk. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar á því sviði fyrir fólk með ferskar hugmyndir. Það er margt að gerast á svæðinu og er Vík því áhugaverður staður fyrir öflugt og dugmikið fólk.



LEIKSKÓLINN MÁNALAND VÍK Í MÝRDAL

## Leikskólinn Mánaland óskar eftir leikskólakennara til starfa

Leikskólinn er tveggja deilda leikskóli í Vík í Mýrdal og er fyrir börn á aldrinum 1-5 ára. Mánaland vinnur að því að verða heilsueflandi leikskóli sem er verkefni á vegum Landlæknisembættisins. Við leggjum mikla áherslu á holla og góða næringu auk góðrar almennrar lýðheilsu. Við vinnum einnig með ART og erum með Vináttuverkefnið Blæ á báðum deildum leikskólans. Leikskólinn okkar er í sífelldri þróun og leitum við að leikskólakennara sem er tilbúinn til að ganga í liðið okkar og þróa starfið enn meira ásamt því að vera hluti af samfélaginu okkar.

Við leitum að leikskólakennurum til starfa á báðum deildum leikskólans. Ef ekki fæst leikskólakennari til starfa verður ráðinn leiðbeinandi eða starfsmaður með aðra uppeldismenntun.

**Við bjóðum upp á:**

- Húsnæðishlunnindi
- Að verða hluti af ungu, áhugasömu og faglegu vinnuumhverfi sem er í stöðugri þróun.
- Tækifæri til að taka þátt í að þróa leikskólastarfið.
- Tækifæri til að kenna börnum leikni og að upplifa gleði.
- Tækifæri til símenntunar.
- Skemmitlegan vinnustað.

**Frekari upplýsingar um starfið:**

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ v/Félags leikskólakennara.
Leiðbeinendur falla undir kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga og Foss.
Starfshlutfall: 70% til 100%
Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur til 15. október 2019**

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Bergný Ösp Sigurðardóttir í síma 487–1241 og tölvupósti bergny@vik.is. Umsóknir ásamt ferilskrá, meðmælendur og afrit af leyfisbréfi auk sakavottorðs má senda inn hér: http://manaland.leikskolinn.is/Upplysingar/Starfsumsokn*




Bústólpi kynnir **VÖXT**, nýja fóðurlínu ætlaða kálfum. Fóðurlínan inniheldur þrjár vörur sem allar hafa sérstök einkenni. Vörurnar eru **KÁLFAKÖGGLAR**, **VAXTARKÖGGLAR** og **NAUTAKÖGGLAR**. Í fóðurlínunni er kjarnfóður sem hentar öllum aldursskeiðum í uppeldi kálfa og ungneyta. Kjarnfóðrið er sérsniðið að íslenskum aðstæðum.

Hafðu samband fyrir frekari upplýsingar
**S. 460 3350 – bustolpi@bustolpi.is**

Bústólpi
VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

## Z STÁLGRINDARHÚS

Margar stærðir Z stálgrindarhúsa í boði. Bjóðum bæði staðlaðar húsagerðir og sérhönnun fyrir viðskiptavini.



**8 x 20 x 3,5 m - 7.200.000 kr. m/vsk.**
**10 x 20 x 3 m - 7.600.000 kr. m/vsk.**
**12 x 30 x 3,5 m - 10.440.000 kr. m/vsk.**
**18 x 35 x 3 m - 16.200.000 kr. m/vsk.**

Z Stálgrind, 40 mm PIR yleiningar og teikningar.

## TIMBUR EININGAHÚS

Margar gerðir timbur einingahúsa í boði. Bjóðum bæði staðlaðar húsagerðir og sérhönnun fyrir viðskiptavini.

**Einbýlishús**
**Rað- og parhús**
**Frístundahús**
**Ferðaþjónustuhús**
**Starfsmannahús**
**Bílskúrar**



Getum útvegað hús beint frá verksmiðju á 6-8 vikum.

## YLEININGAR



Hágæða yleiningar fyrir veggi og þök.
Fást með PIR eða STEINULL.

Veggeiningar 40-220mm
Þakeiningar 40-220mm

Allar skrúfur, þéttingar, áfellur og ylplast í boði með pökkum.

## BOGAHÚS

**12x20 m - 5.400.000 kr. m/vsk**
**12x30 m - 7.560.000 kr. m/vsk**
**15x30 m - 9.900.000 kr. m/vsk**
**15x50 m - 14.250.000 kr. m/vsk**



Stálbogar, langbönd, klæðning, rennihurð & teikningar.

Afgreiðslufrestur 8-10 vikur

## SÓLSTOFUR & GARÐHÚS



Bjóðum flottar sólstofur úr áli. Sjáum um allar teikningar og að útvega efni. Lengdu sumarið með sólstofu eða garðhús!

Getum útvegað sólstofur og garðhús beint frá verksmiðju á 6-8 vikum.

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

**TÖLVUPÓSTUR**
bkhonnun@bkhonnun.is
**SÍMI**
865-9277
**VEFFANG**
www.bkhonnun.is

# LÍMTRÉSHÚS OG BITAR AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

*TILSNIÐIN HÚS EFTIR ÓSKUM OG ÞÖRFUM HVERS OG EINS.*







## FÁÐU TILBOÐ Í ALLAN PAKKANN MEÐ YLEININGUM OG ÖLLU SEM TIL ÞARF

*GETUM BOÐIÐ ALLT LÍMTRÉ VAXBORIÐ SEM EINFALDAR ÖLL ÞRIF*

HÝSI

**Hýsi-Merkúr | Lambhagavegur 6 | 113 Reykjavík | Sími: 534 6050 | Netfang: hysi@hysi.is**

FRÉTTASKÝRING



Rannsóknir og tilraunir Hypergiant Industries í Austin í Texas í Bandaríkjunum sýna að með aðstoð tækninnar geta þörungar verið allt að 400 sinnum virkari en tré við að gleypa í sig koltvísýring.

## Lausn á fjölmörgum af stærstu vandamálum heimsbyggðarinnar getur falist í nýtingu á einni smæstu jurt jarðar:

# Úr þörungum má framleiða lífeldsneyti og prótein sem dygði fyrir alla heimsbyggðina

## – Smáþörungar framleiða um 70% af súrefni heimsins og eru 400 sinnum virkari en tré við að gleypa í sig koltvísýring



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Fjöldi fólks hefur vaxandi áhyggjur af því magni koltvísýrings ($CO_2$) sem er dælt út í andrúmsloftið. Ástæðan eru breytingar á veðurfari og hlýnun loftslags. Umræðan hefur samt oft þróast út í miklar öfgar og hástemmt orðskrúð svo mörgum er farið að þykja nóg um. Nær ekkert er þó rætt um að mun mikilvirkari lofttegund, súrefnið, hefur farið þverrandi. Telja sumir að það sé mun líklegri skýring á hlýnun loftslags en aukning koltvísýrings sem er ekki nema um 0,04% andrúmsloftsins. Ekki er heldur mikið rætt um að með nýtingu á agnarsmárri jurt er bæði hægt að eyða koltvísýringi úr loftinu og auka súrefnisbirgðir jarðar.**

Það er enginn vafi á að sú staðreynd að súrefni er nærri 21% af lofthjúpi jarðar er lykillinn að veru mannsins á jörðinni. Plöntur framleiða súrefni með ljóstillífun og því eðlilegt að við horfum á ræktun og viðgang gróðurs sem megin viðfangsefnis jarðarbúa á öllum tímum. Það vekur því spurningar af hverju við sjáum engar kröfugöngur á strætum borga um að stórefla ræktun gróðurs.

### Skógar heimsins hafa rýrnað

Á heimsvísu hefur mjög verið gengið á skóga á síðustu 100 árum, sér í lagi regnskóga. Samkvæmt gögnum Global Forest Resources Assessment, þá minnkuðu skógar á heimsvísu um 3% frá 1900 til 2015, og mest í hitabeltinu. Eftir 1990 fór þó aðeins að hægja á skógareyðingunni. Það þýðir að dregið hefur umtalsvert úr framleiðslu súrefnis á þessu tímabili sem og bindingu koltvísýrings.

### Afar misvísandi tölur um súrefnisframleiðslu í Amazon

Í tölum sem vistfræðingurinn Yadvinder Malhi hjá umhverfis-stofnun Oxford háskóla kom fram með 2010 var áætlað að allir regnskógar heims skiluðu um 34% af súrefninu í andrúmsloftinu. Miðað við stærð Amazon skóganna áttu þeir þá að skila 16% eða tæplega helmingi þess súrefnis sem landplöntur á jörðinni framleiddu í heild. Í leiðréttum tölum þar sem búið var að taka tillit til framleiðslu þörunga er talað um að Amazon skógarnir framleiði um 9% af súrefni jarðar. Í enn annarri úttekt loftslagsvísindamannsins Jonathan Foley var talan komin niður í 6%.

### Enn rangar fullyrðingar á lofti

Í tímaritinu National Geographic þann 28. ágúst síðastliðinn kom fram að enn sé verið að flagga kolröngum fullyrðingum um Amazon svæðið. Slíkt hafi komið fram í fjölmiðlum eins og CNN, ABC, Sky News, í samfélagsmiðlum, hjá pólitíkusum eins og Emmanauel Macron Frakklandsforseta, þingmönnum á Bandaríkjaþingi og leikaranum og umhverfissinnanum Leonardo di Caprio. Allir þessir aðilar fullyrði enn að Amazon skógarnir framleiði um 20% af öllu súrefni á jörðinni.

### Rangar fullyrðingar um losun framræstra mýra á Íslandi

Þetta minnir óneitanlega á þrálátar fullyrðingar um gríðarlega kolefnislosun framræstra mýra á Íslandi. Þar hefur verið hamrað á því árum saman, m.a. af íslenskum stjórnvöldum og náttúruverndarsamtökum, að 72% af allri losun okkar Íslendinga á koltvísýringi sé vegna framræslu lands. Sýnt hefur verið fram á af sérfræðingum að þessar fullyrðingar standast alls ekki. Er skrítið þótt almenningur viti ekki í hvorn fótinn hann á að stíga þegar kemur að umræðum um loftslagsmál? Vísindamenn virðast ekki vera með þetta á tæru, hvað þá stjórnmálamennirnir sem eiga að stjórna aðgerðum í loftslagsmálum bæði hér heima og á heimsvísu.

### Stóraukin skógrækt í Evrópu

Ef horft er til Evrópu, þá hefur þróunin verið að snúast við á síðustu 60–80 árum. Ræktun skóglendis hefur stóraukist frá lokum síðustu heimsstyrjaldar. Víða var skipa-, bygginga- og pappírsiðnaður farinn að ganga mjög á skóga, en því tókst að snúa svo rækilega við að skógar þekja nú meira land í Evrópu en fyrir hundrað árum.

Um 1900 var varla nokkur upprunalegur skógur eftir í Evrópu. Eftir heimsstyrjöldina síðari var staðan orðin enn verri, þá tóku Evrópuþjóðir sig til með miklu átaki í ræktun skóga. Það átak stendur enn og eru skógar nú ríflega þriðjungi stærri en fyrir 100 árum.

Hollendingar og Englendingar, sem reiddu sig mjög á siglingar, gengu hratt á skógana á átjándu og nítjándu öld. Um aldamótin 1900 voru einungis um 2–3% upprunalegra skóga eftir í báðum þessum löndum. Samkvæmt tölum World Views frá 2010 og birtar voru hjá Washington Post, þöktu skógar þá um 10–12% lands í báðum þessum löndum. Svipaða sögu er að segja frá Skotlandi og Írlandi. Þetta er byggt á rannsóknum Richard Fuchs stofnunarinnar hjá háskólanum í Wageningen í Hollandi.

### Ræktun skóga nýtur aukins skilnings á Íslandi

Vegna alvarleika umræðunnar í loftslagsmálum reyna þeir hógværari stöðugt að finna mjúka lendingu í þessum málum. Binding koltvísýrings með aukinni ræktun skóga er sannarlega áhrifarík leið. Ekki má gleyma því að súrefnisframleiðslan er jafnvel enn mikilvægari.

Önnur leið sem líka er hægt að fara samhliða skógrækt er ræktun ör- eða smáþörunga (microalgae) sem eru afar öflugt lífsform sem breytir koltvísýringi með ljóstillífun í olíu og nýtanlegt hráefni í fóður dýra og fæðu manna. Það sem meira er, smáþörungar í hafinu, og hér á Ísland, eru mun mikilvirkari í framleiðslu á súrefni en jafnvel frumskógarnir í Amazon og víðar sem löngum hafa verið kallaðir lungu heimsins.

### Þörungar taldir framleiða um 70% af súrefninu á jörðinni

Talið er að smáþörungar (microalgae) í hafinu framleiði um 70% af súrefninu í lofthjúpnum og bindi um leið gríðarlegt magn af koltvísýringi og umbreyti honum í olíu og lífmassa.

### Athyglisverður málflutningur fyrir ágæti örþörunga

Í grein í Forbes í fyrrasumar var áhugaverð grein undir fyrirsögninni **„Sjáum hvernig þörungar gætu breytt veröldinni okkar“** (See How Algae Could Change Our World). Þar er vísað í loftslagsvísindamanninn Charles Greene sem er prófessor við Cornell háskóla og félagi í Marine Algae Industrialization Consortium (MAGIC), sem hefur m.a. fengist við að skoða hvernig hægt sé að nota smáþörunga til að framleiða lífeldsneyti. Á vísindaráðstefnu American Geophysical Union's biannual ocean sciences sem haldin var í Portland í Oregon í Bandaríkjunum í febrúar 2018, kynnti Greene hugmyndir um hvernig nota mætti örþörunga sem lausn til að mæta vanda 21. aldar. Það varðar eldsneyti, loftslagsmál og fæðuöryggi.

Víst er að smáþörungar eru gríðarlega afkastamiklar plöntur. Í greininni í Forbes kemur fram að þörungar geti framleitt um 19 til 57 tonn af lífrænni olíu á hektara sem er nærri 7 sinnum meiri afköst en hægt er að ná með afkastamestu olíujurtunum í landræktun. Meira að segja hafa verið gerðar tilraunir með ræktun örþörunga úti í geimnum.

### Ekki laus við heimsendaspár

Viðtalið við Greene er svo sem ekki laust við heimsendaspádóma og greinilegt að hann telur sig ásamt sínum félögum búinn að finna þá lausn sem dugi. Þó þetta kunni allt saman að vera satt og rétt, þá verður það bara aldrei svo í veruleikanum að heimurinn verði tilbúinn að stökkva á eina hugmynd sem leysa muni öll vandamál. Ekki frekar en fólk sé tilbúið að fallast á að vera einungis með ein trúarbrögð.

### Smáþörungar taldir geta leyst stóru vandamál heimsins

Hvað er svo merkilegt við ör- eða smáþörunga að menn telji að þeir geti verið lausn á jafn risastóru vandamáli og margumtalaðri loftslagsvá? Jú, þörungarnir vaxa tíu sinnum hraðar en landplöntur og það þarf minna en tíunda hluta þess lands sem nauðsynlegt er til að framleiða jafngildi þörunga í lífmassa. Þá er miðað við þörungaframleiðslu í tjörnum. Hægt er reyndar að framleiða þörunga með enn skilvirkari hætti í lóðréttri ræktun, en það er kostnaðarsamara.

Þörunga má líka rækta á landi sem annars er ekki hægt að nýta til ræktunar á nokkurri nytjajurt. Þeir keppa því ekki um land við aðra uppskeru sem ræktuð er á landi. Þörungar þarfnast ekki ferskvatns og þá er hægt að frjóvga á skilvirkari hátt en ræktun plantna á landi. Það er því hægt að komast hjá mikilli vatnsnotkun sem annars er nauðsynleg við ræktun. Það kemur í veg fyrir sóun á áburðargjöf og ofauðgun grunnvatns, áa og vatna á næringarefnum sem hefur verið fylgifiskur við nútíma landbúnað. Þá þarf ekki að beita eiturefnum við slíka ræktun. Í sjó eru þörungar uppspretta omega 3 fitusýra sem finnast í fiski.

### Með fjölþætta nýtingarmöguleika

Þar sem örþörungar vaxa mun hraðar en plöntur í landinu og eru afar olíuríkir geta þeir verið uppspretta lífeldsneytis sem endurnýtir koltvísýring úr loftinu. Þá eru þeir skynsamlegar umhverfis- og efnahagslega verðmætar afurðir, að mati Greene. Auk lífeldsneytis er samhliða hægt að framleiða verðmætt fóður og hráefni til matvælagerðar.

Greene telur að þörungar gætu því verið svarið við öllum þeim áskorunum um framleiðslu á kolefnishlutlausu eldsneyti, hráefni fyrir fiskeldi fyrir landbúnað og matvælaiðnað með próteini til manneldis.

FRÉTTIR



Norðlenskur hrútur. Mynd / MÞÞ

# Slátrun hafin á Hvammstanga

**„Það gekk allt mjög vel, en ég hefði gjarnan viljað sjá meiri viðbrögð,“ segir Davíð Gestsson, framleiðslustjóri hjá Sláturhúsi Kaupfélags Vestur-Húnvetninga, SKVH.**

Þar á bæ hófst sumarslátrun á föstudag í liðinni viku og var alls slátrað 427 dilkum þann daginn. Meðalþyngd var 15,1 kg sem er að sögn Davíðs ágætt á þessum tíma. Næsta slátrun hjá SKVH er í dag, 15. ágúst, og er álagsgreiðsla þá 22,5%.

***Markaðurinn kallar á ákveðnar kjötvörur***

Í næstu og þarnæstu viku eru einnig fyrirhugaðir þrír sláturdagar í hvorri viku og fara álagsgreiðslur stiglækkandi eftir því sem á líður, verður 15% í næstu viku og 10% í þarnæstu. Hefðbundin sláturtíð hefst hjá SKVH í byrjun september og er að sögn Davíðs gert ráð fyrir að um 100 þúsund fjár verði slátrað hjá félaginu í komandi sláturtíð. Það er álíka margt og var í fyrra.

Davíð segir að ákveðið hafi verið að bjóða upp á sumarslátrun nú í ágúst þar sem markaður hefði kallað á ákveðnar kjötvörur. Bændur hafi brugðist við og ætla að koma með fé til slátrunar nú síðsumars, en hann kveðst vissulega hafa viljað sjá hressilegri viðbrögð en raun ber vitni. „Við getum alveg bætt við okkur,“ segir hann. /MÞÞ

# Sveitasæla í Skagafirði

Landbúnaðarsýningin og bændahátíðin „Sveitasæla í Skagafirði“ verður haldin um næstu helgi í Reiðhöllinni Svaðastöðum á Sauðárkróki. Fjöldi atriða er á dagskrá og eitthvað fyrir alla fjölskylduna. Sýningin verður opnuð klukkan 10 laugardaginn 17. ágúst. Þar verður m.a. handverksmarkaður, vélasýning, leiktæki fyrir börnin og veitingasala. Á sunnudeginum verða opin bú í sveitinni og söfn opna dyr sínar fyrir gestum.

## Slátrun Matís dregur dilk á eftir sér:

# Sveinn Margeirsson í skýrslutöku hjá lögreglunni

## – tæpu ári eftir að hann stóð fyrir örslátrun í Birkihlíð og afurðasölu á Hofsósi

**Sveinn Margeirsson, fyrrverandi forstjóri Matís, var á dögunum kallaður á skrifstofur lögreglunnar á Blönduósi til skýrslutöku vegna máls frá því í október í fyrra. Þá stýrði hann nýrri aðferð við heimaslátrun á lambi (svokallaðri örslátrun) á bænum Birkihlíð í Skagafirði – og seldi afurðir þess síðan í kjölfarið á bændamarkaði á Hofsósi. Í nóvember fór Matvælastofnun fram á opinbera rannsókn á málinu vegna sölunnar á þessum afurðum.**

„Já, ég var í skýrslutöku hjá lögreglunni þar sem ég var spurður út í framkvæmdina á þessari tilraun fyrir tæpu ári síðan. Ég var auðvitað ábyrgur fyrir þessu en ég taldi mig bara vera að sinna hlutverki félagsins, sem er að auka verðmæti landbúnaðarafurða og bæta matvælaöryggi,“ segir Sveinn. Meint brot mun felast í því að hann hafi tekið sauðfé til slátrunar utan löggilts sláturhúss og sett kjötafurðir af því á markað án þess að þær hafi verið heilbrigðisskoðaðar í samræmi við lög.

***Fyrirkomulag heimaslátrunar víða vandamál***

Sveinn segir að flestir viti að heimaslátrun tíðkist mjög víða. „Vandamálið við þá slátrun alla alla er m.a. meðhöndlunin á lífrænum úrgangi. Á meðan heimaslátrun grasserar undir yfirborðinu er verið að skapa slík vandamál en ekki leysa. Tillögur okkar hljóðuðu á þá lund að bændur gætu komið sér upp aðstöðu til að slátra sjálfir og stunda bein viðskipti með sínar afurðir. Í þeim voru verklagsstaðlar sem gera ráð fyrir eðlilegu innra eftirliti og þeim fylgdum við í hvívetna í tilrauninni í Birkihlíð. Til dæmis voru öll sýni örverumæld og reyndust langt innan þeirra marka sem miðað er við - og þegar það lá fyrir ákvað ég að setja kjötið á markað. Þá tók við næsti hluti tilraunarinnar; að athuga hvort áhugi væri á slíkum afurðum á markaði og það kom á daginn að það reyndist svo sannarlega vera.

Ég hef farið víða á undanförnum misserum og skoðað svipað fyrirkomulag í ýmsum löndum þar sem þetta virkar vel, til dæmis í Sviss. Þar er litið á þetta sem eðlilega verðmætasköpun til sveita. Með slíku fyrirkomulagi gætu bændur líka stýrt betur sláturtíma sinna gripa og haft margvíslegt hagræði af því að auki.“

***Rangar áherslur***

„Mér finnst skjóta skökku við að eltast við svona mál í stað þess að einbeita sér að því að búa bændum betra umhverfi til þess að skapa sér verðmæti úr sínum afurðum, ekki síst vegna þess hvernig lögin hljóma sem ég er kærður fyrir brot á [lög um slátrun og sláturafurðir], þar sem segir að tilgangur laganna sé að tryggja svo sem kostur sé gæði, heilnæmi og hollustu sláturafurða,“ segir Sveinn.

„Þarna virðist gleymast stundum þáttur gæðanna í þessu öllu saman. Einn aðaltilgangurinn okkar í þessari tilraun var til að mynda að hámarka gæði kjötsins og meyrni þess.



Sveinn Margeirsson, fyrrverandi forstjóri Matís.

Sveinn segir að í stóra samhenginu skipti það hann ekki aðalmáli hverjar málalyktir verða í þessu, heldur hvað gerist varðandi afkomumöguleika sauðfjárbænda á næstu misserum. „Þetta snýst dálítið um pólitískan vilja til að breyta regluverkinu þannig að bændum séu gefin eðlileg tækifæri til að stunda atvinnurekstur eins og þeir vilja gera það.“ /smh

## Afurðaverð sláturleyfishafa 2019 fyrir komandi sauðfjárslátrun:

# Landsmeðaltalshækkun er nú rúm níu prósent

## – enn vantar verðskrá frá Fjallalambi

**Sex af sjö sláturleyfishöfum hafa birt verðskrár sínar fyrir komandi sauðfjársláturtíð. Einungis Fjallalamb á eftir að birta upplýsingar um afurðaverð til bænda. Samkvæmt upplýsingum af vef Landssamtaka sauðfjárbænda greiðir Sláturfélag Suðurlands áfram hæsta meðalverðið fyrir lambið, eða tæpar 455 krónur á kílóið.**

***Mesta hækkunin tæp 15 prósent***

Næsthæsta meðalverðið fyrir lambið greiða Kaupfélag Skagfirðinga og SKVH, eða tæpar 452 krónur á kílóið.

Mesta hækkunin nú í ár á meðalverði fyrir lamb, miðað við verð með uppbótum síðasta árs, er hjá Norðlenska sem hækkar verð um tæp 15 prósent á kílóið.

Sláturtíð hefst hjá Norðlenska 29. ágúst. Forslátrun hófst 9. ágúst hjá KS og SKVH og hefðbundin sláturtíð byrjar 4. september og einnig hjá Sláturfélagi Suðurlands. Slátrun hefst 3. september hjá Sláturfélagi Vopnfirðinga, hjá SAH verður byrjað að slátra 6. september og 12. september hjá Fjallalambi. /smh

### Greiðslufyrirkomulag sláturleyfishafa í sláturtíðinni

| | |
|---|---|
| Sláturfélag Suðurlands (SS) | Innlegg verður staðgreitt föstudag eftir innleggsviku. |
| Norðlenska ehf. (NL): | Greitt verður fyrir innlegg í ágúst og september hinn 9. október og október innlegg hinn 8. nóvember. |
| SAH Afurðir ehf.: | Innlegg verður greitt á föstudegi eftir sláturviku. |
| Kjötafurðastöð KS SF.: | Greitt er fyrir innlegg 1-2 vikum eftir slátrun. |
| Sláturhús KVH ehf.: | Greitt er fyrir innlegg 1-2 vikum eftir slátrun. |
| Sláturfélag Vopnfirðinga HF.: | Fyrir viku 36 er greitt 26. sept, viku 37 er greitt 3. okt og vikur 38 og 39 er greitt 9. okt. Greitt verður fyrir október 10. nóv og 25. nóv. |

### Verð 2018 með uppbótum

| Sláturleyfishafi | Lömb | Fullorðið | Samtals |
|---|---|---|---|
| SS | 430 kr. | 120 kr. | 415 kr. |
| NL | 376 kr. | 111 kr. | 364 kr. |
| SAH | 395 kr. | 115 kr. | 382 kr. |
| KS og SKVH | 419 kr. | 118 kr. | 406 kr. |
| Fjallalamb | 382 kr. | 122 kr. | 371 kr. |
| SV | 397 kr. | 117 kr. | 383 kr. |
| **Landsmeðaltal** | **401 kr.** | **116 kr.** | **388 kr.** |

### Verð 2019

| Sláturleyfishafi | Lömb | Fullorðið | Samtals |
|---|---|---|---|
| SS | 455 kr. | 122 kr. | 439 kr. |
| NL | 432 kr. | 111 kr. | 418 kr. |
| SAH | 435 kr. | 115 kr. | 420 kr. |
| KS og SKVH | 452 kr. | 139 kr. | 438 kr. |
| SV | 442 kr. | 117 kr. | 427 kr. |
| **Landsmeðaltal** | **439 kr.** | **125 kr.** | **424 kr.** |

### Breytingar frá 2018

| Sláturleyfishafi | Lömb | Fullorðið | Samtals |
|---|---|---|---|
| SS | 5,8% | 1,5% | 5,8% |
| NL | 14,9% | 0,00% | 14,6% |
| SAH | 10,2% | 0,00% | 10% |
| KS og SKVH | 7,9% | 18,5% | 8,1% |
| SV | 11,2% | 0,00% | 11,3% |
| **Landsmeðaltal** | **9,4%** | **7,3%** | **9,3%** |

Verð í krónum á kíló. Heimildir fengnar af vef Landssamtaka sauðfjárbænda (LS), saudfe.is. Útreikningarnir byggja á landsmeðaltali í vikum 34-45. Vægi einstakra vikna í verðinu byggir á sláturmagni á landinu öllu og sömuleiðis kjötmati á landinu öllu eftir einstökum vikum haustið 2018. Vægi afurðastöðva í landsmeðaltali er eftir hlutdeild þeirra í slátrun á tímabilinu í heild. Raunverð sem einstakar afurðastöðvar greiða er síðan breytilegt, enda er niðurstaða kjötmats hjá hverri fyrir sig ekki sú sama og landsmeðaltalið, né heldur sláturmagn í einstökum vikum. Af sömu ástæðum er meðalverð sem einstakir bændur fá líka breytilegt. Allir bændur eru hvattir til að reikna út afurðaverð á forsendum þeirra bús, en LS telur útreikninga gefa eins góða mynd og hægt er af meðalverði útfrá forsendum sauðfjárframleiðslunnar í heild.




## Netverslun sækir í sig veðrið:

# Selja matvörur fyrir hundruð milljóna á netinu

**Netfyrirtækið Heimkaup hefur hafið sölu á matvörum og heimsendingu á vörunum í gegnum netið og fer salan vel af stað, að sögn Guðmundar Magnasonar hjá Heimkaupum. Áætlað er að sala fyrirtækisins á matvörum fyrsta árið muni velta hátt í 400 milljónum króna.**

„Við byrjuðum að selja matvöru fyrir rétt rúmum átta mánuðum. Hlutfall íslenskrar matvöru er mjög hátt hjá okkur og spilar ferskvaran stóran þátt þar. Yfir 90 prósent af pöntunum hjá okkur eru heimsendar. Þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu geta fengið fría heimsendingu alla daga vikunnar frá morgni til kvölds og þurfa bara að panta 60 mínútum fyrir þann afhendingarglugga sem þeir velja. Þar að auki höfum við afhent samdægurs (að kvöldi til) á Reykjanesinu og Suðurlandi en



Kjöt og aðrar matvörur eru á boðstólum á netinu. Ef pantað er fyrir ákveðna upphæð er frí heimsending hvert á land sem er. Íslandspóstur sér um dreifingu á landsbyggðinni. Skjáskot / Heimkaup.is

annars staðar er afhent daginn eftir. Eins og gefur að skilja getum við ekki afhent frosna eða kælda vöru nema að hún komist til viðskiptavina á innan við nokkrum tímum og þá með kælipoka í pakkanum. En þetta hefur farið vel af stað og miðað við ganginn sem við sjáum núna í sölunni gerum við ráð fyrir að fyrsta árið í sölu á matvöru fari í hátt í 400 milljóna króna sölu,“ útskýrir Guðmundur Magnason. /ehg

UTAN ÚR HEIMI

Pólitísk „græn hugmyndaskriða“ endurspeglast í kosningum víða um Evrópu:

# Stjórnmálamenn ESB skoða álagningu loftslagsskatta á innfluttar vörur

## – Verðum að gera sambærilegar kröfur á innflutning hjá okkur, segir sérfræðingur hjá Samtökum norskra landbúnaðarsamvinnufélaga

**Hugmyndir um kolefniskatta á landbúnaðarvörur og aðrar vörur sem fluttar eru til ESB-landa gæti lamað landbúnaðarframleiðslu í mörgum viðskiptalöndum ESB. Eina leiðin til að mæta því að mati sérfræðings hjá Samtökum norskra landbúnaðarsamvinnufélaga er að tekin verði upp þverpólitísk og sambærileg viðskiptastefna í löndum eins og Noregi. Sú stefna geri sömu kröfur til innflutnings og gerðar séu til innlendrar framleiðslu, m.a. hvað varðar notkun sýklalyfja.**

Grænu flokkarnir urðu sigurvegarar í sveitarstjórnarkosningunum í Noregi 9. september. Það var kosið í sveitarstjórnir og á fylkisþing. Það blæs líka grænn vindur utan landamæra landsins, segir í grein í Bondebladet í Noregi í síðustu viku.

*Umbreytinga í átt að grænni viðskiptastefnu í ESB*

„Margt bendir til meiri umbreytinga í átt að grænni viðskiptastefnu í ESB næstu fimm árin,“ segir Arne Ivar Sletnes, yfirmaður alþjóðamála hjá Samtökum norskra landbúnaðarsamvinnufélaga (Norsk Landbruksamvirke), sem er eins konar SÍS þeirra Norðmanna.

Sletnes segir að kosningin á nýtt Evrópuþing í sumar hafi leitt til mikils uppgangs Græningja og fyrir flokka sem nú hafa sameinast undir heitinu „Endurnýjum Evrópu“. Þessir tvö stjórnmálaöfl muni hafa veruleg áhrif á Evrópuþinginu.

*Vaxandi krafa um sjálfbæra framleiðslu*

Græningjar krefjast viðskiptastefnu sem stuðli að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, styrkja umhverfisgildi, standa vörð um réttindi starfsmanna og gera mögulegt að ná 17 alþjóðlegum sjálfbærnimarkmiðum. Stjórnmálaaflið „Endurnýjun Evrópu“ deilir að mestu grænum hugmyndum hvað varðar viðskiptastefnu um sjálfbæra þróun, segir sérfræðingurinn Sletnes.


Arne Ivar Sletnes, yfirmaður alþjóðamála hjá hjá Samtökum norskra landbúnaðarsamvinnufélaga.


Ursula von der Leyen, nýráðinn forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.







*Krafa um loftslagsskatt*

Sletnes bendir á að þessir flokkar séu ekki einir á þessari línu. Nýráðinn forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, hin þýska Ursula von der Leyen, hefur svarað kröfum þingsins. Hún leggur áherslu á loftslag, sjálfbærni og jafna dreifingu sem lykilverkefni í stefnu ESB.

„Meðal ábreifanlegra aðgerða í alþjóðaviðskiptum leggur hún til að sett verði kolefnisgjald við ytri landamæri ESB. Þetta mun koma í veg fyrir „kolefnisleka“, gera innfluttar vörur með meiri losun gróðurhúsalofttegunda dýrari og hjálpa þannig til við að draga úr hlýnun jarðar,“ segir Sletnes.

„Ef innfluttar vörur eru að valda meiri losun en gerð er krafa um í ESB verður lagður á þær einhvers konar loftslagsskattur. Nú er unnið að því að finna út hvernig hægt sé að útfæra þetta,“ segir hann í samtali við Bondebladet.

„Nánar tiltekið er þetta ekki komið mjög langt ennþá, en pólitísk umræða og viðleitni til að hugsa um hvernig hægt er að framkvæma þetta er komin lengra í ESB en í Noregi,“ segir Sletnes enn fremur.

*Snýst um samkeppnishæfni*

„Þessi hugsunarháttur er mikilvægur fyrir norskan landbúnað,“ segir Sletnes.

„Ef við eigum að hafa sjálfbæran landbúnað í Noregi, þá hlýtur það líka að vera arðbært að framleiða á sjálfbæran hátt. Þá verðum við að gera jafn strangar kröfur um vörur sem við flytjum inn og þær sem við framleiðum sjálf. Sífellt fleiri stjórnmálamenn í ESB eru talsmenn þessarar skoðunar,“ segir Sletnes.

*Strangari kröfur varðandi norska framleiðslu en innflutta*

Í dag gera Norðmenn strangari kröfur til eigin framleiðslu á mörgum sviðum en viðgengst í þeim löndum sem þeir kaupa vörur frá. Þetta leiðir til hærra framleiðsluverðs á norskum vörum, samanborið við innflutningsvörurnar.

„Maður glatar samkeppnishæfni ef leggja þarf út í mikinn kostnað við að framleiða vörur á sjálfbæran hátt í Noregi þegar það sama gildir ekki gagnvart vörum sem fluttar eru inn. Til að viðhalda samkeppnishæfni verðum við að gera sambærilegar kröfur. Það er verið að talað um að setja sömu kröfur um losun gróðurhúsalofttegunda og gerðar eru varðandi sýklalyfjanotkun,“ segir yfirmaður alþjóðamála hjá Samtökum norskra landbúnaðarsamvinnufélaga.

Innflutningur landbúnaðarafurða til Noregs er að aukast. Sletnes segir þetta vera vandamál. Það snúist um hvernig hægt sé að vera samkeppnishæfur án þess að það leiði til aukins innflutnings. Í þessu samhengi sé þessi viðskiptastefna ESB afar mikilvæg.

*Mun ESB vísa veginn?*

„Norsku landbúnaðarsamtökin telja að við verðum að setja sömu kröfur um sjálfbærni varðandi innfluttar matvörur og gerðar eru um matinn sem framleiddur er í Noregi. Við erum spennt að sjá hvort ESB, með sínum grænu breytingum á viðskiptastefnu sinni, geti vísað veginn í þá átt,“ segir hann.

Finnland verður í forystuhlutverki á ESB þinginu í haust. Þeir kynntu nýlega forgangsröðun viðskiptastefnu sinnar fyrir viðskiptanefnd Evrópuþingsins.

„Ville Skinnari, viðskiptaráðherra Finnlands, sagði að viðskiptastefna yrði að tryggja háa umhverfisstaðla Evrópu og vernda neytendur. Hann sagði að loftslagsmálin hefðu forgang og að Finnland muni kanna möguleika á að koma á loftslagsskattsfyrirkomulagi á vörur sem fluttar eru inn til ESB-ríkjanna,“ segir Sletnes.

*Það sem gerist í þingkosningum skiptir mestu máli*

Aftenposten kallaði niðurstöðuna í sveitarstjórnarkosningunum í síðustu viku „Græna skriðu“.

„Þetta skiptir þó ekki miklu máli fyrr en það verða þingkosningar. Ef við sjáum sömu þróun þá getur það skipt máli. Það er sama hvaða lit flokkarnir hafa, þeir verða að hugsa í þá átt. Allir segja að sjálfbær þróun sé afar mikilvæg. Þá verðum við líka að hugsa um það þegar kemur að okkar viðskiptastefnu,“ segir Arne Iver Sletnes. /HKr.




Skútustaðahreppur:

# Eldsneytissala verður færð af miðsvæði Reykjahlíðar

**Til stendur að færa eldsneytissölu af miðsvæði Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi, Mývatnssveit og er fyrirhugað að stofna lóð við Sniðilsveg 3 fyrir starfsemina.**

Sú lóð er tæplega 2.200 fermetrar að stærð og er innan athafnasvæðis í aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir að mannvirki, s.s. dælur, tankar og lítið aðstöðuhús verði innan byggingarreitsins.

Fram kemur í pistli Þorsteins Gunnarssonar sveitarstjóra að tilgangur með breytingunni sé að geymsla og sala eldsneytis verði flutt út fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár. Jafnframt býður flutningur á eldsneytisdælunni upp á markvissari og umfangsmeiri uppbyggingu miðsvæðisins í Reykjahlíð en ella. Miðað er við að ítrustu mengunarvarnir verði viðhafðar með hliðsjón af viðkvæmu umhverfi þar sem auknar kröfur eru gerðar t.d. um fráveitu.


Reykjahlíð við Mývatn. Mynd / HKr.

Færsla starfseminnar á þennan fyrirhugaða reit er talin hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Sveitarfélagið er jafnframt opið fyrir tillögum að öðrum staðsetningum fyrir eldsneytissölu utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, við þjóðveginn. Um þróunarverkefni yrði að ræða í samstarfi við sveitarfélagið. /MÞÞ



Frá Tjörnesi. Mynd / HKr.

Tjörneshreppur:

# Segir sig úr Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Eyþingi

**„Þetta er fyrst og fremst táknræn mótmæli hjá okkur og við gerum ekkert frekar ráð fyrir að fleiri fylgi okkar fordæmi," segir Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, oddviti Tjörneshrepps, sem á dögunum sagði sig úr Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Eyþingi, samtökum sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu.**

Með úrsögninni vilji hreppurinn mótmæla þingsályktun sem kveður á um að 1000 íbúar skuli að lágmarki vera í hverju sveitarfélagi en hún var samþykkt á aukalandsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga nýverið.



Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson.

***Kristaltært að þetta er stefnan***

Aðalsteinn segir að gert sé ráð fyrir að við næstu sveitarstjórnarkosningar árið 2022 verði gengið út frá því að ekki verði færri en 250 íbúar í hverju sveitarfélagi. Í Tjörneshreppi eru nú um 55 íbúar. „Þetta snýst ekki svo mikið um Tjörneshrepp, miðað við þróunina síðustu áratugina erum við deyjandi sveitarfélag, við gerum okkur grein fyrir því að fyrr eða síðar þurfum við að sameinast öðum nema miklar breytingar eigi sér stað í íbúðaþróun sem eru ekki í kortunum. Engu að síður hefðum við kosið að vera ein áfram þangað til við sjálf hefðum ákveðið annað. Við viljum með þessu mótmæla þessari aðferðafræði sem við teljum ranga. Það er síður en svo að hægt sé að sýna fram á að sameining muni setja öll samfélög í betri stöðu en nú er. Það er verið að dæma ákveðin sveitarfélög til þess að verða jaðarsvæði í sínu samfélagi sem er aldrei spennandi kostur. Ég einhvern veginn trúði því að þessi tilskipun næði ekki fram að ganga núna en eftir aukalandsþingið um daginn er það orðið kristaltært að þetta er stefnan og ekki aftur snúið með það. Satt best að segja hélt ég alltaf að sveitarfélögin yrðu ekki þvinguð til sameiningar, ég hélt í þá von að svo yrði ekki," segir Aðalsteinn.

***Skuldlaust sveitarfélaga með góða inneign í banka***

Hann segir að sitt sjónarmið sé að hreppurinn hafi ekki neitt að gera með að vera innan samtaka sem vilji ekki að það sé til. Samband íslenskra sveitarfélaga eigi að vera samband allra sveitarfélaga en sé það augljóslega ekki lengur. Hvað Eyþing varðar hafi hreppurinn lagt fram sitt framlag til starfseminnar, en þurfi nú að horfa í hverja krónu og betra sé að verja þeim fjármunum sem það hafi úr að spila í annað, nú þegar ljóst er að hreppurinn verði ekki til nema í rúm tvö ár í viðbót

Tjörneshreppur er að hans sögn í góðum málum fjárhagslega, er skuldlaust sveitarfélag með góða inneign á bankareikningi. „Það eru ekki mörg sveitarfélög á landinu í þeirri stöðu," segir Aðalsteinn. Hreppurinn á í ágætu samstarfi við Norðurþing og önnur nágrannasveitarfélög m.a. í skóla-, öldrunar- og félagsmálum.

/MÞÞ





ORKUSJÓÐUR

## Orkusjóður auglýsir sérstaka styrki 2019

Ráðgjafarnefnd Orkusjóðs hefur ákveðið að styrkveitingar Orkusjóðs á árinu 2019 verði til verkefna samkvæmt b) lið 7. gr. reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð en þar segir:

**„Styrkir til verkefna sem leiði til lægri kostnaðar við óniðurgreidda rafkyndingu húsnæðis og mannvirkja í eigu sveitarfélaga".**

Til greina kemur meðal annars: Uppsetning varmadæla, uppsetning eða endurbætur hitastýringar- kerfa og önnur verkefni sem leiða til minni raforkunotkunar við hitun.

Um er að ræða fjárfestingarstyrki, sem hæst geta numið 50% af áætluðum kostnaði við einstök verkefni, þó að hámarki 5 m.kr.

**Við mat á umsóknum verður sérstaklega litið til:**

- Að verk- og kostnaðaráætlun sé vönduð og ítarleg.
- Að raunsætt mat sé lagt á áætlaðan raforkusparnað.
- Hlutfalls orkusparnaðar miðað við kostnað.

## Umsóknarfrestur er til 20. október 2019

Skrifleg staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 20. nóvember 2019

Umsóknum skal skila rafrænt af vef Orkustofnunar **www.os.is** undir Orkusjóður

Nánari upplýsingar á **www.os.is** og hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri. Símar 569 6083 – 894 4280 – Netfang jbj@os.is

ORKUSTOFNUN ORKUSJÓÐUR

Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300



## Aðlögunarstyrkir að lífrænt vottaðri ræktun:

# Hefði ekki verið mögulegt fyrir mig að byrja vottunarferlið strax nema vegna styrksins

### – segir Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, sem keypti eyðijörðina Breiðargerði í Skagafirði undir ræktun sína

**Í ágúst samþykkti Matvælastofnun sex umsóknir af sjö um aðlögunarstyrk að lífrænum framleiðsluháttum. Elínborg Erla Ásgeirsdóttir er ein þeirra sem fá úthlutað þetta árið, en hún keypti fyrir fáeinum árum eyðijörðina Breiðargerði í Skagafirði, þar sem hún hefur hreiðrað um sig með sína lífrænu útiræktun á grænmeti.**

Hún bætist þar væntanlega í hóp fárra garðyrkjubænda sem stunda lífræna útiræktun og framleiða markvisst fyrir almennan markað. Aðlögunartímabilið að lífrænni vottun fyrir einært grænmeti eru tvö ár. Lítil nýliðun hefur verið á Íslandi á undanförnum misserum hvað framleiðendur snertir á lífrænt vottuðu grænmeti, þrátt fyrir að markaðurinn fyrir slíkar vörur virðist hafa stækkað nokkuð ört.

Markmið aðlögunarstyrkjanna er einmitt að aðstoða framleiðendur að uppfylla skilyrði lífrænt vottaðrar framleiðslu og auka framboð lífrænna vara á markaði, en þetta er í þriðja sinn sem slíkir styrkir eru veittir. Fyrir tveimur árum bárust Matvælastofnun einungis tvær umsóknir en í fyrra sóttu fimm framleiðendur um styrki.

*Alltaf haft áhuga á garðyrkju*

Elínborg Erla Ásgeirsdóttir er alin upp í sveit, á bæ skammt frá Breiðargerði þar sem stunduð var sauðfjárrækt.

„Ég hafði alltaf takmarkaðan áhuga á henni," segir Elínborg.

„En hef aftur á móti alltaf haft áhuga á allri ræktun og gróðri almennt – og vann fyrst í garðyrkjustöð þegar ég var 16 ára gömul.

Líklega kviknaði áhugi minn á lífrænni ræktun þó fyrst og fremst þegar ég vann við gulrótaupptöku hjá Akurseli ehf. í Öxarfirði fyrir nokkrum árum síðan. Þá sannfærðist ég allavega um að lífræn ræktun væri möguleg á Íslandi í útiræktun á grænmeti. Þegar ég svo hélt áfram að kynna mér hlutina, lesa mér til og afla mér vitneskju um hugmyndir lífrænnar framleiðslu, heillaðist ég og hef í dag þá skoðun að það sé besta leiðin til þess að framleiða matvæli. Mikil áhersla er lögð á frjósemi jarðvegs, að ganga ekki á landsins gæði, nota ekki eiturefni og almennt að vinna allt í sátt við náttúruna," segir Elínborg.

*Greip tækifærið þegar Breiðargerði var auglýst*

Elínborg hafði velt fyrir sér möguleikanum á eigin garðyrkjuframleiðslu í nokkurn tíma þegar hún sá jörðina Breiðargerði auglýsta til sölu.

„Þar var þá hvorki föst búseta né búskapur og enginn húsakostur á jörðinni utan eitt lítið íbúðarhús. Hún er auðvitað stutt frá heimili foreldra minna og því sá ég möguleikann í því að geta samnýtt tækjabúnað með þeim. Fyrir vikið sá ég fram á að fjárfestingin gæti verið viðráðanleg, sló til og keypti jörðina. Kaupin gengu í gegn í apríl 2015. Ég flutti þangað og bý þar ein. Ég hef síðan smám saman verið að koma mér upp nauðsynlegri aðstöðu og búnaði til þess að framleiða og pakka grænmeti á staðnum. Þar er ég fyrst og fremst að hugsa um útiræktun og jafnvel ræktun í óupphituðum gróðurhúsum.

Frá 2016 hef ég svo ræktað grænmeti í litlu magni og selt í verslunum í nágrenninu undir merkjum Breiðargerðis. Vinsælastar eru líklega gulræturnar sem ég rækta í alls konar litum. Ég er ákveðin í að halda áfram að rækta þær, en er ekki fyllilega búin að ákveða hvaða annað grænmeti ég verð með í árvissri ræktun. Ég er einmitt að taka upp gulrætur þessa dagana og þrátt fyrir mikla þurrka í byrjun ræktunartímabilsins þá líta þær ágætlega út, enda fengið bæði vætu og yl seinnipart sumars og í haust."



Elínborg Erla Ásgeirsdóttir í gulrótargarði sínum í Breiðargerði. Myndir / úr einkasafni




Gulræturnar frá Breiðargerði fara á markað í nálægum verslunum.

*Nemur lífræna ræktun í fjarnámi við LbhÍ*

„Ég er í námi í lífrænni ræktun við garðyrkjudeild Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum í Ölfusi. Námið er tvö ár í dagskóla, en ég tek það á fjórum árum í fjarnámi með vinnu. Garðyrkjuskólinn er magnaður staður. Þar er mikill mannauður og hafsjór fróðleiks fyrir ræktendur að sækja í. Ég mæli með fyrir alla þá sem ætla að stunda garðyrkju að fara í nám við skólann. Ekki síst í lífrænni ræktun þar sem oft getur verið erfitt að nálgast upplýsingar um hvað virkar í lífrænni ræktun á Íslandi.

Stétt lífrænna framleiðenda á Íslandi er því miður fámenn og lítið til af upplýsingum og niðurstöðum rannsókna á vefnum. Oft er því ekki í boði að setjast við tölvuna og leita á vefnum að þeim upplýsingum sem mann vantar, heldur nauðsynlegt að forvitnast um reynslu annarra," segir Elínborg.

*Ræktar lífrænt en vottunin bíður*

Draumurinn hjá Elínborgu var að vera búin að skapa sér atvinnugrundvöll þegar náminu lyki.

„Mig dreymdi um að vera búin að koma mér upp ræktunarlandi, aðstöðu og tækjum til þess að geta framleitt grænmeti í meira magni og stækkað sölusvæðið.

Frá byrjun hef ég einungis notað lífræna áburðargjafa og ekki notað nein eiturefni. Ræktunin er þó ekki lífrænt vottuð eins og er, en hún kemur vonandi að aðlögun lokinni. Lífræn vottun er auðvitað mikill gæðastimpill og neytendur ættu að vera mjög öruggir um að vottuð vara uppfylli öll skilyrði," segir hún.

En lífrænt vottuð ræktun er líka kostnaðarsöm að sögn Elínborgar og útheimtir oft meiri vinnu.

„Lífrænt vottuð fræ eru dýrari, lífrænir áburðargjafar bæði dýrari og oft meiri vinna að koma þeim í ræktunarlandið, meira þarf að nota af yfirbreiðslum alls konar og það þarf meira pláss til þess að passa upp á frjósemi jarðvegsins með því að rækta ekki sömu tegundina lengi á sama stað. Þá er illgresiseyðing tímafrekari þegar ekki eru notuð eiturefni, það þarf pláss og aðstöðu til að jarðgera úrgang frá býlinu og svo framvegis.

Síðan er alltaf ákveðinn kostnaður við aðlögunarferlið og vottunina sjálfa og ég leit því þannig á að ekki væri raunhæft að leggja í þann kostnað fyrr en ræktunin hefði náð ákveðinni stærð, nægilegri veltu til þess að standa undir kostnaðinum," útskýrir Elínborg.

En vottunarferlið tekur líka tíma. Að sögn Elínborgar er aðlögunartíminn í ræktun á einærum plöntum – líkt og flestu því grænmeti sem er ræktað úti á Íslandi – yfirleitt tvö ár. Ekki er leyfilegt að merkja vöruna sína með vottunarmerki Túns sem lífrænt vottaða fyrr en að aðlögunartíma loknum, að því gefnu að þú uppfyllir öll skilyrðin auðvitað.

„Núna í vor fór þó jörðin hjá mér í lífræna aðlögun. Öll jörðin fór í aðlögun, grænmetisgarðarnir, skógrækt sem er nýlega hafin á jörðinni og einnig það land sem í raun er ekkert notað eins og er. Þar eru þá til dæmis tækifæri í framtíðinni til þess að safna villtum jurtum af vottuðu landi," segir Elínborg.

*Umsóknarferlið ekki mjög flókið*

„Í fullri hreinskilni þá hefði ekki verið mögulegt fyrir mig að byrja vottunarferlið strax nema vegna aðlögunarstyrksins sem í boði er," segir Elínborg þegar hún er spurð að því hversu miklu það breyti fyrir hana að hafa fengið styrkinn.

„Hægt er að sækja um styrk vegna alls þess kostnaðar sem fellur til beinlínis vegna aðlögunarinnar – sem ekki væri í boði ef ræktunin væri ekki lífræn.

„Auðvitað er einhver skriffinnska á bak við svona umsókn, það þarf til dæmis að gera kostnaðaráætlun. Þar naut ég þó dyggrar aðstoðar starfsmanns hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og þegar upp var staðið var umsóknarferlið ekki mjög flókið. Ef Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir við kostnaðaráætlunina getur maður fengið að hámarki úthlutað upphæð sem samsvarar 50 prósent af áætlun. Það munar heldur betur um minna. Það er þó skilyrði fyrir úthlutun að vottunarferli sé þegar hafið, að þú hafir skrifað undir samning við vottunarstofu. Það er kannski það sem er mest taugatrekkjandi í ferlinu. Þú ert þegar búinn að skuldbinda þig til að leggja út í kostnaðinn við vottunina áður en þú veist hvort þú færð aðlögunarstuðninginn.

Ef allt gengur að óskum verð ég því komin með vottun á grænmetið hjá mér í seinasta lagi 2021 og mér því leyfilegt að selja það með vottunarmerki Túns á umbúðunum.

Í framtíðinni verður svo hægt að tína sveppi í lífrænt vottaðri skógrækt og fara í berjamó á lífrænt vottuðu landi hjá mér. Ef upp koma tækifæri til nýtingar á þessum eða öðrum afurðum svæðisins þá er vottunin til staðar."

*Bjartsýn á framtíð lífrænnar ræktunar*

„Ég er almennt nokkuð bjartsýn á framtíð lífrænnar ræktunar á Íslandi," segir Elínborg, spurð um stöðu og horfur í þessum geira.

„Mér finnst neytendur alltaf verða meira og meira meðvitaðir um hvað þeir eru að kaupa og þá meðal annars hvað liggur að baki lífrænni vottun. Lífræn framleiðsla er líka umhverfisvæn og losar yfirleitt minna kolefni en almenn ræktun, það skiptir fólk miklu máli í dag.

Líklega þyrfti helst að kynna lífrænar aðferðir enn betur til að hraða þróuninni og fjölga þeim framleiðendum sem sækja sér vottun. Sýna fólki fram á að þetta er ekki bara vel gerlegt heldur vænlegt og að í lífrænni framleiðslu liggi fullt af tækifærum." /smh



# Endurmenntun Lbhí

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

## Torf- og grjóthleðsla

*Í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur*

Hvort sem um ræðir veggi, kartöflukofa eða önnur smærri mannvirki. Þátttakendur fá innsýn inn í íslenska byggingararfleið og kynnast verklagi við byggingu úr hefðbundnu íslensku efni. Lögð verður áhersla á verklega kennslu.

**Hefst 27. september hjá Lbhí á Reykjum í Ölfusi**

## Nám fyrir frjótækna

*Í samstarfi við Nautastöð BÍ og RML*

Námið er ætlað þeim sem áhuga hafa á að læra handbrögð frjótækna. Námskeiðið er einkum ætlað búfræðingum. Fjallað er um málefnum sem snúa á einn eða annan máta að starfi og umhverfi frjótækna.

**Hefst 11. nóvember hjá Lbhí á Hvanneyri**

## Trjáfellingar og grisjun

Farið yfir fellingartækni, öryggisatriði við fellingu trjáa og líkamsbeitingu. Einnig verður fjallað um val á trjám til fellinga og komið inná grisjun skóglenda, trjáþyrpinga og garða.

**Hefst 17. október á Egilsstöðum**

## Handverk og efnisnotkun í innviðum á ferðamannastöðum

*Í samstarfi við Þjóðgarðinn á Snæfellsnesi, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Byggðaráætlun*

Ýmiskonar hleðslur verða kynntar og lausnir sýndar með bæði bóklegri- og verklegri kennslu. Þá verður fjallað um mismunandi aðstæður á ferðamannastöðum og þeim spurningum velt upp hvort jafnvel megi viðhalda víðernis- eða náttúruupplfun ferðamanna með réttu efnisvali, yfirbragði og handverki.

**Hefst 11. október á Snæfellsnesi**



www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

# Er þetta ekki flott?



Til sölu hinar sérstöku súlu-Blæaspir, 2–3 m háar. 30 ára reynsla af þeim hér á landi. Þurfa lítið rými og henta vel sem stakstæð tré.

Einnig hengibirki og vörtubirki frá N-Noregi og ýmsar aðrar öðruvísi plöntur. Alaska aspir 2–3 m (Sælandsaspir, keisaraaspir og Iðun). Íslenskt birki 2–3 m.

Nú er góður tími til að planta. Grænt-Land Sími: 860-5570

# Tilboð!

**Birkitré 2–3 m. á hæð.**
**Tilboðsverð v. magnkaup, 10 stk., 20 stk., 30 stk. eða fleiri**

**Grænt Land ehf. - Flúðum**
**Uppl. í síma 860-5570**



FERÐA MÁLA STOFA
ICELANDIC TOURIST BOARD

# FRAMKVÆMDASJÓÐUR FERÐAMANNASTAÐA AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI FYRIR ÁRIÐ 2020

**Framkvæmdasjóðurinn styrkir verkefni á ferðamannastöðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga jafnt sem einkaaðila sem uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:**

**a)** Verkefnið er til uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru.
**b)** Verkefnið er til framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og náttúruvernd.
**c)** Verkefnið er til undirbúnings- og hönnunarvinnu vegna verkefna sem eru styrkhæf skv. liðum a) eða b).

**Gæði umsókna.**
Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel þær reglur sem um sjóðinn gilda og vanda umsóknir sínar í hvívetna. Umsækjendum er bent á að kynna sér nýtt gæðamatsblað sjóðsins og reglugerð um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða ásamt frekari upplýsingum á vef sjóðsins.
***www.ferdamalastofa.is/umsoknir***

**Nýsköpunarmiðstöð Íslands** mun veita umsækjendum leiðbeiningar við undirbúning og gerð umsókna, þar til auglýstum umsóknarfresti lýkur.

**Hvar ber að sækja um:**
Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum Þjónustugátt Ferðamálastofu sem aðgengileg er á ***www.ferdamalastofa.is/umsoknir*** og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um umsóknarferlið.

**Umsóknarfrestur:**
Umsóknarfrestur er frá og með 1. október til hádegis 29. október 2019.
Umsóknir sem berast eftir það eru ekki teknar gildar.

PORT hönnun

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500
Hafnarstræti 91 | 600 Akureyri | Sími 535 5500

## Regnsmekkbuxur í sýnileika



Mjúkar regnbuxur með teygjanlegu bakstykki.
Viðurkenndar í sýnileika- og vatnsvarnarstaðli.
**Stærðir:** S-3XL
**Efni:** 82% Teygjanlegt vínyl, 18% trevira CS

**Tilboð**
**Verð: kr. 4.900,-**

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### Álit Skipulagsstofnunar

### Hólasandslína 3 í Akureyrarbæ, Eyjafjarðarsveit, Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Landsnets hf. er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

BRIGGS & STRATTON®

## Mótorar og varahlutir á lager
## Hröð og góð þjónusta

## Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

**MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi**
**Sími 544-4656 | www.mhg.is**

BÆKUR & MENNING

## Kindasögur:

# Íslenskt sauðfé að fornu og nýju

**Íslenska sauðkindin er harðger, úrræðagóð og ævintýragjörn, það vita allir sem hana þekkja. Í nýrri bók Guðjóns Ragnars Jónssonar og Aðalsteins Eyþórssonar sem kallast Kindasögur eru rifjaðar upp sögur af íslenskum kindum að fornu og nýju, afrekum þeirra, uppátækjum og viðureignum við óblíða náttúru og kappsfulla smala.**




Í bókinni kynnumst við meðal annars Herdísarvíkur-Surtlu, Eyvindarmúla-Flekku, villifé í Tálkna, hrútnum Hösmaga í Drangey og forystusauðnum Eitli. Útgefandi er Sæmundur. Í eftirfarandi texta grípum við niður í sögu af Herdísarvíkur-Surtlu.

***Herdísarvíkur-Surtla***

„Veturinn 1951 til 1952 var frekar snjóþungur. Hugðu menn þá gott til glóðarinnar að ná Surtlu því vel ætti að sjást til svartrar kindar á hvítri hjarnbreiðunni. Um veturinn var því farinn sérstakur leiðangur til að handsama hana. Ekki tókst það fremur en áður en þó náðist lambið í þessari ferð með hjálp hunda. Á útmánuðum var þess enn freistað að ná Surtlu. Í þann leiðangur fór Sæmundur Eyjólfsson, bóndi á Þurá í Ölfusi, við annan mann. Um þá viðureign sagði hann í viðtali við Morgunblaðið:

Við fundum hana og ég vildi setja hundinn strax á hana því ég var viss um að það væri eina leiðin til að ná henni. Sá sem var með mér vildi ekki fara þannig að henni strax. Ekki hafði Surtla lengi haft vitneskju um okkur þegar hún tók á sprett undan okkur og það get ég svarið að ég hef aldrei séð neina skepnu hlaupa eins og hana. Hún hreinlega kom tæpast við jörðina og víst er það þurfti fótfráan mann til að fylgja henni eftir. Við misstum Surtlu í þetta skiptið.

Sumarið 1952 var allt gert til að ná Surtlu, lifandi eða dauðri, enda styttist nú óðum í að nýtt fé frá ósýktum landshlutum yrði flutt á svæðið. Gekk það svo langt að fengin var meistaraskytta frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli til að reyna að skjóta ána. Lá skotmaðurinn við í tjaldi í fjalllendinu ofan við Herdísarvík og beið færis, en allt kom fyrir ekki. Sagan segir að hann hafi ekki hleypt af einu einasta skoti í hálfan mánuð því aldrei komst hann í færi við hina ljónstyggu og fótfráu Surtlu. Að hálfum mánuði liðnum á hann að hafa skotið á vörðu, svona til þess að sjá hvort vopnin virkuðu ekki, en í sömu mund skaust Surtla fram undan vörðunni og var óðara horfin sjónum. Þá gafst bandaríski byssumaðurinn upp og frábað sér frekari viðskipti við íslenskt sauðfé.“ /VH

Tilbúin hótelherbergi

Gerum tilboð í herbergiseiningar fyrir hótel og gistiheimili.



Frekari upplýsingar í síma 480 0480

JÖTUNN BYGGINGAR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Sími 480 0480
byggingar@jotunn.is // www.jotunn.is

RÉTTIR



Frá Hrunaréttum. Mynd / MHH

# Fjárréttir haustið 2019

**Bændablaðið tekur saman og birtir yfirlit um fjár- og stóðréttir. Listinn er unninn með þeim hætti að leitað er til sveitarfélaga og bænda um upplýsingar.**

Rétt er að minna á að villur geta slæðst inn í listann og eins getur veðrátta orðið til þess að breyta þarf tímasetningum á smalamennsku og þar með réttarhaldi. Því er gott ráð að hafa samband við heimamenn á hverjum stað til að staðfesta réttar dag- og tímasetningar.

Upplýsingar um viðbætur og leiðréttingar sendist á netfangið tb@bondi.is.

Uppfærslur á listanum eru gerðar jafnóðum og eru aðgengilegar á vef Bændablaðsins, bbl.is. /TB

## Suðvesturland

| | |
|---|---|
| Kjósarrétt í Kjós | seinni réttir sun. 13. okt. kl. 15.00 |

## Vesturland

| | |
|---|---|
| Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 28. sept. |
| Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr. | seinni réttir sunnudaginn 29. sept. |
| Brekkurétt í Saurbæ, Dal. | seinnir réttir sun. 29. sept. kl. 13.00 |
| Fellsendarétt í Miðdölum, Dal. | seinnir réttir 29. sept kl. 14.00 |
| Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal. | seinni réttir lau. 28. sept. |
| Fljótstungurétt á Hvítársíðu, Mýr. | seinni réttir lau. 28. sept. |
| Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal. | seinni réttir sun. 29. sept. kl. 16.00 |
| Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf. | laugardaginn 28. sept. |
| Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr. | seinni réttir mán. 30. sept. kl. 14.00 og 7. okt. kl. 14.00 |
| Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr. | seinni réttir 29. sept og 7. okt. |
| Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð | seinni réttir sun. 29. sept. kl. 10.00 |
| Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal. | seinni réttir lau. 28. sept. |
| Klofningsrétt í Beruvík, Snæf. | laugardaginn 28. sept. |
| Mýrdalsrétt í Hnappadal | seinni réttir sun. 13. okt. |
| Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg. | seinni réttir sun. 6. okt. kl. 10.00 |
| Ósrétt á Skógarströnd, Dal. | laugardaginn 5. okt. kl. 10.00 |
| Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg. | seinni réttir 6. okt. kl. 14.00 |
| Skarðsrétt á Skarðsströnd, Dal. | seinni réttir sun. 29. sept. kl. 14.00 |
| Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal. | seinni réttir sun. 29. sept. kl. 13.00 |
| Svarthamarsrétt á Hvalfj.str., Borg. | seinni réttir sun. 29. sept. |
| Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr. | seinni réttir mán. 30. sept. og mán. 7. okt. |
| Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal. | seinni réttir sun. 13. okt. kl. 13.00 |
| Þverárrétt í Þverárhlíð, Mýr. | seinni réttir mán. 23. sept. og mán. 30. sept. |
| Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 28. sept. |

## Vestfirðir

| | |
|---|---|
| Miðhús í Kollafirði, Strand. | seinni réttir sun. 6. okt. |

## Suðurland

| | |
|---|---|
| Kjósarrétt í Kjós | seinni réttir sun. 13. okt. kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr. | laugardaginn 28. sept. kl. 13.00 |
| Landréttir við Áfangagil, Rang. | fimmtudaginn 26. sept. kl. 12.00 |



Frá Melgeðismelum. Mynd / MÞÞ

# Stóðréttir haustið 2019

**Mikill áhugi er fyrir stóðréttum ekki síður en fjárréttum. Bændablaðið tekur líka saman lista yfir þær stóðréttir á landinu sem upplýsingar lágu fyrir um þegar blaðið fór í prentun.**

Upplýsingar um viðbætur og leiðréttingar sendist á netfangið tb@bondi.is. Uppfærslur á listanum eru gerðar jafnóðum og leiðréttingar berast á vef Bændablaðsins, bbl.is. /TB

| | |
|---|---|
| Árhólarétt í Unadal, Skag. | föstudaginn 27. sept. |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skag. | föstudaginn 27. sept. |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag. | laugardaginn 28. sept. |
| Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 5. okt. kl. 13.00 |
| Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf. | laugardaginn 5. okt. |
| Unadalsrétt í Unadal við Hofsós, Skag. | föstudaginn 27. sept. |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | laugardaginn 5. okt. kl. 11.00 |
| Þverárrétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 5. okt. kl. 10.00 |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | laugardaginn 28. sept. kl. 12.30 |

LÍF & STARF

## Þjórsárdalur:
# Kvartað undan sauðfé vegna skemmda á trjáplöntum

**Þorvaldur Örn Árnason, formaður Sjálfboðaliðasamtaka um náttúruvernd hefur skrifað sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps bréf þar sem kvartað er undan síendurteknum skemmdum sauðfjár á þúsundum trjáplantna í Þjórsárdal.**

Um er að ræða plöntur, sem félagsmenn samtakanna hafa plantað og er það hluti af Hekluskógaverkefninu. Þorvaldur segir að ítrekað hafi verið kvartað undan ástandinu við forsvarsmenn Hekluskógaverkefnisins en án árangurs. Hann hvetur sveitarstjórn til að beita sér í málinu til að stöðva þessa eyðileggingu á merkilegu og mjög þörfu skógræktarstarfi. Sveitarstjóra og oddvita hefur verið falið að afla betri upplýsinga um hvað sendandi erindisins á við með innihaldi þess og óska eftir fundi ef þurfa þykir. */MHH*

## Hótel Selfoss:
# Fullfrágenginn menningarsalur kostar 472 milljónir króna

**Nú er unnið hörðum höndum að því að fjármagna menningarsal á Selfossi í Hótel Selfossi, sem hefur staðið fokheldur í 40 ár. Vonast er eftir að ríkissjóður komi með myndarlegt framlag í salinn, ásamt Sveitarfélaginu Árborg.**

Á síðasta fundi Eigna- og veitunefndar Árborgar kom m.a. fram að kostnaðaráætlun við að gera salinn fullkláraðan hljóðar upp á 472 milljónir króna. Forsendur áætlunargerðarinnar gera ráð fyrir að salurinn verði hannaður fyrir „náttúrulegan hljómburð“ og þannig miðað við að gera hljóðvist sem besta fyrir algengustu notkun, s.s. fyrir popp-, rokk- og djasstónleika, söngleiki, leiksýningar, kvikmyndasýningar og ráðstefnur.

„Ljóst er að vegna stærðartakmarkana salarins hvað varðar lofthæð verður hljómburður sinfónískrar tónlistar og kórsöngs þó síðri. Ekki er þó lokað fyrir þann möguleika síðar að setja upp hljómburðarkerfi ef slík þörf verður til staðar. Tekið hefur verið tillit til þeirra framkvæmda sem fara þarf í þannig að rekstur salarins geti hafist, s.s. frágang innanhúss, tæknikerfi og búnað ásamt endurbótum á stoðrýmum og í lóð“, segir í texta áætlunargerðarinnar. Skrifstofustjóri mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur fengið kostnaðaráætlunina í hendurnar en forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, ásamt skrifstofustjóra, aðrir ráðherrar í ríkisstjórn og þingmenn Suðurkjördæmis hafa heimsótt og skoðað aðstæður í menningarsalnum og lýst áhuga sínum á að salnum verði komið í notkun sem fyrst. */MHH*



**Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra skoðaði ófullgerða menningarsalinn í Hótel Selfossi snemma í vor. Hún sagði þá að salurinn væri eitt best varðveitta leyndarmál Suðurlands og gaf góð fyrirheit um stuðning frá ríkinu til að ljúka við salinn.** Mynd /MHH
















Hákon Hermannsson, framkvæmdastjóri Dokkunnar, segir að vatnið úr Vestfjarðagöngum sé lykillinn að hreinna og frískara bragði Dokkubjórsins. Mynd / HKr.

## Dokkan brugghús á Ísafirði er fyrsta handverksbrugghúsið á Vestfjörðum:

# Hugmyndin kviknaði austur á fjörðum

### – mánuði seinna var búið að panta bruggtækin

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Dokkan Brugghús var stofnað á Ísafirði í október 2017 með það að markmiði að búa til vestfirskan bjór. Þar með varð til fyrsta brugghúsið á Vestfjörðum og er það hreinræktað fjölskyldufyrirtæki. Fyrsti bjór fyrirtækisins leit dagsins ljós í byrjun sumars 2018 og hefur starfsemi síðan gengið vonum framar.**

Nú eru framleiddar sex tegundir af bjór í brugghúsi fyrirtækisins að Sindragötu 11 og stöðugt verið að gera tilraunir með nýjar bjórgerðir.

Dokkan dregur nafn sitt af þurrkví eða dokku sem notuð var á þarsíðustu öld til að taka skútur á þurrt til viðgerðar. Dokkan var byggð úr tré og er nú komin undir miklar uppfyllingar á eyrinni við Skutulsfjörð, en brugghúsið er nú til húsa skammt frá þeim stað sem þessi nafntogaða skipakví var.

Hákon Hermannsson er framkvæmdastjóri Dokkunnar og er hann jafnframt einn af eigendunum. Hann tekur þátt í brugguninni og öllu öðru sem þar þarf að sinna, en vill samt ekki titla sig bruggara.

„Bruggarinn okkar er heimamaður og heitir Valur Norðdahl, en hann er mikill áhugamaður um bjórgerð," segir Hákon. Segja má að Valur sé sjálfmenntaður í þessu fagi, en hann hefur víða aflað sér þekkingar sem greinilega er að skila sér í góðum veigum. Til gamans má geta þess að Valur er uppalinn á svæðinu sem Ísfirðingar kalla Dokkuna.

„Við erum þrjú að vinna hér yfir sumartímann, en bara tveir yfir veturinn. Eftir tvö til þrjú ár gætu framtíðarhorfurnar kannski leitt til þess að hér starfi 5 til 8 manns. Það er draumurinn, en maður veit þó aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér."

*Hugmyndin að brugghúsi á Ísafirði kviknaði austur á fjörðum*

*- Hvernig kom það annars til að ráðist var í stofnun brugghúss á Ísafirði?*

„Það kom þannig til að mágur minn, Arnar Friðrik Albertsson, var á rúntinum um landið í sinni vinnu. Þá rakst hann á lítið brugghús á Austfjörðum. Hann hringdi í mig og spurði einfaldlega af hverju það væri ekki brugghús á Ísafirði. Ég sagðist bara ekki hafa hugmynd um af hverju svo væri. Þá spurði hann hvort við gætum þá ekki gert eitthvað í því. Um mánuði seinna vorum við búnir að panta tækin fyrir brugghúsið."

Þar brugga menn nú 1.000 lítra í hverri lögun og geta verið með 11 þúsund lítra í tönkum.







Dokkan brugghús er staðsett við Sundahöfnina á Ísafirði, skammt frá þar sem farþegar farþegaskipanna koma í land.

***Með sex bjórgerðir undir í einu***

„Við erum með fjórar bjórgerðir á lager í flöskum sem við seljum í gegnum ÁTVR. Svo seljum við líka bjór í kútum á veitingastaði. Annars framleiðum við hér sex tegundir í dag og þar er nýjasta gerðin dökkur Porterbjór sem heitir Skarfur. Hann var fyrst tilbúinn í lok ágúst. Þar á undan var ég með bjór sem hét Þarajevo og var bruggaður með þara. Það var skemmtilegur bjór, en þegar hann kláraðist gerðum við þennan nýja sem við köllum Skarf. Svo eru það Dokkan Drangi sem er Amber ale og Dynjandi er IPA bjór. Þá er Dokkan sem er Pale ale og lagerbjór



Dokkubjórinn er látinn gerjast í tönkunum undir þrýstingi og þá samlagast náttúrulega kolsýran sem myndast bjórnum betur en kolsýra sem hleypt er á hann eftir á.

sem heitir Fossavatn. Sumarbjórinn okkar heitir Sæunn dansar mangó. Hann dettur svo út í haust og þá kemur jólabjórinn inn.“

*– Þið eruð þá stöðugt að gera tilraunir með nýjungar?*

„Já, við reynum samt alltaf að eiga á lager fjórar gerðir sem við höldum okkur við sem grunn. Síðan erum við með tvo bjóra sem við leyfum okkur við að leika okkur aðeins með. Þá erum við að horfa á árstíðabundna bjóra, eins og jólabjór, páskabjór og sumarbjór.“

Hákon segir að ekki liggi nein föst stefnumörkun að baki hvernig bjór þeir framleiði. Ef honum og bruggaranum, Vali Norðdahl, detti í hug að prófa eitthvað nýtt, þá geri þeir einfaldlega tilraun.

„Við erum ekki að ofhugsa þetta neitt og ekki að reyna að stæla beint erlendar bjórastefnur. Hugmyndirnar koma einfaldlega úr öllum áttum. Þannig var það t.d. með mangóbjórinn. Við smökkuðum einhvern erlendan mangóbjór sem okkur langaði til að gera aðeins öðruvísi. Úr varð bjórinn Sæunn dansar mangó.“

### *Vatnið úr Vestfjarðagöngum var lykillinn að framleiðslunni*

Hákon segir að lykillinn að bjórframleiðslunni sé að sjálfsögðu gott vatn. Þegar Vestfjarðagöngin voru grafin á árunum 1991–1996 urðu miklar tafir á framkvæmdum vegna stórra vatnsæða sem opnuðust. Þegar til kom reyndist vatnið íbúum Ísafjarðar mikill happafengur, en þar var áður notast við yfirborðsvatn. Í dag er allt neysluvatn á svæðinu fengið úr göngunum. Í bjórinn er því notað ákaflega gott og tært lindarvatn sem á upptök sín í fjöllunum við Breiðadals- og Botnsheiðar. Vatnið er síað og algerlega hreinsað í gegnum 14 milljón ára gömul hraunlög.

Samkvæmt lýsingu Jóns Reynis Sigurvinssonar jarðfræðings þá skapar staðsetningin og einstakar jarðfræðilegar aðstæður náttúrulega lágt steinefnainnihald og hátt basískt jafnvægi. Vatnið er því án aukefna sem gefur hreinna og frískara bragð.

### *Dokkubjórinn vinsæll meðal gesta af farþegaskipunum*

Til Ísafjarðar streymir mikill fjöldi erlendra ferðamana sem koma þangað með farþegaskipum á hverju sumri. Með skipunum komu um 130.000 manns í sumar og leið þeirra sem fara í land liggur einmitt rétt hjá Dokkunni brugghúsi. Segist Hákon reyndar ekki hafa tölu á hversu margir ferðamenn af þessum skipum komi við hjá þeim að smakka bjór, en þeir skipti mörgum þúsundum á sumri, líklega nálægt tíu þúsund.

### *Gerir lukku meðal „stálpaðra“ fermingarbarna*

Þegar Bændablaðið tók hús á Hákoni í Dokkunni fyrir skömmu voru þar líka í heimsókn fermingarbörn sem fædd voru 1955 og fermdust í Ísafjarðarkirkju hjá séra Sigurði Kristjánssyni, föður séra Agnesar Sigurðardóttur, núverandi biskups Íslands. Ekki bar á öðru en að fermingarbörnunum líkaði ísfirski bjórinn vel, enda af mörgum afbrigðum Dokkubjórs að taka. Reyndar var heldur ekki annað að sjá þennan sama dag en fermingarbörn fleiri árganga séra Sigurðar hafi líka komist á bragðið og þætti ísfirski mjöðurinn býsna góður. Kannski ekki beint í strangasta anda kristilegs uppeldis, en prúðmennska og hófstillt framkoma var þó allavega til fyrirmyndar. Aðdáun á framtakssemi eigenda Dokkunnar leyndi sér heldur ekki í svip þessara vel stálpuðu fermingarbarna.

Virðist upplifunin Ísafjarðarpúkanna svipuð og hjá þúsundum annarra gesta sem heimsótt hafa brugghúsið, en það er í gönguleið ferðamanna af skemmtiferðaskipum sem heimsækja Ísafjörð. Á TripAdvisor má m.a. finna fjölmargar hástemmndar lýsingar um ágæti Dokkubjórsins. Um 88% þeirra segja Dokkubjórinn vera frábæran eða „excellent“.

### *„Stenst samanburð við bjór frá hvaða örbrugghúsi sem er“*

Einn gesturinn sagði t.d. í sinni athugasemd í lauslegri þýðingu:

„*Ísafjörður er heillandi bær og vel þess virði að heimsækja. Dokkan brugghús er staðsett nálægt þar sem skemmtiferðaskipin leggjast að bryggju og því frábær staður til að klára skoðunarferðina um þorpið. Þeir eru að brugga frábæran bjór sem stenst samanburð við bjór frá hvaða örbrugghúsi sem er, en ég bý á heimasvæði mikilla örbrugghúsa í Portland og Oregon.*“

Margar fleiri athugasemdir af svipuðum toga má finna um Dokkuna á vef TripAdvisor og sannarlega ekki amalegt að fá slík ummæli.

### *Hafa vart undan en ætla ekki að fara of geyst í stækkun*

„Þegar skemmtiferðaskipin koma er þéttsetin hjá okkur gestastofan. Þó við höfum varla undan að framleiða bjór, þá er stækkun ekki enn komin á teikniborðið. Auðvitað er alltaf verið að skoða hlutina, en menn verða líka að passa sig að fara ekki of geyst,“ segir Hákon.

*– Hugmyndafræðin á bak við staðbundin örbrugghús, byggir hún ekki einmitt á að nýta kosti þess að vera með lítil umsvif?*

„Jú, það getur verið kostur að vera lítill. Það er annaðhvort að vera með þægilega lítið brugghús eða að vera þá það stór að maður njóti hagkvæmni stærðarinnar. Þá kemur margt annað inn í sem er kostnaðarsamt og vandasamt í svona rekstri, eins og markaðssetning og dreifing.

### *Í Samtökum íslenskra handverksbrugghúsa*

Dokkan brugghús er í Samtökum íslenskra handverksbrugghúsa sem voru stofnuð 2018. Samtökin hyggjast standa vörð um hagsmuni handverksbrugghúsa.

### *Vilja lægra áfengisgjald á framleiðslu örbrugghúsa*

Hákon segir að núverandi áfengisgjald sé mjög íþyngjandi fyrir örbrugghúsin. Því berjast samtökin Fyrir því að smærri áfengisframleiðendum verði veittur afsláttur af áfengisgjaldi í samræmi við venjur og heimildir frá Evrópusambandinu.

### *Sala áfengis í matvöruverslunum tvíeggjað sverð*

Bent hefur verið á að hugmyndir um að heimila sölu áfengis í matvöruverslunum sé kannski ekki sérlega vel ígrundað dæmi. Þó lagafrumvörp um slíkt hafi verið lögð fram undir yfirskini aukins frelsis og hagræðis fyrir neytendur og meira valfrelsis, þá geti raunin orðið þveröfug. Telja sumir að slíkt geti hæglega orðið banabiti flestra örbrugghúsa í landinu því í slíku umhverfi ráði óhjákvæmilega afl þeirra stærstu og sterkustu á markaðnum. Um leið myndi tegundaúrvalið minnka stórlega frá því sem nú er í verslunum ÁTVR og val neytenda því verða ansi mikið fátæklegra. Samfara því glötuðust þau atvinnutækifæri og þekking sem hafa verið að skapast í framleiðslu handverksbrugghúsa á undanförnum árum



Hákon segir að ekki liggi nein föst stefnumörkun að baki hvernig bjór þeir framleiði. Ef honum og bruggaranum, Vali Norðdahl, detti í hug að prófa eitthvað nýtt, þá geri þeir einfaldlega tilraun.



Dokkan á Ísafirði frostaveturinn mikla 1918. Bátar frosnir fastir í ísnum á Sundunum í Skutulsfirði.

## DOKKAN

**Dokkan er örnefni sem þekkt er hér í bæ. Svæðið þar sem smábátahöfnin er, er í daglegu tali kallað Dokkan af innfæddum Ísfirðingum. Líklegt er að þetta nafn sé dregið beint af enska orðinu „dock“ sem merkir skipakví.**



Bólverkið á fremsta hluta Dokkunnar skömmu áður en það hvarf undir uppfyllingar vegna framkvæmda við nýja Sundahöfn.

Það var árið 1857 sem maður að nafni Hjálmar Jónsson, frá Kambi í Trékyllisvík, byggði kvína. Hjálmar hafði verið sjómaður og flutti til Kaupmannahafnar til að stunda sjóinn, hann nam síðan skipasmíðar þar ytra. 1852 kom hann svo til Ísafjarðar og var mikið í skipaútgerð og verslunarrekstri við annan mann (Torfi Halldórsson). Kunnu Ísfirðingar vel að meta að fá þennan skipasmið til bæjarins.

Mikill framfarahugur var í bænum á þessum árum. Hjálmar réðst í að byggja (Dokkuna) skipakví sem hann lét grafa inni í landi og var þetta stærri og fullkomnari kví en áður hafði verið gerð hér á landi. Með þessu fékkst öruggt vetrarlægi fyrir hákarlaskipin, einnig spöruðu eigendur skipa sér mikið erfiði sem fylgdi því að draga skipin á kamb við vertíðarlok og setja þá svo aftur fram í vertíðarbyrjun.

Þetta var mikið mannvirki á þessum tíma, hún var með tvöföldum tréveggjum og á milli þeirra var fyllt með grjóti og möl. Allt að 7 skip gátu legið þarna en stærðin var um 7–800 fermetrar. Hjálmar flutti síðar til Kaupmannahafnar aftur eftir að hafa selt Ásgeiri Ásgeirssyni Dokkuna, þar dvaldi hann sín síðustu æviár.

Ásgeir Ásgeirsson var einn af burðarásum í atvinnulífinu hér á þessum árum og notaði hann kvína fyrir skipin sín. Það var svo 1920 sem ákveðið er að fylla upp í kvína og byggja geymslur og fiskhjalla á uppfyllingunni, síðar var byggð bryggja út frá kvínni sem var alltaf kölluð Dokkubryggjan.

### *Fái að selja framleiðslu sína beint til almennings*

Samtök íslenskra handverksbrugghúsa vilja að framleiðendur fái að selja framleiðslu sína beint til almennings út úr verksmiðjum sínum eins og tíðkast á öðrum Norðurlöndum þar sem ríkið hefur einkaleyfi á áfengissölu. Samtökin vilja einnig standa vörð um aðgengi handverksbrugghúsa með vörur sínar á bari og í verslanir ÁTVR.

Þetta getur skipt lítil handverksbrugghús miklu máli. Þó Dokkan sé staðsett í aðeins í um 200 metra fjarlægð frá vínbúð ÁTVR á Ísafirði og geti vísað áhugasömum kaupendum þangað, þá er það ekki svo með fjölda annarra brugghúsa. Sum eru uppi í sveit, eða á stað þar sem jafnvel geta verið tugir eða hundruð kílómetra í næstu vínbúð. Fyrir slík brugghús getur orðið ansi snúið að koma sinni framleiðslu á framfæri. Því getur skipt sköpum fyrir handverksbrugghúsin að þau fái að selja sína framleiðslu beint til almennings.

Handverksbrugghús eru staðsett í öllum fjórðungum landsins. Aðilar að Samtökum íslenskra handverksbrugghúsa eru:

- Austri brugghús Egilsstaðir
- Bastard / brewpub Reykjavík
- Beljandi brugghús Breiðdalsvík
- Bjórsetur Íslands Hólar í Hjaltadal
- The Brothers Brewery Vestmannaeyjum
- Brugghús Steðja Borgarfirði
- Brugghúsið Draugr Hvalfirði
- Bruggsmiðjan Kaldi Árskógssandi
- Bryggjan Brugghús Reykjavík
- Dokkan brugghús Ísafirði
- Eimverk distillery Garðabæ
- Gæðingur Skagafirði
- Húsavík Öl Húsavík
- Jón Ríki brewery & restaurant
- Höfn í Hornafirði
- Malbygg Reykjavík
- RVK Brewing Co. Reykjavík
- Segull 67 brewery Siglufirði
- Smiðjan brugghús Vík í Mýrdal
- Ægir brugghús Reykjavík
- Ölverk Hveragerði
- Ölvisholt brugghús

### *Góð samvinna*

„Við vinnum mikið saman hjá litlu brugghúsunum. Það er gott að geta leitað þannig ráða hjá öðrum. Litlu brugghúsin hafa líka sett sterkan svip á mannlífið á landsbyggðinni. Samtökin gefa út kort eða eins konar vegvísi fyrir ferðamenn. Maður verður vel var við að fólk keyrir hringinn um landið og kemur við í litlu brugghúsunum. Við njótum góðs af því og höfum fengið góðar viðtökur síðan við byrjuðum og framtíðin er björt,“ segir Hákon Hermannsson.



Þrátt fyrir að Guðmunda sé hætt með kýrnar þá er hún enn með nokkra kálfa í fjósinu, auk þess að eiga kindur, nokkra hesta og hænur. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Guðmunda Tyrfingsdóttir, 87 ára bóndi í Lækjartúni í Ásahreppi, er hætt með kýrnar en er áfram með kálfa, sauðfé, hænur og hross:

# Hefur bara komið á Vestfirðina á Íslandi, aldrei neitt annað, hvað þá til Vestmannaeyja eða útlanda

**Guðmunda Tyrfingsdóttir, bóndi á bænum Lækjartúni í Ásahreppi, er mögnuð kona sem kallar ekki allt ömmu sína þegar um búskap er að ræða. Hún er ein af tíu systkinum, átta þeirra eru á lífi í dag. Guðmunda, sem er 87 ára, hefur alltaf búið ein með sínar skepnur á bæ sínum, sem er í Ásahreppi.**

Tímamót urðu í lífi Guðmundu í síðasta mánuði þegar hún seldi kýrnar sínar níu og hætti þar með mjólkurframleiðslu. Hún ætlar að vera áfram með kálfa, kindur, hænur og hross, eða á meðan heilsan leyfir. Blaðamaður settist niður með Guðmundu og fór yfir það helsta með henni sem á hennar daga hefur drifið í gegnum árin.

### *Tók við búskapnum 1978*

Guðmunda er fædd á Herríðarhóli í Ásahreppi en flutti síðan á fyrsta ári sínu í Lækjartún með foreldrum sínum. Hún tók við búskapnum af þeim 1978.

„Það hefur alla tíð verið kúabúskapur á þessum bæ þangað til núna. Ég sakna þess óskaplega að geta ekki farið út í fjós og heilsað upp á kýrnar mínar og mjólkað þær en svona er þetta bara, lífið er alltaf að taka einhverjum breytingum,“ segir Guðmunda og bætir við: „Kýrnar hafa gefið mér mjög mikið um ævina enda hef ég haft mitt lifibrauð af þeim og yndi og ánægju, þær eru dásamlegar skepnur.“

### *Kýr eru bráðgáfaðar*

Guðmunda segir að kýr séu bráðgáfaðar ef það er talað við þær og þannig látið að þeim, það hafi hún margoft séð. Hún náði mjög góðum árangri í mjólkurframleiðslu og var búið hennar oft eitt af afurðahæstu búum landsins.

„Ég vil færa mjólkurbúinu á Selfossi kærar þakkir fyrir samstarfið í gegnum árin, þeir voru alltaf með góða eftirlitsmenn, sem reyndust mér vel,“ segir Guðmunda og sömu sögu er að segja með Fóðurblönduna, hún hefur alltaf verslað við það fyrirtæki og líkað vel.



Guðmunda Tyrfingsdóttir, 87 ára bóndi á bænum Lækjartún í Ásahreppi, sem líður hvergi annars staðar eins vel og heima í sveitinni. Mynd / MHH

### *Margir vilja jörðina*

Guðmunda segist ekki hafa hugmynd um hvað verði um jörðina hennar þegar hennar dagar eru taldir.

„Það eru margir sem vilja fá jörðina því þetta er stór og góð jörð. Þegar foreldrar mínir fluttu hingað bjuggu þau til að byrja með í torfkofa en það breyttist svo. Það var mjög gott að alast upp í Ásahreppnum og þetta er góð sveit með góðu fólki. Það var engin vélvæðing fyrstu árin, sem ég man eftir, það var bara notast við orf, ljá, hrífur og farið um allt á hestum,“ segir Guðmunda. Eftir að hún hóf búskap var hún oft með ungling í sveit og nokkrar vinnukonur frá útlöndum hafa verið hjá henni, m.a. frá Þýskalandi og Frakklandi.

### *Hitaveitan breytti öllu*

Guðmunda hefur upplifað miklar breytingar á öllu frá því að hún var barn og til dagsins í dag.

„Þetta er bara allt önnur veröld, það hefur svo mikið breyst. Fyrst vil ég nefna símann og rafmagnið en mesta breytingin var þegar við fengum hitaveitu, það er engin hætta á að það kvikni í út frá henni og hún er þægileg.“



Guðmunda og systkini hennar, átta þeirra eru á lífi í dag. Hún er lengst til hægri sitjandi. Mynd / Úr einkasafni Guðmundu

*2019 er besta sumarið*

Guðmunda segist muna eftir mörgum hlýjum og góðum sumrum en það toppi ekkert sumarið í sumar, sumarið 2019.

„Ég hef ekki heyrt svona hlýjar tölur í veðurfréttunum eins og þær hafa verið í sumar, þetta var einstakt sumar, sem verður lengi í minnum haft.“

*Engin matarsóun í gamla daga*

Eins og áður segir þá er Guðmunda ein af tíu systkinum. Hún segist hafa fengið gott uppeldi og heimilið hafi verið eins og leikskóli enda mikið að gera á stóru heimili með öll börnin.

„En það þurfti ekki að vera að tala um neina matarsóun á þeim tíma, það var ekki inni í myndinni,“ segir Guðmunda og hlær, allt var borðað, engum mat var hent. Sjálf var hún í farskóla þar sem kennt var í hálfan mánuð í Kálfholti og hálfan mánuð í Vetleifsholtshverfinu, bæði í Ásahreppi.

*Ísland er nógu stórt*

Guðmunda er næst spurð hvort hún hafi komið einhvern tímann til útlanda og hvort hún hafi ferðast mikið um landið.

„Nei, Ísland er nógu stórt handa mér, ég hef aldrei farið til útlanda. Ég hef ekkert ferðast um landið, eini staðurinn sem ég hef komið á fyrir utan staði hér á Suðurlandi eru Vestfirðir, annað hef ég ekki farið. Þegar ég fór á Vestfirðina var farið með rútu vestur til Arngerðareyrar og með Fagranesinu vestur á Ísafjörð. Við fórum svo til baka með flugvél. Þetta er eina ferðin mín um Ísland, ég hef ekki farið meira síðan, mér hefur alltaf fundist best að vera heima.“

*Hlustar alltaf á veðurfréttir í útvarpi*

Guðmunda segist reyna að fylgjast með þjóðmálunum eins og hún geti, hún horfi reyndar lítið sem ekkert á sjónvarp, það sé helst útvarpið sem hún hlusti á, þá einna helst veðurfréttir, hún vill ekki missa af þeim. Guðmunda hristir höfuðið þegar hún er spurð út í Alþingi Íslendinga og ástandið þar.

„Ég vil nú heldur hafa færri flokka en fleiri, þeir eru alltof margir í dag,“ segir hún.

*Á móti orkupakka þrjú*

„Ég er á móti því að við séum að fara að flytja út orku, við höfum ekkert svo mikla orku til að flytja til annarra landa. Af hverju ekki frekar að setja upp áburðarverksmiðju hér heima eða einhvern annan iðnað, sem við þurfum á að halda? Ég er ekki samþykk orkupakka þrjú,“ segir Guðmunda aðspurð um hennar skoðun á því máli.

*Aldrei snert á tölvu*

Guðmunda er næst spurð út í tæknina, hvort hún hafi nýtt sér hana í búskapnum með tölvu og góðu netsambandi í sveitinni?

„Nei, ég er alveg laus við það en í tengslum við það finnst mér mjög slæmt að maður sé hættur að fá póst yfir það sem maður á að borga, það fer allt í gegnum tölvur, ég á enga tölvu og kann ekki á tölvu. Það er þó búið að leggja ljósleiðara inn í húsið mitt, ég nota hann ekki, en það kemur kannski einhver inn í húsið síðar meir sem þarf á slíkum búnaði að halda,“ segir Guðmunda og brosir.



**Guðmunda segist ekki hafa upplifað eins gott sumar í gegnum þau 87 ár sem hún hefur lifað eins og sumarið í sumar, það hafi verið einstakt á Suðurlandi.** Mynd / MHH


Viðurkenning
Landssambands kúabænda
árið 2000
Guðmunda Tyrfingsdóttir

**Guðmunda hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir góðan árangur í búskap sínum, m.a. frá Landssambandi kúabænda árið 2000.** Mynd / Úr einkasafni Guðmundu

*Ekki hrifin af Trump*

„Ég er ekki beint hrifin af karlanganum, hann reynir sjálfsagt að gera eitthvað eftir besta viti. Ég verð að játa það að ég er ekki alltaf sammála honum, ætli hann reyni ekki að kaupa Ísland líka eins og hann vildi kaupa Grænland,“ segir Guðmunda og brosir út í annað, aðspurð um skoðun hennar á Donald Trump, forseta Bandaríkjanna.

*Framtíðin björt*

Guðmunda er að lokum spurð hvernig framtíðin leggist í hana nú þegar kýrnar eru ekki lengur á bænum og aldur hennar farinn að segja til sín.

„Ég vona bara að menn og þjóðir hafi vit á því að gera sitt besta. Við höfum það mjög gott á Íslandi að geta lifað í friði og spekt. Kannski finnst mér stundum of mikil heimtufrekja því við höfum nóg til allra hluta.

Peningar eru ekki allt sem við þurfum til að lifa, það eru breyttir tímar, það var erfitt hjá bændum í gamla daga en vélvæðingin létti störfin mikið. En ég skil ekki þá bændur sem vilja vera svo stórhuga að þeir vilja vera með allra mest, það er gott að hafa nóg. Græðgin er of mikil. Það mætti vera minna af því. Ég hvet ungt fólk til að hefja búskap ef það getur, það er gaman að vera bóndi og gefandi. Ég óska öllum Íslendingum alls góðs.

Ég er stolt af því að vera Íslendingur og þakka Guði fyrir það. Mér var kennt sem ungri konu að erfiðleikar væru bara til að sigrast á þeim, ekki ætti að gefast upp fyrir þeim,“ segir Guðmunda að endingu.

/MHH















MENNING & LISTIR

## Menningar- og hrútadagar á Raufarhöfn:

# Tíu dagar af gleði, gríni ... og kjötsúpu

**Menningar- og hrútadagar verða haldnir á Raufarhöfn dagana 27. september til 6 október. Eins og undanfarin ár verður vegleg dagskrá í boði. Þarna verður m.a. boðið upp á leiki fyrir alla og almennan fíflagang og fegurðarsýningu gimbra. Þá verða G-in þrjú að sjálfsögðu höfð í hávegum, eða gleði, grín ... og kjötsúpa!**

Ingibjörg Sigurðardóttir, sem er í forsvari fyrir menningar- og hrútadagsnefnd, segir að þessi viðburður, sem lengst af hefur gengið undir nafninu Hrútadagurinn á Raufarhöfn, hafi alltaf verið vel sóttur.

„Fólk kemur alls staðar að af landinu og brottfluttir nota tækifærið til að heimsækja ættingja og vini. Margir gista hjá ættingjum og vinum í heimahúsum, en annars er ekkert vandamál að fá gistingu bæði hér á Hótel Norðurljósi á Raufarhöfn og síðan er stutt í gistingu hér yfir á Kópaskeri líka. Eins verður fjölbreytt þjónusta í boði á Raufarhöfn á Hótel Norðurljósum, Kaupfélagi restaurant, Íþróttamiðstöðinni, versluninni Urð og í Breiðabliki, húsnæði eldri borgara.“

*Fjölbreytt dagskrá í rúma viku*

Þessi menningar- og hrútadagavika hefst á pókerkvöldi föstudaginn 27. september á Félaginn Bar. Þar verður spilað Texas Holdem. Á laugardeginum 28. september verður boðið upp á gönguferðir og spurningakeppnina Gáfnaljós menningar- og hrútadaga sem fram fer á barnum.

Léttmessa verður í Raufarhafnarkirkju á sunnudeginum og vöfflukaffi í félagsheimilinu Hnitbjörgum. Síðan munu Hera Björk og Bjössi Thor halda tónleika í Hnitbjörgum.

Rólegt verður yfir vötnum á mánudeginum, en á þriðjudaginn 1. október býður menningarnefnd íbúum og gestum í fiskisúpu í Hnitbjörgum klukkan 19.00.

Miðvikudaginn 2. október verður fluguveiðikynning í Hnitbjörgum.

Matur og menning á Raufarhöfn verður á fimmtudeginum 3. október. Þar verður gestum boðið að smakka á réttum frá ýmsum þjóðlöndum.

Á föstudaginn 4. október verður listsýning Finnboga Gunnlaugssonar sem nefnist Raufarhöfn í reka. Á föstudagskvöldinu verða líka haldnir tónleikar í Hnitbjörgum með Sverri Bergmann og Halldóri Gunnari Fjallabróður.

*Hrútadagurinn sjálfur*

Þótt dagskráin standi í raun yfir í tíu daga þá er stóri viðburðurinn Hrútadagurinn sjálfur sem haldinn verður laugardaginn 5. október. Dagskráin hefst með formlegri opnun Heimskautsgerðisins Bifrastar. Létt kynning verður á stöðu gerðisins í félagsheimilinu kl. 12.30. Verður gestum boðið að ganga saman frá félagsheimilinu að Heimskautsgerðinu að kynningu lokinni og göngubrú verður þá formlega opnuð. Í kjölfarið hefst mikil dagskrá í Faxahöllinni sem stendur frá klukkan 14.00 til 18.00.



**Á menningar- og hrútadögum á Raufarhöfn verður m.a. boðið upp á leiki fyrir alla og almennan fíflagang og fegurðarsýningu gimbra. Rúsínan í pylsuendanum er svo Hrútaballið þar sem Hamrabandið leikur fyrir dansi.**

***Meðal dagskráratriða er:***

- Emmessís hrúturinn, en þar verður svalasti hrúturinn í höllinni valinn og að sjálfsögðu veitt verðlaun fyrir hann.
- Búvís hrúturinn – besti skrokkgæðahrútur svæðisins, veitt verðlaun um kvöldið. Eru bændur hvattir til að mæta með sinn besta lambhrút til leiks.
- Sölubásar – með ýmsan varning, hægt að panta bás í síma 855-1160 og skrokkar verða til sýnis.
- Leikir fyrir alla – stígvélakast eða annar almennur fíflagangur.
- Barnadagskrá – Gimbra fegurðarsýning. Allir krakkar eru hvattir til að taka þátt. Breytt fyrirkomulag á sýningu verður í ár. Frekari upplýsingar Baldur s. 693-0627 eða Axel s. 899-7589. Skráning á staðnum
- Ljósmyndasamkeppni – úrslit og verðlaunaafhending.
- Sala á hrútum – sem gæti endað með uppboði!
- G-in þrjú ... Gleði, grín ... og kjötsúpa.

*Kvölddagskrá og Hrútaballið*

Að lokinni dagskrá í Faxahöllinni verður kvölddagskrá í félagsheimilinu Hnitbjörgum frá 21.00 til 23.00. Miðaverð á skemmtidagskrána er 3.500 krónur. Þar mun 40 manna Karlakór Eyjafjarðar troða upp undir stjórn Guðlaugs Viktorssonar. Þeir eru alvanir sprelli og gríni, stefnir því í gott kvöld. Undirleikari er Valmar Valjaots og verður Jón Þór Kristjánsson þeim til halds og trausts.

Að lokinni kvölddagskrá hefst Hrútaballið sjálft klukkan 23.00 og er það einnig í Hnitbjörgum.

„Þá er ekkert eftir nema að fylla á pelann, skella sér í sparidressið og arka á ball,“ eins og nefndarfólk orðar það. Þar mun Hamrabandið leika fyrir dansi frá kl. 23.00 og lofa þeir trylltum dansi fram á rauða nótt. Aldurstakmark er 18 ár og miðaverð á ballið er 3.500 krónur.

Dagskrá menningar- og hrútadaga á Raufarhöfn lýkur svo sunnudaginn 6. október á gönguferð að Hraunhafnarvita með ferðafélaginu Norðurslóð. */HKr.*

---

## Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF haldin í 16. sinn í Reykjavík:

# Síðasta haustið komst í keppnisflokk á hausthátíðinni RIFF

**Íslenska heimildamyndin Síðasta haustið eftir Yrsu Roca Fannberg keppir um aðalverðlaun Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík (RIFF), Gullna lundann. Þetta er aðeins í annað sinn í 16 ára sögu RIFF að íslensk mynd kemst í keppnisflokkinn.**

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin hefst í dag, fimmtudaginn 26. september, á útgáfudegi Bædnablaðsins með frumsýningu á End of Sentence eftir Elvar Aðalsteins. Hátíðinni lýkur þann 6. október með frumsýningu á Parasite, eftir Bong Joon-ho, en sú mynd vann aðalverðlaunin í Cannes í vor.

*Ein íslensk mynd valin í hóp keppenda*

Aðalflokkur hátíðarinnar er Vitranir (New Visions) þar sem nýir leikstjórar tefla fram sinni fyrstu eða annarri mynd. Aldrei þessu vant var ein íslensk mynd, **Síðasta haustið**, valin í hóp keppenda RIFF.

Forsýning myndarinnar fór fram fimmtudaginn 12. september í félagsheimilinu í Árneshreppi á Ströndum þar sem sagan á sér stað. Myndin verður síðan frumsýnd á RIFF í Bíó Paradís mánudaginn 30. september og önnur sýning verður á sama stað 6. október. Heimsfrumsýning á myndinni fór fram á Karlovy Vary hátíðinni í Tékklandi þann 1. júlí síðastliðinn.

*Um bændur sem bregða búi á Krossnesi*

Kvikmyndin Síðasta haustið eftir Yrsu Roca Fannberg er 78 mínútna heimildamynd um bændur sem bregða búi á Krossnesi í einum afskekktasta hreppi landsins, Árneshreppi á Ströndum.

Þetta er önnur heimildamynd Yrsu, en fyrsta mynd hennar, Salóme, var valin besta norræna heimildamyndin á Nordisk Panorama 2014 og var það í fyrsta og eina sinn sem íslenskri heimildarmynd hefur hlotnast sá heiður.



**Síðasta haustið. Þar sem vegurinn endar lengst norður á Ströndum stendur bærinn Krossnes. Þar hefur fjárbúskapur verið stundaður kynslóð fram af kynslóð í hundruð ára. Úlfar bóndi er jafn mikill hluti af landslaginu eins og Krossnesfjallið sjálft. Þetta er síðasta haustið sem hann og Oddný kona hans smala fé sínu í réttir og þar með endar búskapur í Krossnesi á Ströndum.** Myndir / RIFF



**Úlfar bóndi, Yrsa Roca Fannberg, höfndur myndarinnar, og Oddný á Krossnesi.**




*Fjárbúskapur í hundruð ára*

Þar sem vegurinn endar lengst norður á Ströndum stendur bærinn Krossnes. Þar hefur fjárbúskapur verið stundaður kynslóð fram af kynslóð í hundruð ára.

Úlfar bóndi er jafn mikill hluti af landslaginu eins og Krossnesfjallið sjálft. Þetta er síðasta haustið sem hann og Oddný kona hans smala fé sínu í réttir og þar með endar búskapur í Krossnesi á Ströndum. Enn eimir eftir af gamla Íslandi en síðustu bændurnir sem stunda búskaparhætti að gömlum sið munu brátt heyra sögunni til.

*Akkeri Films og Biti aptan bæði*

Leikstjóri er Yrsa Roca Fannberg og framleiðandi myndarinnar er Hanna Björk Valsdóttir og framleiðslufyrirtæki eru Akkeri Films og Biti aptan bæði. Stjórn kvikmyndatöku er í höndum Carlos Vásquez Méndez og Federico Delpero Bejar sér um klippingu. Hljóðhönnuður er Björn Viktorsson, auk þess sem tónlist er eftir Gyðu Valtýsdóttur.

*Tekin á 16mm filmu*

Myndin er tekin á 16mm filmu, haustið 2016 í Árneshreppi á Ströndum þegar 4 bændur af 8 hættu búskap. Myndin er styrkt af Kvikmyndamiðstöð Íslands, Uppbyggingarsjóði Vestfjarða, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti o.fl.

*Með BA gráðu í myndlist frá Chelsea College of Art í London*

Yrsa Roca Fannberg leikstjóri er með BA gráðu í myndlist frá Chelsea College of Art í London (2000) og MA í skapandi heimildamyndagerð frá Pompeu Fabra í Barcelona (2009). Síðasta haustið (2019) er önnur heimildamynd Yrsu í fullri lengd en fyrsta mynd hennar, Salóme (2014), vann til fjölda verðlauna, m.a. besta norræna heimildamyndin á Nordisk Panorama. Yrsa stofnaði sitt eigið framleiðslufyrirtæki Biti aptan bæði árið 2016 og er með fleiri heimildamyndir í þróun.

Hanna Björk Valsdóttir framleiðandi er með BA gráðu í ensku frá Háskóla Íslands og MA í menningar- og fjölmiðlafræði frá New York University (2003). Hanna Björk hefur tvívegis hlotið Edduna fyrir bestu heimildamynd, sem framleiðandi fyrir Ground Control Productions, fyrir Draumalandið (2009) eftir Andra Snæ Magnason og Þorfinn Guðnason, og fyrir Hvell (2013) eftir Grím Hákonarson.

Hanna Björk stofnaði eigið framleiðslufyrirtæki Akkeri Films árið 2015 ásamt Birni Viktorssyni. Kaf (2019) eftir Elínu Hansdóttur, Önnu Rún Tryggvadóttur og Hönnu Björk og Síðasta haustið (2019) eftir Yrsu Roca Fannberg eru fyrstu myndir Akkeri Films í fullri lengd. Fleiri myndir eru í framleiðslu.



Hressir og flottir karlar sem syngja með Karlakór Hveragerðis. Nýir félagar verða sérstaklega boðnir velkomnir á æfingu miðvikudagskvöldið 23. október kl. 19.30. Myndin var tekin á æfingadegi kórsins í Garðyrkjuskólanum í vor. Mynd / Örlygur Atli Guðmundsson.

## Karlakór Hveragerðis:

# Hausttónleikar, Ítalíuferð og kynningarkvöld

**Nú eru þrjú ár frá því að Karlakór Hveragerðis var stofnaður og hefur þátttaka í kórnum farið fram úr björtustu vonum en að jafnaði syngja á milli 35 og 40 karlar með kórnum á öllum aldri. Starfsemi þriðja ársins er hafin af fullum krafti en kórinn verður með glæsilega hausttónleika í Hveragerðiskirkju laugardaginn 5. október (afmælisdagur kórsins) klukkan 16.00.**

Sérstakir heiðursgestir verða söngvararnir Ólafur M. Magnússon, Jón Magnús Jónsson og Ásdís Rún Ólafsdóttir. Undirleikari með þeim verður Arnhildur Valgarðsdóttir. Sérstök hljómsveit mun einnig koma fram á tónleikunum en hana skipa Sigurgeir Skafti Flosason, Unnur Birna Björnsdóttir, Rögnvaldur Pálmason og Örlygur Atli Guðmundsson. Lagaval á tónleikunum verður létt og skemmtilegt en einsöng með kórnum syngur Arnar Gísli Sæmundsson. Undirleikari og stjórnandi kórsins er Örlygur Atli Guðmundsson. Miðaverð verður kr. 2500 en frítt fyrir börn 12 ára og yngri. Eftir hausttónleikana heldur kórinn í söngferðalag til Suður-Tíról á Ítalíu þar sem allt það helsta á svæðinu verður skoðað, auk þess sem tónleikar verða haldnir og félagar og makar þeirra munu skemmta sér saman í vikutíma.

Nýir félagar, sem hafa áhuga á að syngja í kórnum verða boðnir hjartanlega velkomnir á æfingu miðvikudagskvöldið 23. október kl. 19.30. Æfingarnar fara fram í Vestur-Ási í Hveragerði, sem er salur beint á móti Hveragerðiskirkju. Æft er einu sinni í viku, miðvikudagskvöld frá 19.30 til 21.30. Lagavalið er létt og skemmtilegt og þá má ekki gleyma góðum vinskap sem myndast við að syngja saman í kór. Tekið verður á móti nýjum félögum með bros á vör og góðum kaffisopa. /MHH

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300






LÍF & STARF

### Hamprækt í Gautavík í Berufirði:

# Möguleikar í nýtingu hamps óendanlegir




Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is


**Nýbýlingarnir í Gautavík í Berufirði stefna á að verða sem mest sjálfbær og framleiða sem mest sjálf til eigin nota. Í sumar gerðu þau tilraun með að rækta iðnaðarhamp til framleiðslu á trefjaplöntum sem hráefni í gjafavörur og leikföng sem þau framleiða.**

Á síðasta ári létu Pálmi Einarsson og eiginkona hans, Oddný Anna Björnsdóttir, gamlan draum rætast og keyptu sér jörð, Gautavík í Berufirði. „Jörðin er 850 hektarar að stærð, með tveggja kílómetra strandlengju og jafnlöngum fjallgarði og um fjórir kílómetrar þar á milli og því nóg pláss fyrir okkur og krakkana,“ segir Pálmi.

Pálmi, sem er iðnhönnuður og bóndi, er einlægur talsmaður sjálfbærni og samvinnu. Hann hefur einnig mikinn áhuga á að rækta hamp og vekja athygli á fjölbreyttu notagildi hans. Pálmi lærði iðnhönnun í Hollandi og bjó í sjö ár í Bandaríkjunum. Hann er fyrrum þróunarstjóri Össurar hf. og með 30 ára reynslu í hönnun og að koma vörum á markað. Hjónin reka hönnunar- og ráðgjafarfyrirtækið Geislar og framleiða umhverfisvænar gjafavörur, minjagripi og módelleikföng.

***Markmiðið er sjálfbærni***

„Hugmyndin við að flytja í Berufjörð er að gera okkur sem mest sjálfbær og að vinna að rannsóknum tengdum sjálfbærni. Ég hef enga trú á því að við komum til með að reka stórt bú í framtíðinni heldur stunda blandaðan búskap fyrst og fremst til sjálfsþurftar og vinna með öðrum í sveitinni að því að verða sem mest sjálfbær. Sjálfbærni þýðir ekki að við verðum að framleiða allt sjálf heldur að við framleiðum ákveðna hluti og aðrir annað og svo getum við deilt þeim okkar á milli eftir þörfum.

Ein af þessum sjálfbærnihugmyndum tengist því að rækta iðnaðarhamp og vinna úr honum hráefni fyrir eigin framleiðslu.“

***Hátæknilausnir með hampi***

„Áhugi minn á hampi og notkun á hampafurðum hófst þegar ég starfaði hjá Össuri hf. við rannsókna- og þróunarstarf. Í kringum 2010 ætlaði ég að leggja til að fyrirtækið skipti út kol- og glertrefjum, sem eru notaðar í framleiðslu gervilima og spelka, yfir í hamptrefjar, en ekkert varð úr því. Í mínum huga var þetta ekki bara umhverfisvæn lausn heldur líka hátæknilausn sem ég stóð gapandi yfir á þeim tíma. Þegar ég fór að kynna mér möguleika hamps til framleiðslu á alls kyns hlutum, bæði til iðnaðar og til lyfjagerðar, trúði ég varla mínum eigin augum og áttaði mig fljótlega á hversu röng pólitíkin í kringum plöntuna er og hversu miklir hagsmunir eru í húfi á mörgum sviðum. Það er reyndar með ólíkindum hvað er hægt að gera úr hampi og möguleikunum hefur fjölgað mikið á síðustu árum.“



Pálmi Einarsson, iðnhönnuður og bóndi í Gautavík, skoðar vöxt iðnaðarhampsins í Berufirði. Myndir / PE og OAB.

Uppskeran bundin í knippi.

Í vor hófu þau hjónin tilraunaræktum á hampi á um hektara til að athuga hvort hægt væri að framleiða trefjaplötur úr heimaræktuðum hampi til að nota í framleiðslu Geisla. „Hugmyndin er að rækta sjálf hráefnið sem við þurfum til eigin framleiðslu og vera þannig sjálfbær á þann hátt.

Í dag notum við innfluttan birkikrossvið í gjafavörurnar og MDF plötur í módelleikföngin en langar að geta framleitt okkar eigið hráefni hér á staðnum og þar kemur hampur sterkur inn. Samkvæmt þeim rannsóknum sem ég hef séð eru hamptrefjar með allra sterkustu trefjum sem finnast í plöntuheiminum og þótt víðar væri leitað. Í dag eru plötur úr hamptrefjum mikið notaðar í klæðningar og sem einangrun í bílum og kjötið innan úr stönglunum í steypu til húsbygginga, undirburð og fleira.

Úr lyfjahampi, sem er annað afbrigði en sá hampur sem við erum að rækta, eru unnin lyf sem innhalda til dæmis virka efnið THC. Það efni er í snefilmagni í iðnaðarhampi og ólöglegt að rækta plöntur sem innihalda meira en 0,2% af því hér á landi.“



Fyrsta skrefið í uppskerunni var að skera blómin af Finola afbrigðinu, þurrka og skoða kristalmyndunina á blómum og laufum.



Pálmi skoðar blóm hampsins undir smásjá.



Iðnaðarhampur er ríkur af trefjum.

***Felina, Futura og Finola***

Pálmi segir að þau hafi sáð þremur afbrigðum af iðnaðarhampi frá Hempoint í vor, Felina 32, Futura 75 og Finola. Felina 32 afbrigðið er aðallega ræktað vegna blómanna sem innihalda CBD kannabíóða en hefur einnig góðan massa og trefjar. Futura 75 er aðallega trefjaplanta og blómstrar lítið. Finola er sama tegundin og Sveinn á Kálfskinni gerði tilraun með að rækta 2008 og ég ásamt öðrum gerðum tilraun með að rækta á Heklusvæðinu 2013. Hún er aðallega ræktuð vegna blómanna og fræjanna sem eru næringarrík fæða fyrir menn og dýr og úr þeim unnin meðal annars hampolía og próteinduft sem fæst í flestum matvöruverslunum.

Við sáðum beint út í tilraunareitina 1. júní og öll afbrigðin hafa komið vel út eftir sumarið. Plönturnar eru um 130 sentímetrar að hæð en geta orðið allt að þrír metrar þegar best lætur. Sumarið sem leið var óvenju þurrt og greinilegt að skortur á vatni



Oddný Anna Björnsdóttir, sjálfstæður ráðgjafi og bóndi í Gautavík, í miðjum hampakri.

dró úr vexti í sumar. Hér var einnig ríkjandi norðvestanátt í sumar, hvasst og kalt og það dró örugglega líka úr vextinum.

Tilraunasvæðið skiptist í mörg minni hólf sem eru að stórum hluta í kringum íbúðarhúsið og í nágrenni við það. Hólfin eru alls níu og hvert um sig um 13 metrar á kant.

Vöxturinn var greinilega mestur þar sem við gátum vökvað reglulega. Til að byrja með var vöxturinn víðast lítill vegna vatnsskorts, vinds og kulda og plönturnar ekki nema 5 til 10 sentímetra háar fram í byrjun júlí. Þá fór að rigna og var milt í veðri í tæpar tvær vikur og þá var dagamunur á plöntunum. Ég gat nánast horft á þær vaxa, eða að minnsta kosti mælt 5 til 7 sentímetra vöxt á sólarhring."

### *Uppskera og vinnsla*

„Fyrsta skrefið í uppskerunni var að skera blómin af Finola afbrigðinu, þurrka og skoða kristalmagnið í þeim. Restin verður svo öll skorin og bundin í knippi og látin standa úti í um mánuð til að veðrast. Eftir það eru stönglarnir þurrkaðir og marðir til að merja kjötið frá trefjunum og að lokum eru stönglarnir valsaðir. Afurðin sem eftir stendur er hnoðri af trefjum sem er spunninn eins og hver annar þráður eða ull. Eða þá að trefjarnar eru pressaðar í plötur eins og ég ætla að gera við þær.

CBD kristallarnir sem hampplantan framleiðir er meðal annars notað sem fæðubótarefni sem hefur góð áhrif á ónæmiskerfi mannslíkamans. CBD er til dæmis notað við mígreni, flogaveiki og margs konar öðrum mannameinum með góðum árangri og margir sem hafa góða reynslu af notkun hennar. Notkun á olíunni hefur ekki vímu í för með sér og því ekki notuð í þeim tilgangi.

Til geta flutt inn fræ af iðnaðarhampi þarf að fá leyfi frá Matvælastofnun, eins og með öll önnur fræ. Það sem Matvælastofnun skoðar er meðal annars hvort fræframleiðandinn sé með tilskilin vottorð um að fræin innihaldi innan við 0,2% af THC og að þau séu sótthreinsuð."

Pálmi segist hafa séð talsvert magn af kristöllum í blómum bæði af Finola og Felina 75 afbrigðunum eftir sumarið, jafnvel í mjög lágvöxnum plöntum, en þessi afbrigði eiga að innihalda um 3–6% af CBD kannabíóðum. „Satt best



Góður vöxtur var í plöntunum í sumar þrátt fyrir sérlega slæma tíð og náðu þær um 130 sentímetra hæð.

að segja kemur kristalmagnið í plöntunum mér á óvart og ég er sannfærður um að það liggja miklir möguleikar í framleiðslu á olíum úr svona blómum hér á landi, enda gríðarlegur markaður fyrir efnið bæði hérlendis og erlendis og verðið mjög hátt."

### *Góð landnámsjörð*

Pálmi segir að Gautavík sé góð landnámsjörð og talið að Þangbrandur hafi búið þar um tíma og reynt með takmörkuðum árangri að kristna menn með Biblíuna í annarri hendi og sverð í hinni. „Hér var kaupstaður áður en hann var fluttur á Djúpavog og búskapur þar til skömmu eftir síðustu aldamót. Ég var búinn að fylgjast með jörðinni í nokkur ár, en Oddný vildi vera nær höfuðborgarsvæðinu. Þegar ég sýndi henni hana svo síðastliðið vor og bað hana að gefa henni séns, þrátt fyrir fjarlægðina frá Reykjavík, áttaði hún sig á því að hún uppfyllti allar okkar kröfur og rúmlega það. Tveimur mánuðum seinna vorum við alflutt.

Hér er gott íbúðarhús og rúmir þúsund fermetrar af útihúsum. Þar á meðal 110 fermetra einangruð vélaskemma sem nú hýsir fyrirtækið okkar, Geisla, sem var áður til húsa í Bolholti í Reykjavík."

### *Engin spurning hvort tilraununum verður haldið áfram*

Pálmi er ekki í neinum vafa um að þau muni halda hampræktuninni áfram. „Árangurinn í sumar var mjög góður og við höfum lært talsvert af þeirri reynslu og munum nýta okkur hana. Ég komst til dæmis að því að uppskeran var mest þar sem var tætt, sáð, vökvað og valtað og sett plast yfir í nokkra daga eftir sáningu. Við erum fyrst og fremst að gera þessar tilraunir til að vekja athygli á öllum þeim tækifærum sem felast í ræktun á iðnaðarhampi og vinnslu óteljandi vara úr honum. Hampurinn gefur Íslendingum tækifæri til að verða sjálfbærari um fjölbreytt hráefni í iðnað, eins og byggingarefni, textíl, pappír, plast, eldsneyti, matvæli, lyf og fæðubótarefni svo eitthvað sé nefnt og eru bændur lykillinn að því að svo geti orðið, því fyrsta skrefið er auðvitað ræktunin sjálf," segir Pálmi Einarsson, bóndi og iðnhönnuður, að lokum.


**Ný kynslóð**
**100% rafmagn!**

Eigum á lager nýja kynslóð af **MultiOne EZ-7** liðléttingum sem eru **100% rafknúnir** með góða endingu á rafhlöðunni.

Frábær fjölnotavél með **1600 kg lyftigetu** og möguleika á ýmsum aukahlutum.

Vélarnar afhendast með skóflu og taðgreip.

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is**.




KLETTUR

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10** / 104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is



Kjúklingabaunir dafna best í mildu loftslagi, 15 til 29° á Celsíus, en þola vel hita og þurrka og geta vaxið allt frá fjöruborði upp í 2.500 metra yfir sjávarmáli.

# Kjúklingabaun er fjölskyldunafn heimspekingsins Cicero

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Kjúklingabaunir eru meginhráefnið í hummus. Grikkir og Rómverjar litu á kjúklingabaunir sem fæðu fátæklinga. Heimspekingurinn Pýþagóras bannaði lærisveinum sínum að borða kjúklingabaunir og ganga um baunaakra vegna þess að þær slævðu æðri og skýra hugsun. Vegna lögunar sinnar voru þær taldar kynörvandi og neytt sem slíkra þrátt fyrir vindganginn sem neyslunni fylgir.**

Áætluð heimsframleiðsla á kjúklingabaunum árið 2017 var 14,8 milljón tonn. Indland ber höfuð og herðar yfir aðra framleiðendur með 9,9 milljón tonn, Ástralía er í öðru sæti og framleiddi um tvö milljón tonn árið 2017. Þar á eftir komu Tyrkland og Mjanmar með 500 þúsund tonn hvort land og svo Rússland sem framleiddi 400 þúsund tonn af kjúklingabaunum árið 2017.

Markaður fyrir kjúklingabaunir í heiminum er vaxandi og framleiðsla þeirra vaxið jafnt og þétt frá 1961 og gera spár ráð fyrir að ræktun þeirra á heimsvísu muni aukast um að minnsta kosti 4% til ársins 2022.

Þrátt fyrir að framleiðsla kjúklingabauna á Ástralíu sé lítil miðað við Indland eru Ástralir stærstu útflytjendur kjúklingabauna í heiminum. Stærstum hluta framleiðslunnar á Indlandi er neytt innanlands. Kanada og Argentína eru í öðru og þriðja sæti yfir útflytjendur. Auk þess að vera stærsti framleiðandi kjúklingabauna í heiminum er Indland einnig það land sem flytur inn mest af þeim og í kjölfarið koma Pakistan, Tyrkland, Sameinaða arabíska furstadæmið og Bangladess.

Á vef Hagstofu Íslands segir að árið 2018 hafi verið flutt inn 71,3 tonn af hænsnabaunum. Langmest var flutt inn frá Ítalíu, eða rétt rúm 52 tonn, og þar næst frá Tyrklandi, 11,8 tonn. Það ár voru flutt inn rúm 4,8 tonn frá Hollandi og einhver kíló frá Kína, Frakklandi, Mexíkó og fleiri löndum.



Ljósar og dökkar kjúklingabaunir.



Spíraðar kjúklingabaunir.



Kjúklingabaunir eru undirstöðuhráefni í hummus.

### *Ættkvíslin Cicer og tegundin arietinum*

Yfir 30 tegundir niturbindandi belgjurta tilheyra ættkvíslinni Cicer. Tegundir innan ættkvíslarinnar eru annaðhvort ein- eða fjölærar og allar upprunnar við botn Miðjarðarhafs og í Mið-Asíu. Þrátt fyrir að einungis ein tegund, C. arietinum, sé í ræktun eru margar villtar tegundir innan ættkvíslarinnar taldar efnilegar í ræktun til matvælaframleiðslu í framtíðinni.

Tegundin C. arietinum er einær. Hraðvaxta, yfirleitt 20 til 60 sentímetra að hæð en getur náð um metra að hæð. Plantan er með öfluga stólparót sem getur náð allt að tvo metra niður, á stólparótinni eru margar hliðarrætur sem liggja á 15 til 30 sentímetra dýpi. Stönglar

plöntunnar eru hærðir. Laufblöðin sem eru um fimm sentímetrar að lengd eru samsett úr 10 til 20 egglaga, hærðum, silfurgrænum og tenntum smáblöðum. Blómin hvít eða blá. Eftir frjóvgun myndast ílangur belgur með tveimur til þremur hvítum eða svörtum fræjum sem eru fimm til tíu sentímetrar að ummáli.

Þrátt fyrir fjölda afbrigða, staðbrigða og landsorta er kjúklingabaunum skipt í tvo meginflokka, desi og kabuli. Fræ desi-flokksins eru minni, dekkri á litinn og bæði til slétt og hrukkótt. Kabuli-fræin eru stærri og ljós að lit. Blöð og blóm, oft bláleit, desi-plantna eru minni en kabuli-plantna sem bera hvít blóm. Kabuli-baunir eru meira framræktaðar og kynbættar en desibaunir og líkjast þær síðarnefndu meira villtum baunum.

Erfðarannsóknir á kjúklingabaunum sýna að hver baun inniheldur um 28 þúsund gen eða erfðavísa og nokkrar milljónir erfðamarka.

*Uppruni og saga*

Á Anatólíuskaga er að finna þrjár villtar tegundir af ættkvíslinni Cicer, C. bijugum, C. echinospermum og C. reticulatum og er sú síðastnefnda líklega forveri kjúklingabauna.

Þrátt fyrir að kjúklingabaunir, eins og við þekkjum þær í dag, finnist ekki villtar í náttúrunni er uppruni þeirra talinn vera á suðaustanverðum Anatólíuskaga sem liggur milli botns Miðjarðar- og Svartahafs, þar sem í dag er Tyrkland, Sýrland og Íran og kallast frjósami hálfmáninn. Elstu minjar um baunir sem líkjast kjúklingabaununum og gætu verið forverar þeirra á því svæði eru frá því um 7000 fyrir Krist. Þaðan barst plantan rúmlega 2.000 árum fyrir upphaf okkar tímatals til landanna við Miðjarðarhafið, Afríku og til Indlands í gegnum Afganistan.

Lífrænt efni eins og plöntuhlutar og baunir brotnar fljótt niður og geymist illa sem fornminjar. Elstu minjar sem staðfest er að séu kjúklingabaunir eru frá borginni Hekilar í Tyrklandi. Uppruni borgarinnar er rakinn til 7040 fyrir Kristsburð en borgin hafði verið yfirgefin í margar aldir þegar uppgröftur hófst þar í kringum 1960. Auk margra merkra muna og brotinna krukka fundust vel varðveittar kjúklingabaunir við fornleifarannsóknir í borginni sem aldursgreindar eru frá því 5450 árum fyrir Krist.

Mikið af fræjum kjúklingabauna hefur fundist við uppgröft í hinni fornu borg Jerikó og eru þær elstu sagðar vera frá því um 3200 fyrir Krist. Leirbaunir sem líkjast kjúklingabaunum fundust í silfurvasa í konunglegum grafreit í borginni Ur sem stofnuð var 3800 árum fyrir Krist og fór í eyði 500 árum fyrir upphaf okkar tímatals.

Þrátt fyrir að Grikkinn Þeofrastos, uppi 371 til 287 fyrir Krist, sem stundum er kallaður faðir grasafræðinnar, segi að kjúklingabaunir vaxi ekki á Indlandi eru elstu minjar um kjúklingabaunir þar frá því 2000 árum fyrir Krist.

Elstu rituðu heimildir um kjúklingabaunir eru ríflega 5000 ára gamlar og koma frá Mesópótamíu og þar kemur fram að halluru, eða kjúklingabaunir, eru mikilvægur hluti af daglegri fæðu fólks. Babýloníumenn í Mesópótamíu þekktu vel til kjúklingabauna og ræktuðu þær í stórum stíl.

Egyptar til forna skildu eftir skálar með kjúklingabaunum sem fórnargjafir við grafreiti í borginni Deir-el-Medineh fjórtán öldum fyrir Kristsburð. Kjúklingabaunir eru nefndar á egypskri papírusrollu frá því 1580 til 1100 fyrir Krist þar sem taldar eru upp mismunandi baunategundir af talsverði nákvæmni auk annarra nytjaplatna.

Gríski sagnfræðingurinn Pliny, uppi á fyrstu öld eftir Krist, segir frá því í einu af ritum sínum að hann hafi séð villtar kjúklingabaunir en líklegt er að hann hafi ruglast á



**Kjúklingabaunir eru belgjurtir með öfluga stólparót sem getur náð allt að tvo metra niður, á rótinni er margar hliðarrætur sem liggja á 15 til 30 sentímetra dýpi.**



**Blómin eru hvít eða blá.**



**Kjúklingabaunir tilbúnar til uppskeru.**



**Fjölskyldunafn rómverska heimspekingsins og mælskusnillingsins Marcus Tullius Cicero er dregið af latneska ættkvíslaheiti kjúklingabauna, Cicer.**

tegundum eða rekist á slæðinga úr ræktun.

Í Ilíonskviðu Hómers er örvum Helenusar, sonar Prian, konungs Trjójuborgar, líkt við kjúklingabaunir sem hrökkva af brjóstvörn Grikkjans Melelosar.

Á meðal Egypta, Grikkja og Rómverja var litið á kjúklingabaunir sem fæðu fátæklinga. Prestar og spekingar forðuðust yfirleitt að borða baunir þar sem þær heftu æði og skýra hugsun. Pýþagóras og fleiri grískir heimspekingar bönnuðu lærisveinum sínum að borða baunir og jafnvel að ganga um baunaakra. Lögunarinnar vegna líktu Grikkir og Rómverjar kjúklingabaunum við



**Áætluð heimsframleiðsla á kjúklingabaunum árið 2017 var 14,8 milljón tonn.**



**Elstu rituðu heimildir um kjúklingabaunir eru ríflega 5.000 ára gamlar og koma frá Mesapótamíu. Þar kemur fram að halluru, eða kjúklingabaunir, eru mikilvægur hluti af daglegri fæðu fólks.**

mannseista og töldu þær kynörvandi og neyttu þeirra sem slíkra þrátt fyrir vindganginn sem neyslunni fylgir. Pliny segir að mikið hafa verið neytt af kjúklingabaunum í kringum hátíðir til heiðurs frjósemisgyðjunni Afródídu auk þess sem kjúklingabaunum var hent yfir fólk á hátíðum tengdum blómum. Pliny mælti með kjúklingabaunum sem hollri og góðri fæðu fyrir allar stéttir.

Rómverjar til forna tengdu kjúklingabaunir við ástar- og frjósemisgyðjuna Venus. Þeir töldu og að neysla á hvítum kjúklingabaunum örvaði mjólkur- og sæðisframleiðslu, þvaglát og blæðingar og að þær drægju úr myndun nýrnasteina.

Sagt er að Karlamagnús, sem var mikill ræktunarsinni, hafi skipað sérstaklega fyrir um að ræktaðar væru kjúklingabaunir í hallargarði hans. Auk þess sem þær voru víða ræktaðar í klausturgörðum í mið og vestanverði Evrópu. Abbadísin, tónskáldið og grasalæknirinn Hildegard von Binge, uppi 1148 til 1179, segir þær hollar og hitastillandi. Þýski biskupinn, stjörnufræðingurinn og síðar dýrlingurinn Albertus Magnus, uppi 1200 til 1280, þótti manna fróðastur í sinni tíð og gekk undir heitinu Dr. Universalis eða Dr. Expertus. Magnus var ekkert hér á jörðu óviðkomandi og flokkaði hann kjúklingabaunir eftir lit í hvítar, rauðar, dökkar og svarta baunir og villtar og ræktaðar kjúklingabaunir. Í grasalækningabók frá 1583 og kennd er við Dodonaeus, og þótti öðrum slíkum bókum nákvæmari á sínum tíma, er greint frá fimm ólíkum tegundum af ættkvíslinni Cicer. Einungis ein þeirra mun vera rétt greind og er það kjúklingabaun.

Þegar indverski mógúllinn Shah Jehan, uppi 1592 til 1666, var spurður hvaða mat hann kysi að hafa með sér í útlegð, sem hann var dæmdur til, valdi hann kjúklingabaunir. Valið sagði hann stafa af því að baunirnar væru undirstaðan í marga góða rétti.

Í þýskum heimildum frá 1793 og á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar segir að svartar kjúklingabaunir hafi verið ræktaðar, þurrkaðar, malaðar og notaðar í stað kaffis eða til að drýgja það. Nytja baunanna á þennan hátt var ekki bundin við Þýskaland því sama mun þekkt frá Frakklandi og víðar.

Kjúklingabaunir eru nefndar í flestum stærri grasalækningabókum miðalda en um og eftir aldamótin 1800 er þeim iðulega slepp úr slíkum ritum. Um svipað leyti dró verulega úr ræktun kjúklingabauna í Evrópu og aðrar nytjaplöntur komu í hennar stað.

*Nafnaspeki*

Latneska ættkvíslarheitið Cicer er komið frá Rómverjum en þeir kölluðu baun plöntunnar cicer. Það heiti er líklega komið úr fornpersnesku, kickere, og líkist heiti kjúklingabauna á hebresku kirkes sem þýðir kringlótt.

Tegundarheitið erebinthos er komið úr grísku og þýðir eista. Enska heitið chickrea er komið úr frönsku og dregið af þarlendu heiti baunarinnar chiche sem er þekkt frá því á fimmtu öld og dregið af heiti ættkvíslarinnar á latínu. Á ensku þekkist heitið garbanzo líka yfir kjúklingabaunir og reyndar fleiri tegundir af baunum en það heiti er komið úr spænsku, arvanço, á sautjándu öld.

Ýmsar getgátur eru uppi um hvers vegna kjúklingabaunir eru kenndar við kjúklinga og er ein þeirra sú að Rómverjar til forna hafi litið niður á þær sem fæðu og ekki hæfar til neyslu nema fyrir fátæklinga og hænsfugla.

Á hollensku kallast kjúklingabaunir garbanso, keker, kekererwt eða kikkererwt, á frönsku chiche og pois chiche, á þýsku kichererbsen og cece á ítölsku. Á sanskrít kallast þær chennuka en á Indlandi er heitið chana algengast. Í Tyrklandi, Rúmeníu, Búlgaríu, Afganistan og þeim hluta Rússlands sem er í Litlu-Asíu kallast þær nakhut eða nohut. Ḥummuṣ er arabíska heitið á kjúklingabaunum en kikærter á dönsku.

Fjölskyldunafn rómverska heimspekingsins, lögfræðingsins, stjórnmálamannsins og mælskusnillingsins Marcus Tullius Cicero er dregið af latneska ættkvíslaheiti kjúklingabauna, Cicer. Sagan segir að einn forfeðra hans hafi verið með vörtu á andlitinu sem minnti á kjúklingabaun og fjölskyldan kennd við hana eftir það.

Svartar kjúklingabaunir, sem stundum voru notaðar í staðinn fyrir kaffi í Þýskalandi, Frakklandi og víðar, kölluðust meðal annars kaffeeerbse deutsche eða franzosische kaffeebohne, deutscher Kaffee, pois cafe og á finnsku kahviherne, en kaffeart á sænsku.

Á íslensku þekkjast auk heitisins kjúklingabaunir heitin hænsnabaunir og kíkertur upp á dönsku sem mun vera hljóðlíking á latneska heitinu Cicer.

*Ræktun*

Kjúklingabaunir dafna best í mildu loftslagi, 15 til 29° á Celsíus, en þola vel hita og þurrka og geta vaxið allt frá fjöruborði upp í 2500 metra yfir sjávarmáli. Plantan dafnar vel í sendnum og næringarsnauðum jarðvegi þar sem hún, eins og aðrar belgjurtir, framleiðir nitur með hjálp niturbindandi baktería sem lifa í sambýli við rætur plöntunnar. Kjör sýrustig er pH 5 til 7 og æskileg ársúrkoma 500 til 1800 millimetrar.

Rannsóknir sýna að við góðar aðstæður geta kjúklingabaunir unnið allt að 140 kíló af nitri á hektara úr andrúmsloftinu yfir vaxtartímann sem er um fjórir mánuðir.

Líkt og í annarri stórræktun herjar fjöldi skordýra, baktería, vírusa og sveppa á kjúklingabaunir og því beitt talsverðum efnahernaði við ræktun þeirra.

*Nytjar og neysla*

Kjúklingabaunir eru næringarríkar og ríkar af próteinum, trefjum og járni auk vítamína. Þær eru 60% vatn, 27% kolvetni, 9% prótein og 3% fita og í 100 grömum af kjúklingabaunum eru 164 kaloríur. Nýlegar rannsóknir benda til að neysla á kjúklingabaunum geti lækkað blóðþrýsting.

Kjúklingabaunir eru megin uppistaðan í hummus, sem er upprunalega arabískur réttur, og chana masala og mjölinu sem er notað í falafel-bollur. Auk þess sem þær eru hafðar í súpur, salat, kássur og karrírétti.

Desi-kjúklingabauna er mest neytt eftir að búið er að þurrka þær og mala og því meira hafðar í hummus en kabuli-kjúklingabauna er frekar neytt ferskra í salat og fást niðursoðnar.

Í Portúgal er kjúklingabauna neytt með pasta- og kjötréttum, pylsum og hrísgrjónum. Á Spáni eru þær bornar fram kaldar með tapas. Í Arabalöndum er algengt að blanda hummus með sesamfræjum og bera fram sem ṭaḥīna og þar er vinsælt að borða ristaðar kjúklingabaunir sem snakk. Á Filippseyjum eru kjúklingabaunir geymdar í hunangi og borðaðar sem desert sem hallast halo-halo og í Mexíkó þykkja léttsoðnar, óþroskaðar og grænar kjúklingabaunir með salti gott millimál. Nota má kjúklingabaunasafa í staðinn fyrir eggjarauðu í marengs og ís.

Kjúklingabaunir sem ekki þykja hæfar til manneldis og blöðin eru notuð sem dýrafóður, sérstaklega fyrir jórturdýr og svín. Tilraunir sýna að kjúklingabaunir geta komið í staðinn fyrir sojabaunir sem fóður fyrir eldisfiska.

Blöðin eru sums staðar notuð í salat og til að búa til indígóbláan lit.

*Kjúklingabaunir á Íslandi*

Lítið fer fyrir kjúklingabaunum og hummus í íslenskum fjölmiðlum fyrir 1980 en eftir það eru kjúklingabaunir nefndar annað slagið sem hráefni í uppskriftir indverskra og arabískra rétta. Í dag eru kjúklingabaunir vinsæll matur, ekki síst sem hummus.

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Við náttúrulega daglengd blómstrar kóraltoppur á vorin.

# Kóraltoppur – ástareldur

**Hér er um að ræða eina vinsælustu blómstrandi pottaplöntu síðari áratuga, ekki síst í Evrópulöndum. Plantan er dæmigerður þykkblöðungur og getur geymt í laufi og stilkum talsvert af raka sem gerir plöntuna jafn auðvelda í umhirðu og allir vita sem reynt hafa.**

Hún er skyld íslensku holtablómunum hellu-hnoðra og flagahnoðra en í náttúrunni vex hún helst á hinni fjarlægu eyju Madagaskar í Indlandshafi.



Algengasti liturinn er hárauður en til eru gul, bleik og hvít afbrigði.

### *Vinsæl vegna fallegra blaða*

Kóraltoppur, Kalanchoe blossfeldiana, er lágvaxin, þéttgreind og sígræn planta, nokkurs konar jurtkenndur hálfrunni. Tennt laufblöðin eru gljáandi og dökkgræn á heilbrigðum plöntum. Fáeinar skyldar tegundir hafa þann sérstaka eiginleika að geta myndað agnarlitlar smáplöntur eftir endilöngum blaðjöðrunum sem falla að lokum af og mynda nýja einstaklinga, en sá eiginleiki er afar sjaldgæfur í plönturíkinu. Blómstilkar kóraltopps eru lágir og marggreindir og á endum þeirra vaxa litrík blóm sem geta ólíkt mörgum öðrum plöntum af þessari stærð staðið mjög lengi, jafnvel í tvo til þrjá mánuði. Hæstu stilkarnir ná dálítið upp fyrir laufið en einnig myndast lágir, þéttir blómsveipir sem gera plöntuna enn meira aðlaðandi. Algengasti liturinn er hárauður en til eru gul, bleik og hvít afbrigði sem öll eru ljómandi falleg. Best er að hafa plöntuna í góðri birtu en vökva hana sparlega og nota mjög þynntan áburðarlög í 2-3 hvert skipti sem vökvað er á sumrin. Pottahlíf er sjálfsögð.



Tennt laufblöðin eru gljáandi og dökkgræn.

### *Stýrð ræktun*

Garðyrkjubændur nota ýmis ráð til að ná plöntunni þéttri og blómríkri svo varla er hægt að búast við að hún endist lengur en nokkra mánuði á því stigi sem hún er þegar hún er sett á markað. Yfirleitt eru þetta ódýrar plöntur og betra kann að vera að kaupa nýja plöntu tvisvar eða þrisvar á ári en að reyna með misgóðum árangri að halda henni fallegri í langan tíma. Sé það hins vegar ætlunin má halda henni þéttri með því að klípa greinaendana af þegar þeir eru orðnir 15-20 cm háir og umpotta síðla vetrar. Við náttúrulega daglengd blómstrar kóraltoppur á vorin. Ef við viljum fá blómstrandi kóraltopp til dæmis fyrir jól þarf að halda daglengdinni í 10 klukkustundum í rúman mánuð að hausti. Þá myndar plantan blóm-vísa í stað greina.

Græðlingar róta sig vel. Teknir eru greinabútar án blóma, settir í vatn eða raka mold og má búast við góðum árangri. Fræfjölgun er líka auðveld.

Kóraltoppur þrífst við fremur lágt hitastig í nokkurn tíma og getur staðið á skjólgóðri verönd eða garðskála sumarlangt. Hitinn má þó aldrei fara neðar en í 12°C, kjörhiti er um 18°C.



Dýrum getur orðið verulega meint af plöntunni.

### *Enn ein eiturjurtin*

Hér er á ferðinni jurt sem sumum dýrum getur orðið verulega meint af. Hundar, kettir og jafnvel fuglar geta veikst og jafnvel drepist ef þau éta lauf eða blóm plöntunnar.

*Ingólfur Guðnason,*
*brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu LbhÍ*

LÍF & STARF

# Í ævintýraför með undradrykk

**Hjónin Manuel Plasencia Gutierrez og Ragna Björk Guðbrandsdóttir byrjuðu að framleiða kombucha-drykkinn fyrir tveimur árum og í fyrstu var einungis hægt að fá drykkinn á krana hjá fáeinum aðilum. Í dag eru drykkir þeirra í níu mismunandi bragðtegundum seldir um allt land og virðist sem Íslendingar hafi tekið vel í þessa nýjung á markaðnum.**



Hjónin Manuel Plasencia Gutierrez og Ragna Björk Guðbrandsdóttir, stofnendur og eigendur fyrirtækisins Kombucha Iceland, framleiða nú kombucha-svaladrykkinn með níu mismunandi bragðtegundum.

„Manuel hefur lengi haft mikinn áhuga á því flókna ferli sem fer í gang við gerjun og hefur í mörg ár verið að gera ýmsar tilraunir. Eftir að hafa aflað sér upplýsinga um hráefni til bruggunar rakst hann á forna aðferð við að gerja te-Kombucha. Manuel fann fljótt fyrir jákvæðum áhrifum á líðan eftir að hafa drukkið kombucha reglulega og þá fyrst og fremst á magaflóruna. Sjálf hef ég ástríðu fyrir heilbrigðu líferni og finnst mikilvægt að láta gott af mér leiða, bæði fyrir samfélagið og náttúruna. Þarna rann þetta tvennt vel saman. Við áttuðum okkur fljótlega á sérstöðu Kombucha-drykkjarins og langaði okkur til að deila þessum undrarykk með sem flestum og þá hófst kombucha-ævintýrið okkar,“ útskýrir Ragna.

### *Heilsusamlegur svaladrykkur*

Kombucha Iceland er lítið fjölskyldu-fyrirtæki rekið af hjónunum og fögnuðu þau tveggja ára afmæli fyrirtækisins í ágúst síðastliðnum.

„Í byrjun var hægt að fá drykkinn á krana hjá nokkrum aðilum, þá gat fólk komið með eigin flösku og fyllt á. Í dag erum við mjög stolt af því að geta boðið upp á áfyllingar á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, hjá Frú Laugu í Laugardal, Sólir jóga úti á Granda, Mamma veit best í Kópavogi og Litlu hönnunarbúðinni í Hafnarfirði. Nú nýlega hefur bæst við áfyllingarstöð í Fisk kompaní á Akureyri og í Húsi handanna á Egilsstöðum. Þetta fyrirkomulag leggst vel í kramið hjá fólki sem hugsar um umhverfið og vill sniðganga óþarfa umbúðir. Við hlökkum til að kynna drykkinn fyrir fólki á Austurlandi en við munum taka þar þátt í viðburði sem tengist plastlausum september. Við erum alltaf að leita að nýjum endursöluaðilum og okkur langar að fólk geti nálgast Kombucha Iceland hvar sem er á landinu,“ segir Ragna og aðspurð um hvað kombucha sé í raun er hún fljót til svars:



Kombucha er gerjað te með náttúrulegri kolsýru og góður svaladrykkur.

„Kombucha er gerjað te sem inniheldur fjölbreytt úrval af heilsubætandi efnasamböndum. Þetta er sem sagt heilsusamlegur svaladrykkur sem inniheldur mikið af góðgerlum. Drykkurinn er aðeins súr með náttúrulegri kolsýru en einstaklega hressandi. Það sem er sérstakt við drykkinn er botn-fallið sem sjá má en er fullkomlega eðlilegt og einnig í sumum tilfellum er hægt að sjá fljótandi SCOBY (örveruþyrping) í flöskunni, ef að maður er heppinn.“

### *Fá hvatningu og innblástur*

Fyrsta árið sem þau hjónin fram-leiddu drykkinn seldu þau að meðaltali 1600 lítra á mánuði og hefur salan aukist jafnt og þétt frá byrjun. Í dag selja þau drykkinn með 9 mismunandi bragðtegundum.

„Við erum fyrst og fremst craft brugghús þar sem okkar aðalvara er Kombucha en við gerum margar tilraunir með bragðsamsetningar. Okkar helstu bragðtegundir eru engifer, krækiber, glóaldin, spirulina, rabarbari-vanilla, original, rauðrófa og mynta,“ útskýrir Ragna og segir jafnframt:

„Við gerð kombucha er byrjað á því að hella upp á gæða te og lífrænum sykri er bætt út í. Þegar teið nær réttu hitastigi er gerjunin sett í gang. Um er að ræða svipað ferli og við framleiðslu á jógúrti, súrkáli og kefír. Notuð er lifandi örveruþyrping sem kallast SCOBY (e.Symbiotic Solony of Bacteria and Yeast) sem knýr áfram gerjunina og nærist á sykrinum og koffíninu úr teinu. Við gerjunina breytir SCOBY teinu yfir í flókinn og bragðgóðan drykk, stútfullan af góðgerlum, sýrum og fleira. Það gleður okkur mikið að sjá hversu hratt kombucha-samfélagið á Íslandi hefur vaxið á þessum tíma frá því að við byrjuðum. Okkar helsta hvatning og innblástur kemur frá okkar tryggu kombucha-unnendum.

*/ehg*



LESENDABÁS

# Illyrði án innihalds

**Einar Freyr Elínarson, bóndi í Sólheimahjáleigu, jós úr brunni sínum í síðasta tölublaði Bændablaðsins. Honum var heldur niðri fyrir, fór ófögrum orðum um framtíð íslensks landbúnaðar og hóf m.a. grein sína á orðunum „Eigi landbúnaðurinn í landinu að lifa af þá þarf að heyja stríð.“ Þar var jafnframt spjótunum beint að undirrituðum og notast höfundurinn við þá vafasömu aðferðafræði við skoðanaskipti að brúka upphrópanir og stóryrði án þess að gera nokkra tilraun til að rökstyðja mál sitt.**

Á síðastliðnu ári boðaði ég til 16 opinna fund með bændum um allt land, og aldrei bar á svo vanstilltum málflutningi sem Einar Freyr færir fram, þó vissulega hafi umræður á stundum verið hressilegar og uppbyggjandi enda nauðsynlegt að takast á með málefnalegum hætti.



Kristján Þór Júlíusson.

### *Fyrstur með „fréttirnar“*

Í grein sinni vísar Einar til umræðu frá því í sumar um innflutning á lambahryggjum. Engu er til sparað í fullyrðingum um framgang þess máls, m.a. vísað til blaðamannafundar sem undirritaður á að hafa „afboðað á síðustu stundu“, en þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri um þennan meinta blaðamannafund. Þá er sú kostulega söguskýring sett fram að fyrrverandi landbúnaðarráðherra og núverandi menntamálaráðherra hafi átt einhverja aðkomu að því máli. Þetta mun raunar vera í annað skipti sem þessu er haldið fram í þessu ágæta blaði. Því er mér bæði ljúft og skylt að upplýsa á þessum vettvangi að hvorki fyrrverandi né núverandi ráðherrar áttu nokkra aðkomu að því máli eða höfðu áhrif á framgang þess. Ástæða þess að ekki var opnað á tollkvóta á hryggjum var einfaldlega sú að lagaleg skilyrði fyrir slíkri opnun voru ekki fyrir hendi. Fleiri fullyrðingar mætti leiðrétta enda af nægu að taka í þeim efnum en ég tel mikilvægara að ræða það sem mestu skiptir; framtíð íslensks landbúnaðar.

### *Skýr framtíðarsýn*

Meginmarkmið ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur í þessu samhengi er að landbúnaður á Íslandi sé sjálfbær og vernd búfjárstofna sé tryggð. Þá á Ísland að vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum.

Til að framfylgja þessari stefnumörkun má meðal annars vísa til aðgerðaáætlunar í 17 liðum um að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Þar er meðal annars kveðið á um:

- Skipuð verði áhættumatsnefnd.
- Átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi.
- Settur verður á fót Matvælasjóður með áherslu á eflingu nýsköpunar í innlendri matvælaframleiðslu.
- Opinber stefna um innkaup opinberra aðila á matvælum.
- Mótun matvælastefnu fyrir Ísland.
- Átak um betri merkingar matvæla.
- Vinna við að kanna þróun tollverndar og stöðu íslensks landbúnaðar gagnvart breytingum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi.
- Endurskoðun á tollskrá fyrir landbúnaðarvörur.

Unnið hefur verið staðfastlega að framgangi þessarar aðgerðaáætlunar, sem er í raun tímamóta stefnumörkun Alþingis um landbúnað, líklega sú áhrifamesta í mörg ár, og er hún í forgangi í mínu ráðuneyti. Ég mun þann 1. nóvember nk. gefa Alþingi skýrslu um framgang áætlunarinnar en hún var samþykkt með 54 atkvæðum á Alþingi hinn 19. júní sl.

### *Stjórnsýsla landbúnaðarmála efld*

Á sama tíma og unnið er að því að styrkja íslenska matvælaframleiðslu er verið að styrkja stjórnsýslu landbúnaðar- og matvælamála. Þannig samþykkti Alþingi í júní sl. frumvarp mitt um að verkefni Búnaðarstofu, sem nú heyrir undir Matvælastofnun, færast til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 1. janúar nk. Með því að koma þessum verkefnum á einn stað undir einni yfirstjórn í ráðuneytinu er horft til þess að auka möguleika til forgangsröðunar, gefa möguleika til að þróa stjórnsýsluna með skilvirkari hætti og þannig þjóna íslenskri matvælaframleiðslu enn betur en nú er gert.

### *Endurskoðun búvörusamninga*

Á þessu ári stendur yfir endurskoðun á þeim búvörusamningum sem tóku gildi 1. janúar 2017. Í ár stendur yfir endurskoðun á öllum fjórum samningunum. Endurskoðun er raunar þegar lokið í kjölfar þess að ég óskaði eftir því í fyrra að endurskoðun sauðfjársamningsins yrði flýtt. Í kjölfarið var skrifað undir samkomulag um endurskoðun þess samnings í janúar sl. Þar er að finna breytingar sem ég tel að muni stuðla að meira jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á markaði með sauðfjárafurðir en það hefur verið einn helsti vandi greinarinnar undanfarin ár. Mikilvægast af öllu er að nú sjást skýr merki um að hagur sauðfjárbænda er að vænkast á ný.

Nú standa yfir viðræður um endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar. Þær viðræður ganga vel og vonast ég eftir að þeim ljúki hið fyrsta. Í kjölfarið verður gengið frá samning um garðyrkju og rammasamning. Þessari vinnu fylgir mikil ábyrgð fyrir bæði stjórnvöld og bændur enda felast í henni dýrmæt tækifæri til að búa svo um starfsskilyrði þessara greina að íslenskur landbúnaður nýti þau mikilvægu sóknarfæri sem hann sannarlega hefur. Til að svo megi verða þarf ekki stríð, heldur samstillt átak bænda og stjórnvalda.

***Kristján Þór Júlíusson**, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra*


Nútíma músavarnir
HÁTÍÐNIFÆLUR



Sölustaðir
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunin Eyri
Vélaval

STREYMI heildverslun
Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri
S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

STRÚKTÚR
Yleiningar - Límtré - Stálgrindarhús



Verð á skemmum frá kr:29.500 m2

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Stangarhylur 7 110 Reykjavík | sími: 588 6640 |

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Svansson ehf



Ruddasláttuvélar, gröfubakkó, smágröfur, stauraborar og fl. landbúnaðartæki, ásamt bátum og búnaði.
Svansson ehf , netverslun í 13 ár.
Gæði á góðu verði.
Sendið okkur verðfyrirspurn á sala@svansson.is
Sími : 697-4900
Við erum líka á Facebook.

Allt til heimaslátrunar



Kjötnet, kjötkrókar, pækilmælar
Gott úrval hnífa og brýna
Gott úrval af tunnum og fötum
Kjötfarsblanda, rúllupylsukrydd, lambakrydd, reykkrydd, nítrítsalt og gróft salt
Vagúnvélar og pökkunarplast



KB BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI
Egilsholti 1
Verslun, sími: 430 5500
Opið virka daga 8-18
Laugardaga 10-14
www.kb.is, verslun@kb.is

UTAN ÚR HEIMI

## Phipps Conservatory and Botanical Gardens:

# Ferðast um framandi gróður

**Íslendingar eru ansi duglegir þegar kemur að því að ferðast milli landa, en spurning er hvort við séum nógu dugleg að njóta þess sem hinir ýmsu staðir hafa upp á að bjóða. Nýlega heimsótti ég grasagarð í Pittsburgh í Pennsylvaníuríki í Bandaríkjunum.**

Garðurinn nefnist Phipps Conservatory and Botanical Gardens og eigi menn leið um þessar slóðir er óhætt að mæla með heimsókn þangað. Garðurinn var stofnaður 1893 af Henry nokkrum Phipps og er því nokkuð gamall á mælikvarða Bandaríkjamanna. Phipps var vellauðugur og gaf borginni garðinn, svo íbúar Pittsburgh mættu fá notið fallegra garða og framandi plantna.



Inngangurinn að Phipps Conservatory and Botanical garðinum í Pittsburgh í Pennsylvaníuríki í Bandaríkjunum. Myndir / Kristján Friðbertsson

### *Sjálfbærnin sér ekki um sig sjálf*

Orðið „conservatory“ í nafninu vísar sérstaklega til glerhýsisins sem er aðalmannvirkið á svæðinu og skiptist í 14 mismunandi svæði og/eða samtengd hýsi, hvert öðru skemmtilegra. Því til viðbótar eru minni háttar ytri rými, auk þess sem 119 ára afmæli garðsins var fagnað árið 2012 með opnun sjálfbærnimiðstöðvar.

Sjálfbærnimiðstöðin (Center for Sustainable Landscapes) er í raun miðstöð um fræðslu. Sérlega tímabært nú þegar við sjáum fram á að þurfa að fara enn sparlegar með orku, vatn og fleira víða um heim. Þó auðvitað sé alltaf misskipt, enda spurning hvort sé ekki jákvætt hér á landi að nýta sem mest af vatninu sem rennur til sjávar.

Sagan, líkt og tískan, fer víst í hringi og er nú ákveðin pressa á að nýta sem best það sem við höfum og spara óþarfa. Það er því vonandi horft m.a. til bændasamfélags hvers svæðis í þeim málum, enda oftar en ekki sá hópur sem þekkir svæðið hvað best og hefur jafnan haft meiri hug á sem bestri nýtingu landgæðanna, en aðrir hópar.


Í einu húsinu er mikið um fiðrildi sem gaman er að skoða.

Byggingin sem hýsir sjálfbærnimiðstöðina var að sjálfsögðu hönnuð með því hugarfari að ná sjálf sem lengst í eigin sjálfbærni. Hún framleiðir eigin orku og endurnýtir allt rigningavatn, svo dæmi sé tekið. Byggingin er svo umkringd sérvöldum gróðri sem á sér sögu á þessum slóðum, fremur en hinni framandi plöntuflóru sem er annars í grasagarðinum að finna. Enda sitt hvort hugarfarið bakvið mismunandi hlutverk garðsins.

Slík stefna er auðvitað algeng þar sem leitað er plantna sem þrífast vel án mikillar fyrirhafnar. Frekar að plantan sé þegar aðlöguð aðstæðum, en að við séum sífellt að laga okkur að þörfum þeirra. Eins og bændur hér þekkja væntanlega vel, þá þýðir það að plönturnar dafna betur og spara okkur m.a. viðbættan áburð og óþarfa vinnu, svo eitthvað sé nefnt. Slíkar plöntur ættu þá einnig að henta betur fyrir dýralíf svæðisins og þá almenna grósku og hringrás náttúrunnar í heild. Í þessu tilfelli var svo einnig horft til þess að plönturnar hefðu sérstaka kosti umfram aðrar, þegar kemur að því að hreinsa í kringum sig loft og vatn.


Kristján Friðbertsson, garðyrkjunörd.


Orkídean Alicera Sunday Best Yellow.


Glerlistaverk sem líkja eftir plöntum voru áberandi og garðurinn hefur átt í samstarfi við ýmsa listamenn um að skapa verk til sýninga innan um plönturnar.

### *Ein grænasta bygging í heimi*

Byggingin sjálf er það hlaðin viðurkenningum og vottunum að hún flokkast meðal grænustu bygginga heims, þrátt fyrir að vera alls ekkert máluð grænum lit. Raunar er grasagarðurinn sjálfur einnig sagður meðal umhverfisvænstu bygginga heims og ýmsir hlutar hans með vottun hvað það varðar. Einn þeirra er hitabeltisskógs-gróðurhúsið, hannað til að nota 40% minni orku en samtímis halda mun stöðugra umhverfi fyrir plönturnar sem þar dvelja. Það hús er alltaf tekið undir sérstakar sýningar með ákveðnu þema og árið 2018 lauk sýningunni um hitabeltisskóga Kongó og við tók ný sýning um Kúbu, næstu 3 árin. Það þema skilar sér í plöntuvali, sem og ýmsum upplýsingaskiltum og öðru í innréttingum hússins.

Þykkblöðunga, kaktusa o.fl. má finna í eyðimerkurrými og ávaxtarými hýsir svo ávaxta- og kryddplöntur sem tengjast hitabeltissvæðum. Svo sem sérlega ófríðan sítrusávöxt, papaya og kaffi. Þar mátti einnig finna banana, sem eru líklega ekki sérlega bragðgóðir og gert ráð fyrir að fari beinustu leið í ruslið, miðað við staðsetningu tunnunnar. Mér datt í hug að benda þeim á að prófa frekar ferska íslenska banana, en fann því miður ekki réttan aðila til að sannfæra um þau mál.


Orkídean Bromecanthe Jamaica Fire.


Orkídean Encyclia alata.

### *Enginn mörgæsamatur*

Inn af góðu safni burkna og köngulpálma gengur maður svo í hús fullt af fallega blómstrandi brönugrösum af hinum ýmsu stærðum og gerðum.


Annaðhvort er ruslatunna við hliðina á bananatrénu vísbending um bragðgæði eða að of margir hafa runnið til á óstýrilátum bananahýðum.

Brönugrasaætt (Orchidaceae) myndar aðra af 2 stærstu ættum blómplantna, er í dag talin innihalda á bilinu 28.000 til 35.000 tegundir, meira en 100,000 blendinga. Ennfremur áætluð að telja allt að 11% af öllum fræplöntum og rekur ættin uppruna sinn allt að 100 milljón ár aftur í tíman. Þrátt fyrir að vera oftast kenndar við hitabeltisloftslag, finnast plöntur ættarinnar um heim allan. Því auk þess að vera ræktaðar og seldar þvert á flest landamæri heimsins, virðast þær sérlega góðar að koma sér fyrir við sérhæfðar aðstæður í náttúrunni. Enda þekkjum við hér á landi brönugrasið sem hreinlega ber ættarnafnið á íslensku (Dactylorhiza maculata) og finnast um 30 tegundir jafnt í hinu


Gróðurtröllin tvö sem falin eru meðal plantna.


Lady´s slipper orkídea Paphiopedilum.


Sítrus af NA Indverskum uppruna, Citrus medica var. Sarodactylis, Buddha's hand citron.

kalda, norðlæga fylki Alaska sem og Pennsylvaníu, þar sem garður þessi er staðsettur.

Það er helst á Suðurskautinu sem erfitt getur reynst að finna brönugrös í náttúrunni, en það er svo sem ekki útilokað að óheft beit mörgæsa hafi haft eitthvað með það að gera, þó ekkert bendi til þess. Enda grös frekar á matseðli margæsa en mörgæsa. Að sama skapi kemur mörgum á óvart að mestu tegundafjölbreytni þeirra er ekki að finna í hitabeltisskógum Suður-Ameríku, heldur er hana að finna í Himalayafjöllum, í ríkinu Nepal. Innan ættarinnar er svo auðvitað m.a. að finna orkídeuna Vanilla planifolia, en þurrkaðir ávextir hennar eru helsta náttúrulega uppspretta vanillu í heiminum.

### *Flögrandi fegurð*

Hitahúsið (e. Stove room) er sérlega ánægjulegt að heimsækja utan vetrartíðar, því frá vori og fram eftir hausti er það ávallt boðið fiðrildum til umráða. Þar eru þá upplýsingaskilti um fiðrildi, en einnig klekjast þau þarna úr púpum sínum og flögra um rýmið. Maður gengur því um meðal fiðrildanna meðan maður dáist jafnt að fegurð þeirra, sem og plantnanna. Hér getur verið gaman að koma með börnin til að fræða þau og ekki síður skemmta þeim, því þau börn sem voru þarna samtímis okkur virtust algerlega heilluð. Ekki sakar þegar fiðrildin lenda á manni og sitja róleg meðan maður grandskoðar þau.

### *Einn af mörgum*

Phipps er ágætis grasagarður og algerlega heimsóknarinnar virði sé maður á þessum slóðum. Verður þó að játast að hann trónir ekki á toppnum í mínum huga yfir flottustu garða heims. En þar er líka erfið samkeppnin, þegar mikið er um stórfenglega garða. Margt er þarna áhugavert og fallegt að skoða og greinilega mikill metnaður fyrir starfseminni. Ýmis rými breytast milli árstíða og geta því innihaldið allt aðrar plöntur að vori en hausti auk þess að jólatíðin tekur yfir desember- og janúarmánuði, með tilheyrandi ljósum, skreytingum o.fl. sem eflaust er smekksatriði hvort telja skal jákvætt eður ei.

*Kristján Friðbertsson, garðyrkjunörd*

# Hörgársveit selur félagsheimilið

**Sveitarfélagið Hörgársveit hefur selt félagsheimilið Hlíðarbæ, en kaupandi er Regla Musterisriddara á Akureyri sem tók við rekstri hússins í byrjun síðustu viku.**

Hlíðarbær er sögufrægt hús sem stendur á áberandi stað norðan Akureyrar, skammt frá þjóðleið 1 í Hörgársveit. Hlíðarbær þótti henta ágætlega undir starfsemi Reglunnar.

### *Húsið verður áfram staðarprýði*

Musterisriddarar flytja nú með starfsemi sína úr Strandgötu 23 á Akureyri og út fyrir bæjarmörkin. Reglan hefur starfað á Íslandi frá árinu 1949 og heldur um þessar mundir upp á 70 ára afmæli sitt. Á Akureyri hefur félagsskapurinn verið með starfsemi frá árinu 1970 og lengst af í fallegu gömlu húsi við Strandgötu á Akureyri.

„Við erum því vanir að vera í sviðsljósinu og munum virða beiðni sveitarstjórnar Hörgársveitar um að halda húsinu í góðu ástandi svo það verði áfram staðarprýði. Það verður áfram fallegt heim að líta og húsið verður áfram opið til samkomuhalds hér eftir sem hingað til," segir Birgir Stefánsson, meistari í RM Öskju á Akureyri.

### *Spenntir að hefja starf á nýjum stað*

Hann segir Hlíðarbæ hafa mikið tilfinningagildi fyrir íbúa sveitarfélagsins og eigi þeir flestir hverjir góðar minningar um húsið sem verið hefur einn helsti samkomustaður sveitarinnar í áratugi. Húsið hefur um tíðina heitið öðrum nöfnum en Hlíðarbær, eða Kuðungur og Þinghúsið.

„Það eru allir mjög spenntir að hefja starfið á nýjum stað. Framtíðin er hulin en ef til vill getum við innan tíðar haft opið hús og boðið til okkar gestum úr héraðinu," segir Birgir.



Hlíðarbær er nú í eigu Reglu Musterisriddara á Akureyri, en verður áfram nýtt sem félagsheimili og leigt út til mannfagnaða.

Regla Musterisriddara starfar á öllum Norðurlöndum nema Grænlandi og eru helstu verkefni á sviði mannræktar. Leitast er við að fá til starfa menn með opna, víða og heilbrigða lífssýn. Notkun áfengis- og vímuefna er hafnað enda telja meðlimir að menn nái ekki árangri nema vera allsgáðir alltaf.

### *Gott að nýta féð til nýrra verkefna*

Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri Hörgársveitar, segir að það hafi um nokkurt skeið staðið til að selja félagsheimilið og það auglýst til sölu. Áður hefur Leikfélag Hörgdæla keypt félagsheimilið að Melum af sveitarfélaginu og þriðja fyrrum félagsheimilið, Freyjulundur, var selt fyrir nokkuð löngu.

Auk þess að nýta húsnæðið undir eigin starfsemi mun Regla Musterisriddara reka húsið sem félagsheimili og það fæst áfram rekið sem félagsheimili og leigt út til viðburða af allra handa tagi. Hlíðarbær hefur verið vinsæll undir tækifærisveislur af ýmsu tagi, til funda- og ráðstefnuhalds og þá hefur sveitarfélagið notað húsið fyrir skólaslit Þelamerkurskóla. Gerir Snorri ráð fyrir að sá háttur verði áfram hafður á.

Snorri segir að Hörgársveit standi í fjárfestingum um þessar mundir og gott að geta nýtt þá fjármuni sem fást með sölu félagsheimilisins í önnur verkefni. /MÞÞ


Þýskar 2ja og 3ja hesta kerrur

Opnanlegar bæði með hlera og hurð
Ríkulegur útbúnaður

2ja hesta kerrur frá kr. 1.345.000 m/vsk
3ja hesta kerrur frá kr. 1.690.000 m/vsk



BRIMCO
EFRIBRAUT 6 (við Reykjalund)
270 MOSFELLSBÆ SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



HEYRNARHLÍFAR & SAMSKIPTATÆKI
Heyrnarhlífar
- með meiru!

*Vandaðar heyrnarhlífar og samskiptabúnaður með margskonar eiginleikum; bluetooth, útvarpi og talstöð. Veldu það sem hentar.*
*Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.*





65 1954-2019
DYNJANDI
allt fyrir öryggið
Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

UTAN ÚR HEIMI



Jarle Rueslåtten í Norsk Gardsost og Ann-Norill Stennes í Tine hafa komist að samkomulagi sem veitir svæðisbundnum ostaframleiðendum aðgang að þjónustu hjá mjólkursamlaginu Tine. Mynd / Peder Buskenes, Tine

## Mjólkursamlagið Tine í Noregi:
# Aðstoðar smáframleiðendur og miðlar þekkingu í ostagerð

**Mjólkursamlagið Tine í Noregi hefur nú gert samkomulag við norska ostaframleiðendur um að 160 meðlimir í Norsk Gardsost fái nú aðgang að sérþekkingu, tækjabúnaði, viðhaldi og þjónustu hjá fyrirtækinu sem með þessu móti aðstoða samkeppnisaðila sína.**

Tine hefur um nokkurt skeið keyrt osta fyrir meðlimi Norsk Gardsost í verslanir og veita nú samkeppnisaðilum sínum enn frekari þjónustu. Þeir munu einnig bjóða framleiðendunum upp á eftirfylgni á vörugæðum, eftirfylgni og samband við Matvælaeftirlitið, aðstoð við endurskoðun og sýnatöku af lofti, vatni og umhverfi. Eftirlit á mjólkurstöðvum og tæknihlutum róbóta, fyrirbyggjandi viðhald og viðgerðir á kælikerfum og mjólkurtönkum er einnig nýtt tilboð til framleiðandanna. Þar að auki geta meðlimir í Norsk Gardsost nú pantað og keypt notaða mjólkurtanka.

„Við höfum náð góðum samningi við Tine sem byggir enn frekar á því góða samstarfi sem við höfum haft og styrkir okkar framleiðendur. Tine vill bjóða upp á þessa þjónustu við okkar félagsmenn því að þeir afhendi ekki mjólk til þeirra. Samkomulagið þýðir einnig að okkar meðlimir fá aðgang að faglegri ráðgjöf þegar kemur að gæðastjórnun ásamt greiningum á mjólk og tilbúnum vörum úr rannsóknarstofum. Við vonum að þetta geti hjálpað til gegn innflutningsstraumnum og til að upphefja enn frekar norska mjólk og ost. Við teljum að þetta geti orðið upphafið að einhverju mjög góðu,“ segir Jarle Rueslåtten, stjórnarformaður Norsk Gardsost.

Fram til ársins 2003 voru mjólkursamlög sem Tine lögðu niður og seldu byggingarnar með ákvæðum um að ekki ætti að nýta þær til mjólkursamlaga aftur. Vikedalmjólkursamlagið í Rogaland var fyrsta mjólkursamlagið sem var selt án slíkra ákvæða og eftir það hefur samvinna milli Tine og svæðisbundinna ostaframleiðenda orðið betra og betra. Í mörg ár hefur Tine dreift ostum í verslanir fyrir minni framleiðendur sem keyra út vörur sínar um allan Noreg. Á þessu ári hafa þeir dreift um 900 þúsund einingum, eða um 20 þúsund tonnum fyrir smáframleiðendur og magnið eykst frá ári til árs. /ehg

# Varað við salmonellusmiti í eggjum á Bretlandseyjum

**Yfirvöld á Bretlandseyjum hafa sent frá sér viðvörun vegna hættu á salmonellusýkingu í eggjum. Viðvörunin kemur í framhaldi af eftirliti á meðferð eggja sem sýndi að reglur um hreinlæti og geymslu eggja voru brotnar á öllum stigum framleiðslu, pökkunar og sölu.**

Síðastliðin þrjú ár hafa ríflega eitt hundrað einstaklingar á Bretlandseyjum veikst alvarlega vegna salmonellu sem rakin er til neyslu á eggjum. Í framhaldi af þessu hóf eftirlitsstofnun, sem kallast Food Standards Agency, rannsókn á orsökum sýkinganna. Í ljós kom að meðferð á eggjun hvað varða hreinlæti, geymslu og flutning voru þverbrotnar á öllum stigum framleiðslunnar.

*Misalvarleg tilfelli*

Sýkingarnar sem um ræðir stafa af mismunandi stofnum salmonella og eru í flestum tilfellum skaðlitlar en geta valdið sýkingum í ófrískum konum, börnum og gamalmennum og þeim sem hafa skert ónæmiskerfi. Í alvarlegustu tilfellum hefur fundist stofn sem kallast Salmonella enteritidis og þykir alvarlega skæður og getur valdið alvarlegum sýkingum.

Samkvæmt því sem talsmaður eftirlitsstofnunarinnar sagði skipta reglugerðabrotin þúsundum og breytir þar engu hvort um er að ræða býli sem framleiddu egg, pökkunarstöðvar og kæla í verslunum. Víða væri pottur brotinn og nánast alls staðar væri hægt að gera betur til að tryggja gæði eggjanna.

Í öllum tilfellum voru eggin gæðavottur með stimpli breska ljónsins sem tryggja á gæði þeirra og hollustu.

*Eftirliti víða ábótavant*

Við nánara eftirlit og skoðun kom í ljós að þrátt fyrir að salmonella hafi greinst í fjölda sýna hafi egg verið sett á markað. Einnig kom fram að sýnatöku og eftirliti var víða ábótavant eða því einfaldlega sleppt.

Samkvæmt samantekt stofnunar á Bretlandseyjum sem fjallar um heilsufar dýra segir að í einni af hverjum sex eftirlitsferðum undanfarin þrjú ár hafi verið gerð athugasemd vegna hreinlætis, aðbúnaðar dýra og gæða eggja á kjúklingabúum.

Bretar neyta um 1,3 milljarða eggja á ári og nánast öll eru framleidd innanlands og helmingur frá býlum sem vottuð eru með lausagönguhænur.

Samkvæmt yfirlýsingu frá stjórnvöldum verður gripið til aðgerða til að stemma stigu við frekari útbreiðslu salmonellu og eftirlit með framleiðslunni hert./VH

Á FAGLEGUM NÓTUM




Þróun útbreiðslu mjaltaþjónabúa á Norðurlöndunum frá 1998.

# Norðurlöndin framleiddu rúmlega 12,3 milljarða lítra af mjólk 2018



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

**NMSM samtökin, sem eru samstarfsvettvangur Norðurlandanna um ýmis málefni sem snerta mjólkurframleiðslu, héldu nýverið aðalfund sinn og á þeim fundi voru birtar hinar árlegu upplýsingar um þróun mjólkurframleiðslu Norðurlandanna. Helstu upplýsingar má sjá hér í meðfylgjandi töflu. Þar kemur m.a. fram að mjólkurframleiðslan stóð í stað á milli ára en heildarframleiðsla Norðurlandanna á mjólk nam alls 12,3 milljörðum lítra í fyrra sem er nánast sama mjólkurmagn og hefur verið síðustu árin.**

Þrátt fyrir ákveðna stöðnun í framleiðslunni hafa kúabúin verið að bæta mikið við sig enda fækkaði þeim um 7,4% á milli ára og voru í árslok 20.590 talsins.

*Mjaltaþjónabúum fjölgar enn*

Síðustu árin hefur mjaltaþjónabúum fjölgað nokkuð reglulega á Norðurlöndunum en þróunin hefur þó verið harla ólík á milli landanna (sjá bæði mynd og töflu). Þannig hefur þeim fjölgað nokkuð hratt í þeim löndum þar sem bústærðin er að jafnaði minni, þ.e. Noregi, Finnlandi og hér á landi en í bæði Svíþjóð og Danmörku hefur þróunin verið önnur. Raunar fækkaði þeim á tíma-bili í báðum löndum en er nú aðeins að fjölga á ný.

Fjöldi dönsku mjaltaþjónabúanna er þó langt frá því að vera sá sami og var þegar mest lét, en það var árið 2011 þegar fjöldi þeirra fór í 920. Nú eru búin 722 í Danmörku. Þessi nokkuð ólíka þróun innan Norðurlandanna skýrist eins og áður segir af bústærðinni þar sem afköst mjaltaþjóna takmarkast við um það bil 65 kýr í hverjum mjaltaþjónaklefa. Þar með hentar tæknin síður stærri búum í jafnri stækkun þar sem alltaf þarf að bæta við nýrri 65 kúa einingu við stækkun með tilheyrandi kostnaði. Þetta kann þó að vera að breytast með lækkandi kostnaði hvers mjaltaþjóns með aukinni samkeppni og nýrra tæknilegra lausna sem gera viðbótarkostnaðinn minni þegar bændur bæta afköst búanna.



Í árslok 2018 voru mjaltaþjónar á fjórða hverju kúabú Norðurlandanna (25,2%) en hæsta hlutfallið var hér á landi en um síðustu áramót var þessi mjaltatækni á 35,4% af kúabúum landsins. Mynd / HKr.

*Langstærsta hlutfallið hér á landi*

Mjaltaþjónabúum, talin sem starfandi bú 31. desember 2018, fjölgaði á árinu úr 4.811 í árslok 2017 í 5.187 um síðustu áramót eða alls um 376 bú. Árið þar á undan fjölgaði þeim ekki nema um 182 bú og árið þar á undan um 185 bú svo síðasta ár sker sig verulega úr með tvöfalt meiri fjölgun mjaltaþjónabúa sem bendir til betri stöðu kúabúanna á Norðurlöndum nú.

Í árslok 2018 voru mjaltaþjónar á fjórða hverju kúabú Norðurlandana (25,2%) en hæsta hlutfallið var hér á landi en um síðustu áramót var þessi mjaltatækni á 35,4% af kúabúum landsins.

*Rúmlega 8 þúsund mjaltaþjónar!*

Eins og hér að framan greinir þá fjölgaði mjaltaþjónabúunum um 376 bú en mjaltaþjónunum sjálfum fjölgaði mun meira eða um 474. Í árslok síðasta árs var fjöldi mjaltaþjóna í notkun kominn í 8.227 stykki. Flesta mjaltaþjóna er enn að finna í Danmörku eða 2.132 en bæði Noregur og Svíþjóð eru skammt undan með annars vegar 2.052 og 2.065 mjaltaþjóna.



Það er viðbúið að yfirburðastaða Dana á þessu sviði sé að líða undir lok haldi þróunin innan Norðurlandanna áfram með svipuðu sniði á komandi árum. Það eru reyndar tíðindi að sjá að mjaltaþjónum fjölgar á ný í Danmörku eftir nokkra fækkun á liðnum árum.

*Dönsk mjólkurframleiðsla langstærst*

Líkt og undanfarin ár þá er danska mjólkurframleiðslan langumsvifamest innan Norðurlandanna en dönsku kúabúin framleiddu í fyrra 5,6 milljarða lítra eða 45,6% allrar mjólkur á Norðurlöndum. Árið 2017 var þetta hlutfall 44,6% og hefur þetta hlutfall dönsku búanna aukist ár frá ári undanfarin ár.

Næststærsta framleiðsluland mjólkur á Norðurlöndunum er svo Svíþjóð með 22,4% og þar á eftir kemur svo Finnland með 19,1%. Norsku kúabúin standa svo undir 11,7% og við Íslendingar rekum síðan lestina með 1,2% af heildarframleiðslu mjólkur á Norðurlöndunum.

*Langstærstu búin í Danmörku*

Meðalbústærðin á Norðurlöndunum er nú komin í 67 árskýr og jókst bústærðin í öllum löndunum nema Danmörku á síðasta ári, í samanburði við árið 2017. Þrátt fyrir að þar hafi kúabúin ekki vaxið á árinu eru dönsku kúabúin langstærst en þar var meðalbúið með 193 árskýr í árslok 2018.

Bústærðin á hinum Norðurlöndunum er mun minni en næststærstu búin eru í Svíþjóð þar

## Mjólkurframleiðsla Norðurlandanna - ýmsar stærðir

| | Danmörk | | Finnland | | Ísland | | Noregur | | Svíþjóð | | Norðurlöndin | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2017 | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 | 2018 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
| Fjöldi kúabúa alls | 2.971 | 2.953 | 6.806 | 6.250 | **573** | **556** | 8.154 | 7.481 | 3.614 | 3.350 | 24.730 | 23.442 | 22.118 | 20.590 |
| Fjöldi kúabúa með mjaltaþjóna | 702 | 722 | 1.075 | 1.138 | **181** | **197** | 1.841 | 2.012 | 1.012 | 1.118 | 4.444 | 4.629 | 4.811 | 5.187 |
| Fjöldi mjaltaþjóna | 2.055 | 2.132 | 1.593 | 1.729 | **222** | **249** | 1.957 | 2.052 | 1.926 | 2.065 | 7.179 | 7.447 | 7.753 | 8.227 |
| Fjöldi mjólkurkúa, þúsundir | 575 | 570 | 271 | 264 | **27** | **27** | 208 | 204 | 322 | 313 | 1.453 | 1.411 | 1.402 | 1.377 |
| Meðalbústærð | 194 | 193 | 40 | 42 | **47** | **49** | 26 | 27 | 89 | 93 | 59 | 60 | 63 | 67 |
| Heildarmjólkurframleiðsla, milljónir kg. | 5.494 | 5.615 | 2.366 | 2.354 | **151** | **152** | 1.495 | 1.439 | 2.817 | 2.760 | 12.285 | 12.297 | 12.323 | 12.320 |
| Meðalframleiðsla pr. bú, þúsundir kg | 1.849 | 1.901 | 348 | 377 | **264** | **273** | 183 | 192 | 779 | 824 | 497 | 525 | 557 | 598 |
| Meðalinnvigtun mjólkur í afurðastöð pr. kú | 9.554 | 9.851 | 8.731 | 8917 | **5.593** | **5.630** | 7.188 | 7.054 | 8.748 | 8.818 | 8.455 | 8.715 | 8.790 | 8.947 |

sem meðalbúið er með 93 árskýr. Þar á eftir koma íslensku búin með 49 árskýr, þá þau finnsku með 42 árskýr og norsku búin reka lestina með ekki nema 27 árskýr að jafnaði.

***Meðalbúið með 598 þúsund kíló***

Ársframleiðsla norrænu kúabúanna er auðvitað nátengd bústærðinni en að jafnaði lagði hvert bú inn 598 þúsund lítra á síðasta ári sem er aukning um 41 þúsund lítra á einu ári eða um 7,4% frá fyrra ári. Eins og við er að búast fylgist innvigtunin nokkuð vel kúafjöldanum þó svo að afurðasemi kúnna hafi þar auðvitað töluverð áhrif.

Eins og undanfarin ár bera dönsku búin höfuð og herðar yfir önnur bú á Norðurlöndunum og raunar í allri Evrópu en þau voru að jafnaði að leggja inn 1,9 milljónir lítra sem er tífalt meira mjólkurmagn en norsku búin voru að leggja inn að meðaltali, en þau eru að framleiða langminnsta mjólkurmagnið á Norðurlöndum og meðalinnlögnin þar er ekki nema 192 tonn á ári.

***Kúnum fækkar líka***

Samhliða fækkun kúabúa hefur kúnum líka fækkað en afurðasemin hefur þó aukist að sama skapi. Þannig fór fjöldi þeirra úr 1.402 þúsund kúm í árslok árið 2017 í 1.377 þúsund kýr í árslok 2018 sem er þó ekki nema fækkun um 1,8% á milli ára.

Mest fækkaði sænskum og finnskum kúm en heldur minni fækkun varð í Noregi og Danmörku. Ísland er eina landið sem stóð í stað á milli ára þegar horft er til fjölda á mjólkurkúm.

***Meðalkýrin að skila 8.947 kg í afurðastöð***

Þegar horft er til afurðasemi kúnna á milli landanna er staðan nokkuð ólík eftir því hvaða land á í hlut enda hefur þar áhrif bæði kúakynið sem er notað við framleiðsluna og það umhverfi sem kúabúin starfa við. Þannig er t.d. kvótakerfi bæði í Noregi og á Íslandi en framleiðslan í hinum löndunum er frjáls sem getur haft sín áhrif á það hvernig bændurnir stýra sínum búum.

Þegar meðalafurðir eru metnar er oft notast við skýrsluhaldsafurðir, þ.e. uppgefnar afurðir búa sem taka þátt í skýrsluhaldi og þá er ekki tekið tillit til heimanota á mjólk eða mögulegra áfalla vegna sjúkdómameðhöndlunar svo dæmi sé tekið. Í samanburði NMSN er hins vegar notast við upplýsingar um alla innvegna mjólk til afurðastöðvanna í löndunum og svo heildarfjölda skráðra mjólkurkúa í löndunum. Þegar þetta er reiknað þannig út kemur í ljós að sem fyrr eru mestar afurðir að finna í Danmörku, þar sem hver kýr er að skila að jafnaði 9.851 kílói í afurðastöð. Vegna þess hve danska mjólkurframleiðslan vegur þungt á norræna vísu er meðaltal Norðurlandanna hátt, eða 8.947 kíló. Á eftir dönsku kúnum koma þær finnsku með þó nærri einu tonni minna mjólkurmagn, eða 8.917 kíló og þar á eftir eru sænsku kýrnar með 8.818 kíló. Norsku kýrnar eru þær fjórðu afurðamestu með 7.054 kíló en þær íslensku eiga nokkuð í land með að ná dönsku kúnum með ekki nema 5.630 kíló að jafnaði.

*Heimild: Tæknihópur NMSM*








Dönsku og íslensku nemendurnir skemmtu sér vel. Mynd / MHH

### Kerhólsskóli í Grímsnes- og Grafningshreppi:

# Danskur skólahópur frá 127 manna eyju í heimsókn

**Nemendur og starfsmenn Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi fengu nýlega skemmtilega fjögurra daga heimsókn þegar danskir grunnskólanemendur frá eyjunni Anholt heimsóttu skólann. Íbúar eyjunnar eru aðeins 127 en hún liggur á milli Danmerkur og Svíþjóðar.**

Anholt skole er minnsti skólinn í Danmörku en í skólanum eru 14 nemendur í grunnskóladeild og 3 börn í leikskóladeild. Hann er eins og Kerhólsskóli að því leyti að í báðum skólum er leik- og grunnskóladeild. Öll börn grunnskóladeildarinnar komu ti Íslands ásamt kennurum og nokkrum foreldrum, alls 31. „Þau höfðu samband við okkur í fyrra og langaði að koma af stað samstarfi. Við sóttum um styrk úr Nordplus en fengum ekki, þannig að þau söfnuðu fyrir sinni heimsókn í tvö ár hingað. Við ætlum að sækja um aftur á næsta ári og erum að skoða hvort við komumst þá til þeirra í heimsókn,“ segir Alice Petersen, kennari í Kerhólsskóla.

Starfsmenn Kerhólsskóla skipulögðu fjölbreytta og skemmtilega dagskrá á meðan heimsóknin stóð, bæði í skólanum og svo var farið í nokkrar skoðunarferðir. Þema yngsta stigsins var söngur og samvera, miðstigið var með þjóðsögur og náttúruna og unglingastigið tók fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Út frá þemunum var ákveðið að fara saman í ferðir en farið var einn daginn á Þingvöll og annan dag var farið að skoða orkusýninguna í Ljósafossvirkjun. Þá var farið í sund á Borg.

„Þar sem Kerhólsskóli er talinn lítill skóli með 73 nemendur í grunnskóla- og leikskóladeild fannst okkar börnum gaman að heyra frá gestunum, hvað væri gaman að vera í svona stórum skóla þar sem næðist í góð lið í fótboltanum. Nemendur og starfsmenn skólanna náðu vel saman og stefnir Kerhólsskóli á að heimsækja Anholt skole ef fást styrkir til fararinnar,“ segir Jóna B. Jónsdóttir, skólastjóri Kerhólsskóla.

*/MHH*




# Breytingar á heildareinkunn í nautgriparækt

**Guðmundur Jóhannesson**
ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is



**Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir**
Þróunar- og verkefnastofa
geh@rml.is



**Fyrir skömmu lauk vinnu við verkefni um hagrænt vægi eiginleika í nautgriparækt sem staðið hefur yfir í um tvö ár. RML hefur staðið fyrir þessari vinnu sem hefur verið í höndum þeirra Kára Gautasonar og Jóns Hjalta Eiríkssonar og hefur notið stuðnings þróunarsjóðs nautgriparæktarinnar, Landssambands kúabænda og Nautastöðvar BÍ. Hluti verkefnisins var unninn í samstarfi við sérfræðinga Háskólans í Árósum í Danmörku, einkum Morten Kargo Sørensen. Þann 6. ágúst sl. var lokaafurðin kynnt fagráði í nautgriparækt og er skýrsluna að finna á heimasíðu RML.**

Fagráð ákvað að nýta niðurstöður verkefnisins svo fljótt sem verða má og við næstu keyrslu kynbótamats verður útreikningi á heildareinkunn breytt til samræmis við niðurstöður verkefnisins.

Gott kynbótastarf byggir á skýrum og góðum markmiðum þar sem velja þarf fyrir eiginleikum sem skila okkur afkastameiri, hraustari, hagkvæmari og betri gripum auk þess sem hafa verður í huga velferð þeirra. Ein leið til að ákvarða samsetningu og vægi eiginleika er að leiða út með hvaða áherslum má vænta mests hagræns ávinnings. Ef valið fer fram samkvæmt því má vænta hámarksnýtingar þeirrar fjárfestingar sem fer í kynbótastarfið en það er sérstaklega mikilvægt ef dýrar, og jafnframt öflugar, aðferðir svo sem erfðamengisúrval eru nýttar

Við mat á hagrænu gildi eiginleika er horft til framtíðar en verðmæti þeirra fer eftir ýmsum ytri aðstæðum. Ávinningur af kynbótastarfi er framtíðarávinningur og það er alls ekki auðvelt að spá fyrir um þær aðstæður sem kunna að verða að t.d. 10 árum liðnum.

Í verkefninu var gerð tilraun eftir framleiðsluaðstæðum og kúabúum framtíðarinnar. Settar voru upp þrjár sviðsmyndir en sú sem líklegust þótti valin til áframhaldandi vinnu í samráði við fagráð í nautgriparækt.

Sú sviðsmynd gerir ráð fyrir því að kúabúum fækki úr 581 um áramótin 2016-17 niður í 406 árið 2027. Reiknað er með að þá verði meðalstærð orðin 65 árskýr, meðalnyt komin í 7.100 kg og heildargreiðslumark 173 milljónir lítra. Einhverjum kann að þykja bratt að auka greiðslumark um 28 milljónir lítra eða 19% á tíu árum. Þessi spá byggir á spám um fjölda ferðamanna og lágspá Hagstofu Íslands um fólksfjölgun auk þess sem tekið er tillit til áhrifa tollfrjáls innflutnings. Það verður hins vegar að hafa í huga að mikil óvissa er um marga þætti sem hafa áhrif á stærð mjólkurmarkaðarins og má þar nefna gengis- og tollamál, mannfjölda og fjölda ferðamanna ásamt breytingum í neyslumynstri á mjólkurvörum. Í þessari sviðsmynd er tekið tillit til fjölda annarra þátta, s.s. fóðrunar- og uppeldiskostnaðar, launakostnaðar, afurðaverðs o.fl. Það er hins vegar of langt mál að gera grein fyrir öllum forsendum hér og því bent á skýrsluna sjálfa.

Hluti verkefnisins var að meta hagrænt gildi útlits og umhirðuþátta gripanna, eins og júgur- og spenagerðar, mjalta og skaps. Það var m.a. gert með því að senda könnun til bænda þar sem þeir voru beðnir um að leggja mat á þann vinnusparnað sem verður með því að bæta þessa eiginleika. Jafnframt voru bændur spurðir um hvernig þeir vilja hafa vægi eiginleika í ræktunarstarfinu.

### *Gleitt settir framspenar og of mjóir spenar stærsta vandamálið*

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru þær að bændur telja gleitt setta framspena og of mjóa spena stærsta vandamálið varðandi spenagerð, þ.e. þetta væru þeir þættir sem yllu aukinni vinnu við gripina. Þeir lögðu lögðu nokkuð að jöfnu hvort gallar í júgurgerð stöfuðu af lítilli festu, ógreinilegu júgurbandi eða mikilli júgurdýpt enda fara þessir gallar oft saman. Varðandi mjaltir og skap töldu menn að hækkun þessara eiginleika um eitt stig í einkunn sparaði 30-60 sek. á kú á ári í mjöltum og samsvarandi tala fyrir skap var 20-30 sek. Þeir sem svöruðu könnuninni voru almennt nokkuð sammála um að lækka beri vægi afurða í heildareinkunn og hækka vægi annarra eiginleika eins og júgur- og spenagerðar, mjalta og skaps.

Danskur hugbúnaður, SimHerd, var aðlagaður eins og kostur var að íslenskum aðstæðum og þeirri stöðu sem líklegust þykir árið 2027. Í samráði við fagráð var gert ráð fyrir að framleiðslustýringu með greiðslumarki yrði viðhaldið og þróun í fækkun og stækkun búa væri með svipuðum hætti og verið hefur. Sjónarhornið á hagrænan ávinning kynbótanna í þessu verkefni er að markmiðið sé að lækka framleiðslukostnað mjólkur, og er þá látið liggja á milli hluta hver nýtur þess ávinnings, hvort það eru bændur, afurðastöðvar eða neytendur.

## Vægi eiginleika

| Eiginleiki | Eldri einkunn | Ný heildareinkunn | |
|---|---|---|---|
| | | Naut | Kýr |
| Afurðir | 44% | **36%** | **36%** |
| Frjósemi | 8% | **10%** | **11%** |
| Frumutala | 8% | **8%** | **9%** |
| Júgur | 8% | **10%** | **11%** |
| Spenar | 8% | **10%** | **13%** |
| Mjaltir | 8% | **8%** | **10%** |
| Skap | 8% | **8%** | **10%** |
| Ending | 8% | **10%** | |

*Í töflunni má sjá vægi eiginleika fyrir og eftir breytingu*

### *Erfðaframfarir í einstökum eiginleikum lækka framleiðslukostnað mjólkur*

Í niðurstöðum verkefnisins kemur fram að erfðaframfarir í einstökum eiginleikum lækka framleiðslukostnað mjólkur um 1,05 kr/l á ári sé valið eftir nýrri heildareinkunn eða um 150 milljónir króna á ári. Þessar tölur um árlegan sparnað miða við framleiðslukostnað á þeim tíma þegar áhrifanna er farið að gæta að fullu. Ef að skoða á ávinning af fjárfestingu í kynbótum núna þarf að taka tillit til þess tíma sem áhrifin eru að koma fram. Sé miðað við að kostnaður við kynbótastarf komi fram við sæðingu, ágóðinn þegar þeir gripir sem þá verða til koma til framleiðslu, 4% ávöxtunarkröfu og að starfið borgi sig upp á 15 árum má kynbótastarf með þeim árangri sem metinn er í verkefninu kosta 960 milljónir á ári hérlendis. Samkvæmt samningi um starfskilyrði nautgriparæktarinnar (2016) eru lagðar nálægt 196 milljónum króna í kynbótastarf árlega af hálfu hins opinbera. Því til viðbótar kemur framlag bænda sjálfra á formi til dæmis sæðingagjalda og kynbótaáætlana. Miðað við sömu forsendur mega aðgerðir sem skila aukinni framför upp á 0,1 stig í heildareinkunn kosta 69 milljónir. Því má ætla að kostnaðarsamar aðgerðir eins og upptaka erfðamengisúrvals borgi sig upp á fáum árum. Stærsti ávinningurinn af erfðamengisúrvali liggur í styttingu ættliðabils og þar með þeim tíma sem tekur að fá fjárfestingu í kynbótum endurgreidda. Sú fjárfesting skilar varanlegum og margföldum ávinningi, ekki síst ef horft er til lengri tíma.

Fagráð ákvað að fara að þeim tillögum sem lagðar eru til í verkefninu og breyta útreikningi á heildareinkunn. Segja má að því felist einnig ákveðin breyting á ræktunarmarkmiði nautgriparæktarinnar. Sú breyting sem koma mun til framkvæmda við næstu keyrslu á kynbótamati á að auka ávinning af ræktunarstarfi nautgriparæktarinnar í formi minni framleiðslukostnaðar, sem metinn er af höfundum skýrslunnar nálægt 150 milljónum króna á ári. Það er því ljóst að verulegan ábata er að sækja í erfðaframfarir eða sem nemur um 1 krónu á hvern framleiddan lítra mjólkur.

Í breytingunni felst að vægi á afurðum verður lækkað úr 44% í 36% auk þess sem samsetningu afurðaeinkunnar verður breytt á þann veg að fituafurðir fá 47% vægi, próteinafurðir 48% og próteinhlutfall 5%. Þannig mun afurðaeinkunnin endurspegla verðhlutföll verðefnanna auk þess sem próteinhlutfallið fær 5% vægi til þess að halda því jafnháu og nú er. Vægi annarra eiginleika mun breytast lítillega en stærsta breytingin verður sú að ending mun eingöngu koma inn í heildareinkunn nauta sem hafa reiknaða endingareinkunn.

Í töflunni hér fyrir ofan má sjá vægi eiginleika fyrir og eftir breytingu. Þessi breyting er mjög í takt við vilja kúabænda eins og fram kom hér að framan.

### *Allar breytingar hafa áhrif á val gripa*

Allar breytingar á heildareinkunn hafa áhrif á val gripa í ræktunarstarfinu. Með þessari breytingu munu þau naut sem eiga dætur sem mjólka fituríkri mjólk hækka í mati. Jafnframt kemur þessi breyting nautum sem skila okkur góðri júgur- og spenagerð ásamt mikilli endingu til góða. Við næstu keyrslu kynbótamats geta bændur því búist við því að sjá einhverjar breytingar í skrá yfir nautsmæður og efnilegar kvígur.

Rétt er að fram komi að þrátt fyrir að sú heildareinkunn sem nú verður tekin upp byggi í fyrsta skipti á mati á hagrænum gildum hinna einstöku eiginleika er breytingin ekki byltingarkennd. Heildareinkunnin sem unnið hefur verið með frá árinu 2005 er í töluverðum takti við hina nýju einkunn og þær breytingar sem gerðar hafa verið á henni gegnum tíðina hafa allar fært hana nær hinum hagrænu gildum eiginleikanna.

Við hvetjum kúabændur og aðra til að kynna sér skýrsluna sem finna má á heimasíðu RML á slóðinni *https://www.rml.is/static/files/Nautgriparaekt/Fagrad/verkefni/hagraent_vaegi_eiginleika_nautgriparaekt.pdf.*

**Hífi- og festingabúnaður**



- Vottaður hífi- og festingabúnaður
- Námskeið um notkun á hífibúnaði
- Skoðanir og eftirlit á hífibúnaði

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

**45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið**

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

20,4% á höfuðborgarsvæðinu
45,6% á landsbyggðinni
29,5% landsmanna lesa Bændablaðið

LESENDABÁS

# Minningarorð um Framleiðnisjóð landbúnaðarins



**Ég hef stundum skrifað nokkur minningarorð um horfna samferðamenn, þó aldrei fyrr en þeir hafa kvatt. Nú segir í fréttum að ríkisstjórnina með atbeina Alþingis langi til þess að gera eitthvað í málefnum landbúnaðarins: Hún hyggst leggja niður Framleiðnisjóð sem þar með mun hverfa úr tölu lifandi stofnana. Því verðskuldar sjóðurinn dálitla minningargrein byggða á nokkrum kynnum mínum af honum.**

Framleiðnisjóður var stofnaður árið 1966 og var angi af ýmsum umbótum sem unnið var að á Viðreisnarárunum svonefndu. Brýnt var talið að efla framleiðni landbúnaðar, bæði í hinum hefðbundna búrekstri sem og úrvinnslugreinum hans. Lagðir voru fram myndarlegir fjármunir sem beint var til vænlegra verkefna. Að stjórnarborði komu fulltrúar stjórnvalda og bænda svo tryggja mætti eðlileg samráð um verkefni. Sjálfur minnist ég þess frá fyrstu árum sjóðsins að hafa unnið að rannsóknaverkefnum hjá Bútæknideild Rala á Hvanneyri sem fjármögnuð voru af sjóðnum – verkefnum sem sneru að bættri heyverkun, sem þá var talin nauðsynjaverk.

### *Studdi hagræðingu og umbætur*

Framleiðnisjóður studdi hagræðingu og umbætur í afurðastöðvum bænda, bæði hvað snertir sláturhús og mjólkurbú. Þegar ný tækni við mjólkurmeðferð tók að breiðast út átti Framleiðnisjóður þátt í að létta mjólkurbrúsabaxi af bændafólki með stuðningi sínum við tankvæðinguna svonefndu. Voru það hvað fyrstu beinu kynnin sem bændafólk hafði af starfi Framleiðnisjóðs.

Um miðjan níunda áratuginn var gerð mikil breyting á framleiðsluumhverfi landbúnaðar. Meðal annars var umtalsverðum fjármunum sem áður höfðu farið til útflutningsbóta nú beint í Framleiðnisjóð sem skyldi með þeim leggja lið nauðsynlegum búháttabreytingum. Vitanlega sýndist sitt hverjum eins og jafnan þegar breytingar eru óumflýjanlegar. Víst er þó að sjóðurinn studdi marga bændur sem þá og síðar vildu skjóta nýjum og fleiri stoðum undir búrekstur sinn. Nýbúgreinarnar loðdýrarækt og fiskeldi reyndust ekki henta öllum, en mörg glæsilegustu ferðaþjónustubýli landsins í dag rekja sig til upphafs þar sem Framleiðnisjóður lagði dugandi og hugmyndaríku bændafólki fjárhagslegt lið. Hið sama á við glæsilega hestabúgarða víða um land að ekki sé gleymt smávirkjunum sem bændur tóku ýmist að endurnýja eða reisa nýjar um síðustu aldamót, og þykja nú spennandi kostur til orkuöflunar að stórvirkjunum kvöddum.

### *Árangursríkt starf Smáverkefnasjóðs*

Handverk í dreifðum byggðum naut sérstakrar athygli undir hatti Framleiðnisjóðs með árangursríku starfi Smáverkefnasjóðs hans. Stór og öflug fyrirtæki eins og t.d. Límtré Vírnet hf. er svo heitir í dag, fór af stað austur á Flúðum með myndarlegum stuðningi Framleiðnisjóðs og fyrirtækið ORF-líftækni naut hins sama með mikilvægu framlagi til ungra og hugmyndaríkra vísindamanna er það fyrirtæki sköpuðu.

Í útflutningi hesta stríddu menn við sumarexem erlendis svo illa horfði. Tilraunastöðin á Keldum og samstarfsaðilar hennar höfu rannsóknir með myndarlegu fjárframlagi sjóðsins og hafa nú unnið sleitulaust og við vaxandi athygli annarra sjóða og fagaðila svo nú er lausn vandans í augsýn.

Stuðningur við rannsóknaverkefni í þágu lands og landbúnaðar hefur alla tíð verið á verkefnalista Framleiðnisjóðs. Um tíma var þar höfð samvinna við Rannsóknaráð ríkisins um val verkefna og fjármögnun þeirra svo unnt var að sinna fleiri fyrsta flokks rannsóknaverkefnum. Og enn styður sjóðurinn slík verkefni, sbr. ársskýrslu hans fyrir árið 2018, og fyrri ársskýrslur sem lesa má á heimasíðu Framleiðnisjóðs. Væri of langt upp að telja, nefna má þó rannsóknir á kornrækt sem skapað hafa þeirri búgrein nýjan grundvöll hérlendis, sem og öðrum rannsókna- og þróunarverkefnum í jarðrækt og plöntukynbótum, sem og í búfjárrækt er stuðla að jöfnum og stöðugum framförum búgreinanna.

### *Hefur komið að ótrúlega mörgum verkefnum*

Þegar nánar er að gáð sést að Framleiðnisjóður hefur á æviskeiði sínu allt til þessa dags komið að ótrúlega mörgum verkefnum sem hafa átt eða eiga sinn þátt í að bera uppi atvinnu í byggðum landsins og að skapa fjölbreytileika í afurðum og þjónustu landbúnaðarins. Að þessu rituðu skal tvennt sérstaklega áréttað:

Í fyrsta lagi það að fjárhagslegur stuðningur Framleiðnisjóðs í hinum ýmsu verkefnum hefur sjaldnast numið tugum prósenta af heildarkostnaði þeirra. Þar hefur meira munað um dugnað þeirra sem fyrir verkum stóðu, vinnu þeirra og önnur framlög. En aurar Framleiðnisjóðs hafa verið og eru frumkvöðlum og athafnafólki hvatning og viðurkenning samfélagsins á því að það hafi verið að gera rétt.

Í öðru lagi það að við stjórnarborð Framleiðnisjóðs sitja og hafa setið fulltrúar ríkisvaldsins og stofnana þess annars vegar en samtaka bænda hins vegar. Með samráði þar um ráðstöfun fjármuna sjóðsins, sem jafnan hafa verið hluti af starfskjarasamningum bænda og ríkis, hefur mátt hafa veruleg áhrif á landbúnaðarstefnuna í reynd, ekki síst með verkefnum er stuðlað geta að nýsköpun svo og öflun og miðlun nýrrar þekkingar, sem samfélaginu er svo nauðsynleg.

Áður en Framleiðnisjóður verður borinn til grafar hvet ég bæði bændur og stjórnvöld til þess að gefa reynslu af hvetjandi starfi sjóðsins í áranna rás gaum en spyrja jafnframt hvort og hvernig stuðningur við margvísleg framfaramál landbúnaðarins verði tryggður nýr farvegur.

Starfsformin geta verið fleiri en eitt en tilgangi og starfi til stuðnings margvíslegra og vænlegra vaxtarsprota í síbreytilegu umhverfi má ekki glutra niður. Gerist það veri blessuð minning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

*Bjarni Guðmundsson*










VÉLABÁSINN

# Volkswagen T-Roc, ódýr, fjórhjóladrifinn og kraftmikill



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is




Volkswagen T-Roc Style. Myndir / HLJ

**Þegar ég prófaði Volkswagen T-Roc frá Heklu kom upp spurning um hvort maður ætti að segja að bíllinn væri jepplingur eða fjórhjóladrifinn fólksbíll. T-Rock er fáanlegur í nokkrum mismunandi útfærslum, ýmist með bensínvél eða dísilvél.**

Bíllinn sem ég prófaði var með 2,0 lítra dísilvél sem á að skila 150 hestöflum og kostar 4.890.000.

### *Útlitið eins, en fjórir mismunandi bílar*

Verðið á Volkswagen T-Roc Style er ódýrast frá 3.790.000 sem er beinskiptur 115 hestafla bensínbíll, en dýrastur af Style bílunum er 190 hestafla bensínbíllinn og kostar 5.290.000 (svo eru í boði Style+ og R-line sem eru dýrari útgáfur af Volkswagen T-Roc). Í Style bílnum er eins og í flestum nýjum bílum mikið lagt upp úr öryggi og er bíllinn m.a. með neyðarhemlunarbúnaði, vöktunarkerfi fyrir gangandi vegfarendur, akreinavari/lesari, ESC stöðugleikastýringu og ýmislegt fleira.

### *Prufuaksturinn í styttra lagi*

Til að kynnast bílum sem best hef ég reynt að keyra prufubíla helst ekki minna en 100 km, en sökum veðurs og anna var þessi prufuakstur rétt tæpir 70 km á mismunandi vegum.

Í innanbæjarakstri er bíllinn lipur og þægilegur í akstri og hentar vel við þröngar aðstæður, gott að leggja í stæði, en persónulega hefði ég viljað að hliðarspeglar mættu vera aðeins stærri til að fylgjast með umferð fyrir aftan bílinn.

Á malbiki er gott að keyra bílinn en samt fannst mér veghljóð á malbikuðum vegi vera fullmikið.

Á malarvegi er Volkswagen T-Roc bíll sem ég gef hærri einkunn en sambærilegum bílum fyrir lítið malarvegahljóð undir bílnum. Mjög dempað hljóð og greinilega vel hljóðeinangraður undirvagn. Einnig kom það mér á óvart hversu ákveðið má keyra bílinn í lausamöl án þess að skriðvörnin fari á. Maður var hreinlega hissa hvað mátti keyra bílinn hratt í gegnum beygju í lausamöl með fullt grip á hjólin án þess að skriðvörnin færi á.

### *Eyðsla, plúsar og einn mínus*

Allan prufuaksturinn var ég að skipta á milli vélarstillinga frá eco yfir í sport til að finna muninn á upptaki og akstri á mismunandi stillingum. Ég verð að viðurkenna að ég var ekki að taka neitt mikið á bílnum þ.e.a.s. lítið um botngjafir.

Samkvæmt aksturstölvunni var ég að eyða 6,5 lítrum á hundraðið á þessum tæpu 70 km sem ég ók á meðalhraða upp á 44 km. Mestan tímann var vélin stillt á sport þannig að ég var ekki mikið að hugsa um sparakstur. Ég get ekki verið annað en ánægður með eyðsluna þar sem í sölubæklingi er uppgefin meðaleyðsla í blönduðum akstri 6,8 l/100 km.

Það er gott að sitja í framsætunum, pláss gott og þá sérstaklega fyrir þá sem sitja í aftursætunum. Farangursrýmið er í samræmi við bílinn, en ég saknaði þess að sjá varadekk í þar til gerðu hólfi. Sennilega kem ég aldrei til með að sætta mig við varadekkslausa bíla, en það er eini mínusinn sem ég gef þessum bíl.

Lokaorðin, fjórhjóladrifinn bíll á góðu verði sem gott er að keyra. Ég einfaldlega get ekki ákveðið hvort ég kalla Volkswagen T-Roc fjórhjóladrifinn fólksbíl eða minnstu gerð af jepplingi.



Fínt pláss í aftursætunum og rými gott.



Baksýnisspeglarnir á hliðunum mættu vera stærri.




Það besta við bakkmyndavélarnar í VW er að linsan verður aldrei skítug.



Myndi halda að þetta hólf væri hannað fyrir varadekkið, en hvar er það?




Get ekki annað en verið montinn af því að vera undir uppgefinni eyðslu.




Undir vörumerkinu er augað fyrir linsuna fyrir bakkmyndavélina og þess vegna alltaf hrein mynd.

**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Þyngd | 1.990 kg |
| Hæð | 1.573 mm |
| Breidd | 1.819 mm |
| Lengd | 4.234 mm |

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Hvernig hefurðu það, er heilsan góð?




Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is


**Sennilega er ég sá penni sem síst ætti að vera að skrifa um heilsufar, óreglulegur svefn, reyki mína pípu, stunda áhættusport svo eitthvað sé nefnt. Þrátt fyrir ofantalið þá hef ég ekki verið rúmfastur nema einn dag síðastliðin tvö ár vegna veikinda.**

Vinna mín er töluvert erfiði og tel ég mig fá þar ágætis hreyfingu, en vissulega mætti ég hreyfa mig meira, hætta þessum reykingum og fara almennt fyrr að sofa á kvöldin. Það er of algengt að fólk borði of mikið miðað við hreyfingu og að úthald til erfiðisvinnu hjá Íslendingum er almennt of lítið.



**Þegar ég sá þarna í réttinni þetta litla atvik vakti það hjá mér hugsanir um að eflaust væru margir þarna ekki í neinu líkamlegu formi til að vinna erfiðisvinnu í marga klukkutíma. Þetta varð allavega til þess að ég áttaði mig á því að það er orðið nokkuð síðan að ég fór í allsherjar læknisskoðun.**

### *Var brugðið í réttunum fyrir skemmstu*

Eins og flest undanfarin ár þá hef ég farið í réttir til að reyna að gera gagn hjá vinahjónum mínum. Í þessari rétt finnst mér stundum vera fleira fólk en fé, sem er engan veginn rétt því að það fé sem í gegnum réttina fer er hátt í 20.000 hausar. Í ár var veðrið ekkert sérstakt og fannst mér vera erfiðara að eiga við féð en venjulega. Skýringin eflaust sú að ég er að eldast, en féð var líka erfitt á köflum.

Fullt af fólki, margar röskar hendur, dró féð í sundur, en í miðjum réttum sá ég mann sem greinilega hafði ofreynt sig í byrjun dags og virtist ekki vera alveg í lagi. Þegar ég ætlaði að ræða við hann sá ég konu hans vera fyrri til og tala við hann. Heyrði hana segja honum að hægja á sér því að hann vissi vel að heilsa sín væri ekki sú besta. Við þetta varð mér hugsað til sjálfs mín vitandi það að ég væri kannski aðeins að eldast og hægði á mér og hugsaði með sjálfum mér: Best að hlusta á þessa konu, þetta fé fer ekkert út úr réttinni þó að ég hægi aðeins á mér.

### *Hefur einhverjum dottið í hug hjartastuðtæki í réttarsjoppuna?*

Þegar ég sá þarna í réttinni þetta litla atvik vakti það hjá mér hugsanir um að eflaust væru margir þarna ekki í neinu líkamlegu formi til að vinna erfiðisvinnu í marga klukkutíma. Þetta varð allavega til þess að ég áttaði mig á því að það er orðið nokkuð síðan að ég fór í allsherjar læknisskoðun. Ekki nóg að skoða bílana og mótorhjólin árlega, ég þarf víst skoðun líka.

Eftir réttirnar varð mér hugsað til þess hvort einhverjir hugsi fyrir því að hafa góðan sjúkrakassa og hjartastuðtæki í sjoppunni á réttardag. Allavega hefði ég haldið að góður sjúkrakassi, sé hann til staðar í stóðréttum, væri eitthvað notaður. Þessar hugrenningar mínar eru kannski óþarfar og jafnvel óþarfi að vera nokkuð að minnast á þetta.

### *Munum að þakka fyrir erfiða vinnudaga og jafnvel verðlauna vel unnin störf*

Sá sem vanur er að vinna þá vinnu sem felst í að draga í sundur fé veit vel að þetta er erfiðisvinna. Í lok dags eru flestir þreyttir og jafnframt ánægðir með unnið dagsverk.

Í þessi nokkur ár sem ég reyni að hjálpa til er það ánægjunnar vegna, enda er þetta alltaf jafn gaman. Ofan á ánægju mína þá kunna vinahjón mín að þakka fyrir sig og eru þær þakkir bara bónus á ánægjuna.

Oft hefur mér fundist vinnuveitendur þakka vinnufólki of lítið vel unnin verk og of sjaldan er verið að hæla vinnufólki sem vinnur vel og er ötult í starfi. Það að vera að detta í sextugt hef ég unnið með fjölda manns og oftast sem verkamaður. Að sjá vinnufélaga sem verið er að hæla og verðlauna getur verið innspýting fyrir aðra og ánægja. Verðlaun, skemmtun, ferðalag eða góð máltíð eftir vel unnið starf eða starfstímabil (oft nefnt starfstörn) getur skipt sköpum fyrir marga.


45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið
Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.
Lestur Bændablaðsins:
BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI
20,4% á höfuðborgarsvæðinu
45,6% á landsbyggðinni
29,5% landsmanna lesa Bændablaðið
Bændablaðið Hvar auglýsir þú?
Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is



Allt fyrir matvælaiðnaðinn
- Vacumpokar
- Umbúðir
- Glerkrukkur
- Kjötnet og garnir
- Vélar og tæki
- Krydd og hjálparefni
- Hnífar og stál
- Hlífðarfatnaður
- Einnota fatnaður

NOKK
Áratuga reynsla í sölu á kryddum, hjálparefnum, umbúðum og vélum
NOKK ehf · Víkurhvarfi 5 · 203 Kópavogur · S: 533-5555 · www.nokk.is


## KROSSGÁTA Bændablaðsins



MYND: LÍNÉ1 (CC BY-SA 3.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 115 | TRIMMA | KRYDDBLANDA | ANGAR | TVEIR EINS | DANS | ■ | KANN | SJÁVARBOTN | UMTURNUN | GLÓÐA |
| | | | | ÞIL | | | | | | | | | | |
| | | | | HRÓPA | | | | | | Á FLÍK / GUFUHREINSA | | | | |
| | | | | MAÐK | | | | STAFIR / SNERILL | | | | | | |
| | | | | KROTI / MÁLHELTI | | | | | | | VEIÐARFÆRI / RUNNI | | | |
| ■ | | BAUN | NAFNGIFT / ÆTÍÐ | | | | | | JURT / TVEIR EINS | | | | | |
| FERMA | | | | | | RJÚKA | MEGIN / SKELDÝR | | | | | FRAMRÁS | JURT | SAMTÖK |
| EINSÖNGUR | | | | | VANSÆMD / AFHENDING | | | | | HLERI / TRÉ | | | | |
| TVEIR EINS | | | MAGN / KÁRNA | | | | | | SPILLA / BJÚGA | | | | | |
| STARFSGREIN | | | | ÍLÁT / HVÍLD | | | | ERGJA / VEFENGJA | | | | | | BIK |
| ■ | | FARVEGUR / ÁLITS | | | | MÖKK | | | | | KÆRLEIKUR / AÐRAKSTUR | | | |
| NIÐURLÆGJA | | | | | | MÁTTUR / TÆKIFÆRI | | | | VÖRUMERKI | | | FITA | |
| KRYDD | | | | | | | AUSTURÁLFA / ÓNEFNDUR | | | | | SKÓLI / REYNDAR | | |
| ÁN | | | | | GEGNA | | | | | GÁSKI | | | | |
| Í RÖÐ | | | ANDSPÆNIS | | | | | | LEIÐSLA | | | | | |

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



(MYND: BRAGI HALLDÓRSSON (CC BY 2.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 114 | STÆÐA | LEGGJA AF | STÖKUM | LISTAMAÐUR | FAÐMLAG | ■ | LOGA | RÍKI Í AFRÍKU | YNDIS | RÖÐ |
| | | | | SNYRTILEGUR | S | M | E | K | K | L | E | G | U | R |
| | | | | FYRIRBOÐI | T | E | I | K | N | STRIK / SETT | L | Í | N | U |
| | | | | BEITA | A | G | N | ROTNA / TOLLSVIK | Ú | L | D | N | A | N |
| | | | | PUÐRA / HNOÐ | F | R | U | S | S | A | ELLEGAR / LJÓSKER | E | Ð | A |
| ■ | F | HANDA | SKELLUR / TVEIR EINS | H | L | A | M | M | ÍLÁT / ÁTT | G | L | A | S | FUGL |
| JAFNOKI | J | A | F | N | I | POTA | HLEYPA / SMÁMJAKA | Y | S | T | A | ÁRSGAMALL | NÝLEGRI | Ö |
| JURT | A | R | F | I | GARGA / ANGAN | O | R | G | A | LINGEÐJA / TÍÐUM | M | E | Y | R |
| RÓMVERSK TALA | L | M | HEITI / KRYDDA | T | I | T | I | L | SKJÓLLAUS / UNGDÓMUR | O | P | I | N | N |
| TÆKIFÆRI | L | A | G | DRAUP / GOÐ | L | A | K | ÞJÁLFUN / PENINGAR | Æ | F | I | N | G | SJÚKDÓM |
| ■ | S | BORG / PRÍS | R | Ó | M | HVIÐA | K | A | S | T | HEIÐUR / HAGGA | Æ | R | A |
| HVER | H | V | A | Ð | A | Í VIÐBÓT / HVÍLD | A | U | K | KIRTILL / ÞUKL | B | R | I | S |
| FRÓÐUR | L | E | S | I | N | N | SAGGI / Í RÖÐ | R | A | K | I | Í RÖÐ | SRÍÐNI | T |
| RÍKI Í ARABÍU | Í | R | A | N | SVIF | Á | T | A | FRAMVEGIS | Á | F | R | A | M |
| TVEIR EINS | Ð | Ð | OFAN | N | I | Ð | U | R | SKORÐAÐA | F | A | S | T | A |


Bændablaðið
kemur næst út 10. október
Smáauglýsingar 56-30-300

## LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR

**Stóra-Ármót hefur verið í eigu Búnaðarsambands Suðurlands frá því 1979. Hér hefur verið rekið tilraunabú í nautgripparækt, lengst af í samstarfi við Bændaskólann á Hvanneyri, seinna LbhÍ.**

Búrekstur á Stóra-Ármóti er í höndum bústjóra og hafa Hilda og Höskuldur sinnt því starfi frá því í september 2001.

**Býli:** Stóra-Ármót.

**Staðsett í sveit:** Flóahreppur.

**Ábúendur:** Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Auk okkar hjóna þá eru það börnin 5; Helga Margrét, Hannes, Hólmar, Hallgerður og Hanna Dóra. Tíkarkjáninn Píla og meindýravarnirnar í fjósinu (lesist kettirnir) Ponta, Klói og Steypa.

**Stærð jarðar?** 650 ha.

**Gerð bús?** Blandaður búskapur.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Mjólkurkýrnar á búinu eru um 50 talsins og kvígur og kálfar í samræmi við það. Sauðfé um 145 hausar á vetrarfóðrum og svo eigum við prívat einhver 10 hross sem aðallega sjá um að hreinsa vegkanta og snyrta í kringum bæinn.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Fyrst og síðast morgna og kvöld eru fjósverkin og svo annað tilfallandi þar á milli.








**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Flest er skemmtilegt þegar vel gengur, hins vegar er alltaf leiðinlegt að þurfa að farga skepnum.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Með svipuðu sniði og nú er, hugsanlega aukin mjólkurframleiðsla til að fullnýta aðstöðuna sem er til staðar.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Þakklát þeim sem gefa sig í þá vinnu. Það er ekki alltaf öfundsvert hlutverk og sjaldnast að allir séu sáttir við það sem gert er.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Ef fólk áttar sig á því að við eigum að kaupa það sem framleitt er næst okkur þá vegnar honum vel.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Fyrst og fremst á að einblína á að uppfylla innanlandsmarkaðinn.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, lýsi og egg.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Sitt sýnist hverjum um það. Lambahryggurinn á jólunum ofarlega á blaði hjá flestum, yngri kynslóðin yfirleitt hamingjusöm með heimagerða pitsu og steiktur fiskur í raspi kemur líka sterkur inn.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Fjósbreytingarnar haustið 2017 voru skemmtilegar og gott þegar loksins tókst að hýsa kýrnar það árið. Eftirminnilegra hjá flestum fjölskyldumeðlimum er þó smalabrjálæði húsbóndans og annars sonarins þegar rekið var í fyrsta skipti inn í ný fjárhús 2015, enda fór fjarri því að blessuð sauðkindin vildi fara þangað sem ætlast var til.

## MATARKRÓKURINN

# Kjúklingur, kalkúnn og súkkulaði



**Bjarni Gunnar Kristinsson**
Matreiðslumeistari

**Kjúklingur er frábær fæða enda fara vinsældir hans sívaxandi. Kjúklingaréttir passa vel fyrir lífsstíl margra í dag, þar sem maturinn þarf að vera fljótlegur og hollur.**

Sérstaklega eru þeir hentugir þegar nýja haustgrænmetið er komið í verslanir og þá er lítið mál að slá upp hversdagsveislu.



### Ofnbökuð gljáð kjúklingalæri með nýjum hráum gulrótum

- 600 g kjúklingalæri
- 100 g nýjar gulrætur beint úr garðinum eða frá bónda
- salt og pipar

**Aðferð**

Steikið lærin í ofni við 160–170 gráður í 35–40 mínútur eða grillið ef það er enn við höndina.

Gott er að bera lærin fram með fersku salati og steiktum kartöflubátum – og hráum gulrótum sem gott er að dýfa í sýrðan rjóma með kryddjurtum með ögn af sítrónusafa. Líka hægt að nota sem sósu með kjúklingnum.

### Kalkúnabringur með maltgljáa og rósmarín

Ef margir eru í mat ætti að vera auðvelt að hægelda kalkúnabringu og svo brúna á grilli eða pönnu.

- 1 heil kalkúnabringa
- 1 lítil maltdós
- 1 hvítlaukur
- 1 grein rósmarín
- 20 g púðursykur
- 20 g sinnep
- olía
- salt og pipar

**Aðferð**

Blandið kryddleginum saman í poka; olíu, söxuðum hvítlauk, púðursykri, salti, pipar og sinnepi. Setjið til hliðar.

Færið kalkún í ofnfast fat og bakið við vægan hita þar til kjötmælir nær 65 gráðum, brúnið svo á pönnu eða undir grilli í ofni. Ef notað er grill skal grilla við vægan hita í um hálftíma eða þar til kalkúnninn er fulleldaður.

Penslið reglulega yfir kalkúninn með kryddleginum.



Gott getur verið að krydda aðeins betur með salti og pipar.

Ef mikill safi lekur niður er gott að setja álpappír undir kalkúninn svo kvikni ekki í veislunni.



### Súkkulaðikaka í formi

- 200 g dökkt hágæðasúkkulaði
- 1 egg
- 3 eggjarauður
- 175 g smjör
- 40 g sykur

Saxið súkkulaðið og hitið við vægan hita í örbylgjuofni eða yfir vatnsbaði. Bætið bræddu smjöri við og hrærið saman við einu eggi og svo einni rauðu ásamt sykri.

Bakið til dæmis í sílikonformi eða formi með smjörpappír við 180 gráður í 6–7 mínútur.

Gott að reiða fram með súkkulaðisósu og jafnvel vanilluís og íslenskum berjum eða þeyttum rjóma (stundum þarf að kæla súkkulaðið til að ná því úr forminu).

HANNYRÐAHORNIÐ

# Ljósmæðratuskan

**Ljósmæðrateppið hefur verið mjög vinsælt síðustu árin enda afskaplega fallegt teppi. Ég var svo hrifin af þessu mynstri að ég ákvað að yfirfæra það í tusku og finnst útkoman bara nokkuð vel heppnuð.**

**Garn:** Scheepjes Cotton 8 eða Scheepjes Sunkissed, 1 dokka, fæst hjá Handverkskúnst.

**Heklunál:** 3 mm

**Stærð tusku með kanti:** B 24 x L 22 cm.

**Skammstafanir:** Sl. – sleppa, L – lykkja, LL – loftlykkja, FP – fastapinni, ST – stuðull, LL-bil – loftlykkjubil.

Hekið 57 LL

**1. umf:** Heklið 1 ST í fjórðu LL frá nálinni (þessar 3 LL sem sleppt er teljast sem 1 ST), 1 ST í allar L. (54 ST)

**2.-3. umf:** Heklið 3 LL (telst sem 1 ST), 1 ST í næstu 53 L.

**4. umf:** Heklið 3 LL, 1 ST í næstu 14 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 38 L.





**5. umf:** Heklið 3 LL, 1 ST í næstu 35 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 3 L (líka LL-bil), 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 13 L.

**6. umf:** Heklið 3 LL, 1 ST í næstu 10 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 7 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 34 ST.

**7. umf:** Heklið 3 LL, 1 ST í næstu 31 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 4 L, 3 LL, sl. 3 L, 1 ST í næstu 4 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 9 L.

**8. umf:** Heklið 3 LL, 1 ST í næstu 6 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 4 L, 3 LL, sl. 2 ST, 1 FP í LL-BIL, 3 LL, sl. 2 ST, 1 ST í næstu 4 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 30 L.

**9. umf:** Heklið 3 LL, 1 ST í næstu 31 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 2 L, 2 ST í LL-BIL, 3 LL, sl. 1 FP, 2 ST í næsta LL-BIL, 1 ST í næstu 2 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 9 L.

**10 umf:** Heklið 3 LL, 1 ST í næstu 10 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 2 L, 3 ST í LL-BIL, 1 ST í næstu 2 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 34 L.

**11. umf:** Heklið 3 LL, 1 ST í næstu 35 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 3 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 13 L.

Endurtakið 4.-11. umf tvisvar sinnum til viðbótar.

**28. umf:** Heklið 3 LL, 1 ST í næstu 14 L, 1 LL, sl. 1 L, 1 ST í næstu 38 L.

**29.-31.** umf: Heklið 3 LL, 1 ST í næstu 53 L.

Heklið 1 umferð af FP í kringum tuskuna og heklið svo 1 umferð af krabbahekli.

Vona að ykkur líki tuskan jafn vel og okkur.

*Mæðgurnar í Handverkskúnst*

*www.garn.is*








Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook


Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 2 | | 6 | 5 | 7 | | 4 |
| | 6 | | | 2 | | 9 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | | | | | |
| | | | 2 | 3 | | | 4 | |
| 6 | 7 | | | | | | 9 | 3 |
| | 4 | | | 9 | 6 | | | |
| | | | | | 7 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 5 | 7 | | 1 | | | 2 | |
| 1 | | 9 | 4 | 5 | | 8 | | 6 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 2 | | 1 | 7 | 6 |
| | | 5 | 7 | 8 | | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | |
| 3 | 7 | | 6 | | 8 | | 5 | 2 |
| | 1 | 6 | | | | 4 | 8 | |
| 9 | 5 | | 4 | | 2 | | 3 | 1 |
| | | | 3 | | | 2 | | |
| | | | | 4 | 7 | 5 | | |
| 4 | 3 | 1 | | 9 | | 7 | | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 2 | | 6 | 4 | 8 | | 9 |
| | | | | 3 | 9 | | | |
| | 6 | | | | | | | |
| | | 7 | | 1 | | | 5 | |
| | | 1 | 6 | | 5 | 2 | | |
| | 2 | | | 9 | | 7 | | |
| | | | | | | | 7 | |
| | | | 3 | 5 | | | | |
| 5 | | 4 | 7 | 8 | | 1 | | 3 |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | | | 2 | | 5 |
| | | | | | 9 | | | |
| | | | 4 | 3 | | | | 9 |
| 3 | | | | 7 | | 1 | | |
| | | 7 | 1 | | 3 | 8 | | |
| | | 6 | | 5 | | | | 2 |
| 7 | | | | 8 | 4 | | | |
| | | | 6 | | | | | |
| 2 | | 5 | | | | | 8 | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Stefnir á atvinnumennsku í fótbolta

**Baldur Sindri er nýbyrjaður í Brekkubæjarskóla á Akranesi og finnst skemmtilegt í skólanum, bæði lærdómurinn sjálfur en ekki síður í frímínútum í góðum félagsskap.**

Honum finnst slátur besti maturinn um þessar stundir.



**Nafn:** Baldur Sindri Sigurðarson.

**Aldur:** Sex og hálfs árs.

**Stjörnumerki:** Fiskarnir.

**Búseta:** Akranes.

**Skóli:** Brekkó, Akranesi.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Frímó og læra í Sprota.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Kisa.

**Uppáhaldsmatur:** Slátur.

**Uppáhaldshljómsveit:** Aron Hannes.

**Uppáhaldskvikmynd:** Aulinn ég 2.

**Fyrsta minning þín?** Þegar við fórum í dýragarð í Þýskalandi og fengum að gefa fílunum epli og banana að borða.

